

1972-2012



FÉLAG LEIÐSÖGUMANNA

AFMÆLISRIT JÚNÍ 2012


40
ára



Feimni leiðsögumaðurinn sem varð forseti | Sumum finnst ég ákveðin – og tala fornmál!
„Segðu þeim EITTHVAÐ“ | Landinu virðing – Lífinu hlýja – Félag leiðsögumanna í 40 ár
Viðhald veganna er í stórhættu | Fréttir frá upplýsingamiðstöðvum landsins

Whale Watching

FROM REYKJAVIK



Whale-Watching Tour Duration: 3 hours

The tour includes a stop by Puffin Island 15th May - 20th August

	APR	MAY	JUN	JUL	AUG	SEPT	OCT	NOV-MAR
	08:55	08:55	08:55	08:55	08:55	08:55		
12:55	12:55	12:55	12:55	12:55	12:55	12:55	12:55	12:55
		16:55	16:55	16:55				

ADULTS: 47€ / 7.500 ISK

CHILDREN: 7-15 22€ / 3.500 ISK

CHILDREN: 0-6 FREE

Other Tours

Puffin Island Tours Duration: 1-1,5 hours

15th May - 20th August Every day
10:00 | 12:00 | 14:00

ADULTS: 3.800 ISK • **CHILDREN:** 1.900 ISK • **CHILDREN:** 0-6 FREE

Sea Angling and Grill Duration: 3 hours

May - September Every day
17:00

ADULTS: 10.500 ISK • **CHILDREN:** 5.000 ISK • **CHILDREN:** 0-6 FREE

WHERE THE BIG THINGS HAPPEN

- ✓ More comfort
- ✓ Larger viewing decks
- ✓ Bigger windows
- ✓ Guided tours

LIFE OF WHALES



BOOKINGS TEL:+354-562 2300
TEL:+354-897 8433



Félag leiðsögumanna 40 ára

Leiðsögumenn eru andlit þjóða sem ferðamenn sækja heim. Mikil breyting hefur orðið á leiðsögustarfinu á undanföllum áratugum; frá því að vera einföld fylgd um landsvæði þar sem leiðsögumaðurinn var oftast mállaus á þá tungu sem ferðamennirnir töluðu. Þeir vissu hvað þeir vildu sjá og gera en síður hvernig komast mátti á vettvang. Snemma á síðustu öld fór að bera oft á þeim óskum ferðamanna að fá með sér fararstjóra sem töluðu mál ferðamanna. Tungumálakunnátta var ekki eins almenn og nú er og því voru slíkir leiðsögumenn dýrmætir og oft vel launaðir fyrir það eitt að tala tungumál ferðamannsins vel.

Gríðarleg breyting hefur orðið á leiðsögustarfinu og í dag er ekkert fengið með tungumálakunnáttunni einni saman. Ferðafjölbreytni er mikil og sérhæfing leiðsögumanna að verða sýnilegri. Leiðsöguskólarnir sem hér eru starfræktir þurfa að halda í við þróunina á markaðnum og bjóða upp á nám sem er aðlagð nútímanum. Þá þurfa þeir að bjóða starfandi leiðsögumönnum upp á fjölbreytt endurhæfingarnámskeið, því það er alltaf hætt á að leiðsögumenn eins og aðrir staðni í starfi. Æskilegt væri að allir skólarnir byðu upp á fjarnám fyrir landsbyggðarfólk og aðra sem vildu nýta sér það, bæði hvað varðar grunnnám og endurhæfingarnám. Allt þetta skapar stéttinni virðingu og traust og ætti að vera skref í þá átt að starf okkar verði lögverndað og engir aðrir en faglærðir leiðsögumenn leiðsegðu á Íslandi.

Félagið okkar er bæði stéttarfélag og fagfélag og við eflingu þess og styrkingu þarf að líta til beggja átta. Til að ná árangri á þessum sviðum þurfum við að standa saman því án þess náum við engum árangri, hvorki á sviði kjaramála né menntunarmála. Kjaramál leiðsögumanna voru kveikjan að stofnun félags okkar fyrir 40 árum og þrátt fyrir að eitt og annað hafi áunnist í þeim eignum er enn mikið verk að vinna á þeim vettvangi svo að launakjör okkar geti talist viðunandi.

Með frumvarpi um breytingu á lögum um skipan ferðamála hillir undir að við sitjum við sama borð og aðrir hér á landi sem starfa að ferðamálum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fulltrúi Félags leiðsögumanna eigi sæti í svokölluðum samráðsveitvangi um ferðamál sem kemur í stað Ferðamálaráðs. Á þessum tímamótum heiti ég á félagsmenn að fylkja sér að baki félaginu og vinna að eflingu þess og vexti bæði inn á við og út á við, og þannig getum við í sameiningu lagt lóð á vogarskálarnir til framþróunar ferðapjónustu á Íslandi.

Hjalti Þór Björnsson, *formaður Félags leiðsögumanna*



Ritstjórapistill

Það hefur verið gaman að vinna efni í afmælisrit Félags leiðsögumanna en um leið mikil vinna, eins og alltaf þegar ráðist er í útgáfu. Til að gera sögunni góð skil var ákveðið að ræða við nokkra stofnfélaga og að vel færi á því að stikla á stóru í starfi félagsins á þessum tímamótum. Kafa þurfti í gömul gögn, einkum félagsblöðin, en þar leynist ómetanlegur fjársjóður sem nýta þurfti betur en tími og tækifæri gafst til fyrir afmælisritið. Félagsblöðin þurftu að vera öllum aðgengileg á netinu. Við lesturinn kom fljótt í ljós að óslitinn rauður þráður allt í gegnum söguna er barátta leiðsögumanna fyrir lögverndun á starfsréttindum sínum – og stendur sú barátta enn. Aftur á móti hefur starf leiðsögumanna skipa og hreindýraveiðimanna verið lögverndað! Annar augljós þráður er baráttan fyrir betri launakjörum og svo vinnan við að sjá til þess að menntun leiðsögumanna væri ætíð eins og best væri á kosið.

Annað sem kemur greinilega fram, þegar rýnt er í söguna og í daglegu starfi leiðsögumanns, er að stéttin hefur sérstaklega fjölbreyttan bakgrunn og mikla reynslu á mörgum sviðum. Þetta hefur leitt til þess að leiðsögumenn eru samfélag fólks þar sem hver og einn er með sterkar skoðanir á öllu milli himins og jarðar, í stað samfélags þar sem menn eru nokkuð sammála um aðalatriðin. Allir vita að slíkt kann ekki góðri lukku að stýra þegar vinna á að sameiginlegum hagsmunamálum og spurning hvort þessi ósamstaða í árunna rás hafi ekki hindrað okkur í að fá betri launakjör en raun ber vitni? Baráttuandinn sem einkenndi félagsstarfið í upphafi er nú ekki alveg jafn augljós en við vitum að hann er þarna ennþá. Ekki veitir af því ef svo fer sem horfir í ferðapjónustunni mun hún ekki gera annað en eflast, og m.a. má hér í blaðinu sjá upplýsingar um brot af því sem nú er að gerast, og Félag leiðsögumanna á að vera sjálfsagður samstarfsaðili í öllu sem snýr að ferðapjónustunni.

Öllum sem aðstoðuðu við gerð þessa afmælisrits eru færðar hjartans þakkir fyrir. Öllum leiðsögumönnum er óskað til hamingju með 40 ára afmæli félagsins síns og þess er vænst að þeir njóti efnis afmælisblaðsins og að afmælisárið verði þeim gleðilegt og gjöfult.

Bryndís Kristjánsdóttir, *ritstjóri og leiðsögumaður*



Ljósmynd: Valdimar Leifsson

Efnisyfirlit

Ritstjórapistill	3
Frá formanni Félags leiðsögumanna	3
Sumum fannst ég ákveðin og ströng – Birna G. Bjarnleifsdóttir	6
Landinu virðing – Lífinu hlýja – Stiklað á stóru í starfi félagsins	10
Fréttir frá upplýsingamiðstöð Vestfjarða	26
„Segðu þeim eitthvað“ – Kristján Arngrímsson	28
Fréttir frá upplýsingamiðstöð Austurlands	32
Hlédrægur leiðsögumaður varð forseti – Vigdís Finnbogadóttir	35
Fréttir frá upplýsingamiðstöð Reykjavíkur	40
Hér er svo margt að sjá.	41
Landnám á forsendum upplýsingar – Marion Lerner.	42
Fréttir frá upplýsingamiðstöð Vesturlands.	44
Maðkarnir látnir hreinsa fiðrið – um fylinn í Mýrdalnum.	46
Fréttir frá upplýsingamiðstöð Norðurlands.	48
Hvers vegna erum við leiðsögumenn?	
– Roland Assier, Bryndís Ósk Björnsdóttir og Ásta Sigurðardóttir	51
Viðhald veganna er í stórhættu – G. Pétur Matthíasson	56
Fréttir frá upplýsingamiðstöð Suðurlands	58
Félagatalið – leiðbeiningar um notkun	59
Gamla höfnin í Reykjavík	60
Innihald sjúkrakassa	60
Þá heyrast allir – um hátalaravesti.	61
Fréttir frá upplýsingamiðstöð Reykjaness.	62
Til gagns og gamans fyrir leiðsögumenn	64
Vorferð 1982.	63
Síðareglur leiðsögumanna	66
Félag leiðsögumanna 40 ára – Afmælis dagskrá.	66



Afmælisrit Félags leiðsögumanna, júní 2012

Útgefandi: Félag leiðsögumanna, Mörkinni 6, 108 Reykjavík, sími: 588 8670

Ritnefnd: Bryndís Kristjánsdóttir ritstjóri, Kári Jónasson ritnefnd Félags leiðsögumanna, Vilborg Anna Björnsdóttir stjórn Félags leiðsögumanna

Blaðamenn: Bryndís Kristjánsdóttir, Kári Jónasson, Helgi Jón Davíðsson, Stefán Helgi Valsson

Prófarkalestur: Hildur Finnisdóttir

Hönnun og umbrot: Vilborg Anna Björnsdóttir

Forsíðumynd: Ragnar Th. Sigurðsson

Ljósmyndarar: Ragnar Th. Sigurðsson, Þórdís Ágústsdóttir, Valdimar Leifsson, Kári Jónasson, Vilborg Anna Björnsdóttir, Helgi Jón Davíðsson o.fl.

Auglýsingastjóri: Bylgja B. Sigþórsdóttir

Prentun: Prentmet

Öll réttindi áskilin©

GEYSIR

Íslenzk framleiðsla – íslenzkt hráefni

– Verið hjartanlega velkomin í verzanir okkar. –
Geysir Skólavörðustíg 16, Geysir Akureyri og Geysir Haukadal.
Sími 519 6000. www.geysir.net



GEYSIR





Ljósmynd: Stefán Helgi Valsón

Sumum fannst ég ákveðin og ströng – og tala fornómál!

Nafn Birnu G. Bjarnleifsdóttur þekkjast fjölmargir, sem starfa innan ferðageirans, því hún er ein af frumkvöðlunum meðal leiðsögumanna og varðandi menntun þeirra og vel þekkt á þeim vettvangi.

Ég heimsótti Birnu þar sem hún býr í Árskógum í Reykjavík með gott útsýni í margar áttir, einkum í átt að Akrafjalli og Esju og nálægum fjöllum. Ekki síst vill hún benda mér á Gunnlaugs-skard, sem hún horfir á oft á dag en hefur ekki getað fundið hvers vegna það heitir svo. Það var mikil vetrarfergur sem blasti við þetta síðdegi í fyrrihluta desember úr íbúðinni hennar en hún hefur búið í Breiðholti síðan 1969.

Hvernig bar það til að þú gerðist leiðsögumaður? spyr ég Birnu fyrst.

— Forsagan er sú að rétt áður en ég lauk Verslunarskólaprófi vorið 1953 barst skólanum bréf frá nokkrum fyrirtækjum þar sem okkur nemendum var boðið að sækja um vinnu, a.m.k. það sumarið. Ég þáði það boð og fékk svo vinnu á skrifstofunni hjá H. Ben. við Tryggvagötu. Reyndar hafði ég í nokkur sumur á undan unnið við gestamóttöku á hótelum, t.d. á Nýja-Garði. En þarna á skrifstofu H. Ben. sá ég oft út um gluggann þegar fjöldi ferðamanna kom í land á léttabátum frá stórum skemmtiferðaskipum sem lágu á ytri höfninni. Þegar ég hafði svo nokkrum sinnum séð auglýst í blöðunum námskeið fyrir leiðsögumenn ferðamanna sló ég til og fór á námskeið sem Ferðaskrifstofa ríkisins hélt í Menntaskólanum í Reykjavík árið 1965.

Ég fór þó ekki strax að vinna sem leiðsögumaður og fór því aftur á námskeið hjá Ferðaskrifstofu ríkisins árið 1969, sem þá var haldið í Stofnun Árna Magnússonar rétt hjá Háskóla Íslands. Um-sjónarmenn voru Vigdís Finnbogadóttir, síðar forseti Íslands, Björn Þorsteinsson sagnfræðingur og Ásta Stefánsdóttir frönskukennari. Fljótlega eftir það fór ég svo að vinna sem leiðsögumaður, aðallega hjá Kynnisferðum en einnig nokkrum öðrum ferðaskrifstofum. Fór þó nær eingöngu í dagsferðir þar sem ég taldi að ég ætti að annast fjölskylduna, bæði börn og eigimann.

Ein af fyrstu ferðunum, sem ég fór í sem leiðsögumaður var með hóp farþega frá Norðurlöndunum og fór ég með þá í hringferð að Gullfossi og Geysi. Margar rútur voru á brottfararstaðnum svo ég spurði konu frá viðkomandi ferðaskrifstofu í hvaða rútu ég ætti að vera. Þegar ég fór í rútna, sem hún benti mér á, kom í ljós að allir farþegarnir voru finnskir. Ég fór aftur út og sagði starfskonunni að ég talaði ekki finnsku. Hún sagði þá að það hlyti einhver í hópnum að kunna ensku og gæti þá túlkað fyrir mig. Loksins fann ég eina konu sem sagðist kunna svolítið í ensku en í ferðinni heyrði ég að sumir farþeganna töldu að hún væri ekki að

túlka rétt. Í lokin kvaddi ég þau svo með eina finnska orðinu sem ég kunní = Kiitos.

Mér fannst leiðsögustarfið mjög áhugavert og man hvað sumt kom mér skemmtilega á óvart. Ég man t.d. eftir þegar ég var með hóp frá Bandaríkjunum og sagði þeim frá bandarísku geimförunum sem höfðu æft sig fyrir norðan. Þá sagði ein konan í hópnum að sonur sinn hefði verið einn af þeim. Einu sinni var ég líka með hóp frá Norðurlöndum og þegar við ókum fram hjá Hlíð í Hrunamannahreppi sagði ég farþegunum frá Fjalla Eyvindi. Þá kom í ljós að ein kona í hópnum hafði leikið Höllu í kvikmynd sem sænski kvikmyndaleikstjórinn Victor Sjöström gerði árið 1918 eftir leikriti Jóhanns Sigurjónssonar.

Þú varst meðal stofnenda Félags leiðsögumanna 1972.

— Já, ég var á stofnfundinum 6. júní það ár og hann var haldinn í litlum „sal“ á Hótel Loftleiðum (eins og það hét þá). Ég veit ekki um tilgang eða ástæðu þess að félagið var stofnað, en þeir sem unnu að undirbúningi stofnunar félagsins voru Kristján Arngrímsson og Jón Þ. Þór, sem unnu báðir sem leiðsögumenn hjá Kynnisferðum. Þeir virtust þó hvorugir gefa kost á sér í



SOUVENIR SHOP

FAMILY BUSINESS FOR 50 YEARS



THE VIKING

FAMILY BUSINESS FOR 50 YEARS

THE VIKING : INFO

Laugavegur 1 • Reykjavík • 581 1250
Hafnarstræti 3 • Reykjavík • 551 1250
Hafnarstræti 104 • Akureyri • 461 5551
Aðalstræti 27 • Ísafjörður • 456 5552

email: info@theviking.is

www.theviking.is





Birna var fagstjóri Leidsöguskóla Íslands 1976-2002. Hér er hún með útskriftarnemum árið 1999.

formannssætið en Bjarni Bjarnason kennari var hinsvegar kosinn fyrsti formaður félagsins. Ég held að á stofnfundinum hafi verið u.þ.b. 27 leiðsögumenn og margir þeirra höfðu farið á leiðsögunámskeið hjá Ferðaskrifstofu ríkisins, en aðrir höfðu stundað háskólanám í ýmsum fræðum. Á þessum tíma voru leiðsögumenn venjulega kallaðir „túlkar“, stundum „gædar“ eða „fararstjórar“, en smám saman „leiðsögumenn“. Nú er líka farið að tala um „hópstjóra“ og ég veit að almenningur gerir sér alls enga grein fyrir mismuninum á þessum starfsheitum.

Hvað með menntun leiðsögumanna á þessum tíma?

— Eftir stofnun FL reyndum við að finna út hvenær fyrsta námskeiðið fyrir leiðsögumenn hefði verið haldið hér á landi en elsta skirtein-ið sem ég fann var frá 1960. Tilgangur okkar var að fá fleiri félagsmenn og aðstoða þannig ferðaskrifstofur við að fá sérmenntaða leiðsögumenn til starfa. Árið 1976 var talið æskilegt að leiðsögunámskeiðin væru ekki haldin af einni ákveðinni ferðaskrifstofu og var því ákveðið að Ferðamálaráð Íslands héldi þau. Ég var þá fulltrúi í ráðinu og var beðin að sjá um leiðsögunámið á Íslandi þar sem ég hafði bakgrunn þaðan. Fyrst fékk ég að nota húsnæði á lóð hjá Háskóla Íslands en fljótlega kom að því að það húsnæði fékkst ekki lengur. Ég spurði þá hvort Háskólinn vildi ekki bara taka að sér þetta nám en var sagt að það félli ekki að kennsluháttum í Háskólanum þar sem kennslan þar væri yfirleitt afmörkuð við ákveðnar greinar. Í leiðsögunáminu var hins vegar um að ræða margar greinar, eins og jarðfræði, bókmenntir, Íslands-sögu og tungumál, svo að dæmi séu tekin.

Nokkru síðar sá ég í fjölmiðlum að setja ætti á fót sérstakt ferðamálanám við Menntaskólann í Kópavogi. Ég hafði samband við skólameistarann, Ingólf A. Þorkelsson, og honum leist vel á að leiðsögunámið færi fram í MK, enda einmitt að undirbúa kennslu um ferðamál sem átti að byrja þá um haustið í MK. Hann spurði hvort ég gæti aðstoðað hann við undirbúninginn. Ég fann nokkra aðila sem höfðu sótt ferðamálanám erlendis og fékk þá til að kynna nám sitt. Ég sá aðeins um þessa fyrstu kynningu, en það varð upphafið að námi sem nú kallast Ferðamálastólinn við MK.

ÆTT OG UPPRUNI

Birna G. Bjarnleifsdóttir er Vestfirðingur að uppruna, fædd á Ísafirði árið 1934. Hún lauk landsprófi frá Gagnfræðaskóla Ísafjarðar vorið 1949, flutti suður um haustið og lauk verslunarprófi frá Ví vorið 1953. Tengslin við leiðsögumannsstarfið hófust þegar hún fór á leiðsög-unámskeið Ferðaskrifstofu ríkisins. Þaðan lauk hún prófum, fyrst 1965 og síðan 1969, og hóf eftir það starf sem leiðsögumaður ferðamanna. Erlendis hefur Birna sótt námskeið og ráðstefnur um leiðsögumál sem erlend samtök leiðsögumanna hafa haldið. Hún var forstöðumaður Leidsöguskóla Ferðamálaráðs 1976-1991 og síðan fagstjóri Leidsögu-skóla Íslands í MK frá þeim tíma til 2002. Hún var formaður Félags leiðsögumanna 1973-1979, auk þess að gegna ýmsum öðrum trúnaðarstörfum fyrir félagið.

Birna vann sem dagskrárgerðarmaður hjá Ríkisútvarpinu um tíma og var þá með útvarpsþætti um ferðamál. Hún tók saman margs konar fróðleik fyrir nemendur í Leidsöguskólanum, t.d. Leidsaga 1 og Leidsaga 2 og rekur Bókautgáfuna Sögu sem m.a. gaf út Handbók leiðsögumanna. Síðustu árin hefur Birna safnað fróðleik um Breiðholtið (t.d. um torfbæinn gamla) og hlaut fyrir það viðurkenningu á Breiðholtsdög-unum árið 2009.

Leiðsögukennslan var hins vegar óbreytt um haustið þegar námið fluttist í Kópavog. Smám saman bættist ýmislegt við, t.d. þegar ferðaskrifstofurnar fóru að bjóða nýjar og lengri ferðir. Einnig fóru skemmtiferðaskipin að heimsækja

önnur landsvæði svo að Leiðsöguskólinn fór að bjóða upp á svæðisnámskeið fyrir leiðsögumenn. Síðan voru þau haldin í flestum lands-hlutum. Fyrst fóru allir í „kjarnann“ en gátu svo valið sitt eigið landsvæði. Þarna í MK var góð kennsluástaða og t.d. var hægt að hafa æf-ingatíma í mörgum kennslustofum sama kvöld-ið fyrir nemendur með mismunandi tungumál.

Hvernig finnst þér svo hafa til tekist með menntun leiðsögumanna?

— Þótt leiðsögunámið færi nú fram í húsnæði menntaskóla breytti það ekki inntökukröfunum. Nemendur þurftu að hafa lokið stúdentsprófi áður en kennslan hófst. Sumir misskildu þetta, jafnvel forstöðumenn MK, svo að ég fór í þá vinnu að reyna að fá námið opinberlega viður-kennt af menntamálaráðuneytinu. Það tók lang-an tíma og fór á milli margra ráðuneyta en loks-ins fékkst það viðurkennt og er skilgreint sem „nám eftir framhaldsskóla“. Mér fannst leiðsög-unemendur í skólanum í Kópavogi vera jákvæðir og áhugasamir en ég veit að sumum fannst ég vera ákveðin, ströng og tala formál! Mér fannst hins vegar afar einkennilegt þegar ákveðinn ferðaskrifstofueigandi stofnaði eða tengdist leiðsöguskóla á Bildshöfða þar sem engin inn-tökupróf voru tekin, engar vettvangsferðir farnar og ýmislegt annað undanskilið. Mér fannst það ekki sýna metnað í verki en kennslan hefur víst breyst til betri vegar. Síðar hófst líka leiðsög-unám hjá Endurmenntun Há-skóla Íslands sem mér skilst að sé mjög fagmannlegt.

Hvað svo um þróun mála varðandi leiðsögumenn?

— Fyrst eftir stofnun félagsins fóru leiðsögumenn að hittast oft og uppgötvuðu þá að ferðaskrifstofurnar greiddu mis-jöfn laun. Þegar við fórum fram á að þau yrðu samræmd var okkur sagt að það væri ekki hægt af því að við værum ekki í ASÍ. Þegar við svo höfðum samband við Alþýðusambandið var okkur neitað um inngöngu vegna þess að starf leiðsögumanna væri ekki viðurkennt sem alvöru starf! Félagið fékk svo inngöngu í ASÍ fyrir nokkrum árum.

Annað mál vil ég nefna. Við komumst líka fljótlega að því að víða erlendis máttu íslenskir leiðsögumenn ekki fara með íslenska hópa sína um ákveðin svæði eða inn á ákveðin söfn. Það mátti aðeins heimafólk gera. Stjórn félagsins fannst því aðkallandi að fá viðurkenningu á starfsréttindum okkar hér m.a. með það í huga að erlendir fararstjórar (hópstjórar) gætu ekki unnið hér sem leiðsögumenn. Þá fórum við að kalla slíka



fararstjóra „hópstjóra“. Ég hef ávallt haft þá trú og von að „faglærðir leiðsögumenn“ gætu sagt erlendum farþegum sínum eitthvað fleira en „You must fuck the river after me“ og að á Íslandi sé „frjálst kynlíf“. Þetta voru t.d. aðalfréttir heimsins eftir leiðtogafundinn í Höfða.

Protlaust starf mitt var að engu metið

En baráttan um fagréttindi hefur verið hörd í áranna rás, ekki síst þegar gerð var alveg hrikaleg og óskiljanleg breyting á félaginu fyrir nokkrum árum þannig að allir, sem þess óskuðu, gátu gengið í Félag leiðsögumanna þótt þeir hefðu aldrei farið í leiðsögunám. Einnig burtséð frá því hvort leiðsögunám þeirra hefði verið samþykkt af viðkomandi ráðuneyti. Á einum félagsfundinum, þar sem þessi lagabreyting var rædd, mátti stór hluti félagsmanna ekki taka til máls fyrr en eftir að breytingin hafði tekið gildi. Ég mátti t.d. ekki taka til máls fyrr en undir liðnum „önnur mál“. Þetta gat ég ekki skilið öðruvísi en að aldarfjórðungs starf mitt við umsjón leiðsögukennslu hefði verið gert að engu. Protlaust starf mitt var að engu metið hjá Félagi leiðsögumanna. Ég taldi því ekki líklegt að félagið hefði áhuga á að fá starfsréttindi viðurkennd eða lögleidd. Enda hefur lítið sem ekkert heyrst um það frá félagsmönnum eða stjórnarfólki síðustu árin. Fyrir nokkrum árum ræddi fagmenntaður leiðsögumaður (þá alþingismaður) um fagmenntun leiðsögumanna en stjórn FL gerði ekkert. Ég hef líka frétt að fyrir fáeinum árum hafi landsfundur sjálfstæðismanna samþykkt eftirfarandi: „**Tryggja þarf lögverndun starfsheitis leiðsögumanna og annarra sem sótt hafa sérmenntun til að gegna afmörkuðum störfum í ferðaþjónustu.**“ Mér skilst að þessi samþykkt hafi verið send Félagi leiðsögumanna en aldrei neitt heyrst frá félaginu, enda var innganga í félagið þá opin öllum.

Hvernig líst Birnu svo á að hingað komi ein milljón ferðamanna árlega?

— Auðvitað hljóta leiðsögumenn að fagna því að ferðamönnum fjölgi hér á landi og að arðurinn falli okkar í skaut; að við, og aðrir íslenskir ferðaþjónustuaðilar, fáum þann hagnað sem atvinnugreinin ferðaþjónusta gefur af sér. Til dæmis íslenskar ferðaskrifstofur, fagmenntaðir leiðsögumenn, rútúteigendur, bílstjórar o.fl. og

að íslenskt starfsfólk fái atvinnu á hótélum hér á landi. Ganga þarf eftir því að fagmenntun leiðsögumanna verði opinberlega viðurkennd. Mér sýnist að núna sé verið að vinna að öryggismálum á þeim stöðum sem ferðamenn heimsækja en það þarf einnig að huga að umhverfisvernd, hvort ferðamannastaðirnir þola aukinn fjölda ferðamanna og fleira í þeim dúr. ■

Gönguferðin þín er á utivist.is

Skodaðu ferðir á utivist.is

ÚTIVIST



Ljósmynd: © Ragnar Th. Sigurðsson

Landinu virðing – Lífinu hlýja

– stiklað á stóru í starfi Félags leiðsögumanna í 40 ár

40 ár eru liðin frá stofnun Félags leiðsögumanna og því ærin ástæða til að líta yfir farinn veg. Þegar blaðið er í gegnum gömul eintök af Félagsblaði Félags leiðsögumanna, og önnur gömul gögn félagsins, lesinn fréttaflutningur af starfi leiðsögumanna í árunna rás og á annan hátt reynt að kynna sér starf félagsins kemur margt fróðlegt og skemmtilegt í ljós — en líka ýmislegt sorglegt. Eftir þann lestur er ekki annað hægt en að vera þakklátur frumherjunum og

fyllast um leið aðdáun yfir þrautseigju þess, dugnaði og ósérhlífni. Birna G. Bjarnleifsdóttir var einn stofnfélaganna og hafði umsjón með Félagsblaðinu um árabíl. Hún hefur haldið skrifum sínum áfram allt fram á þennan dag og því má, að öllum öðrum ólöstuðum, segja að Birna hafi átt einn stærstan þátt í miðlun fréttu og fróðleiks af starfi félagsins í þessi 40 ár. Ritnefndir á hverjum tíma eiga að sjálfsgöðu einnig miklar þakkir skyldar fyrir sín störf.

Við þessa samantekt hefur verið stuðst við vinnu þessa fólks en af svo miklu er að taka að afar erfitt var að velja og hafna. Óneitanlega fá fyrstu starfsárin meira vægi en önnur enda fór þá fram mesta vinnan við mótun félagsins og barátta fyrir réttindum félagsmanna. Greinarhöfundur vonar að samantektin veiti nokkra innsýn í starf félagsins og að hún vekji góðar minningar hjá þeim sem staðið hafa vaktina öll þessi ár.

Hjartanlega til hamingju með 40 ára afmælið



Starf leiðsögumanna er mikilvægur þáttur í starfsemi fyrirtækisins og hafa viðskiptavinir okkar notið góðs af fagmennsku þeirra og þekkingu.

Hlökkum til áframhaldandi góðs samstarfs.



**Reykjavik
Excursions**
KYNNISFERÐIR





Ljósmynd: Vilborg Anna Bjarnsdóttir

1972

Upphafið

Stofnfundur Félags leiðsögumanna fór fram á Hótel Loftleiðum 6. júní 1972. Á fundinn mætti góður hópur leiðsögumanna en nöfn stofnfélaganna eru birt hér á síðunni. Um aðdragandann að stofnun félagsins og fyrstu viðbrögð hagsmunaaðila við því segir Birna G. Bjarnleifsdóttir:

Þar kom snemma sumars 1972 að nokkrir leiðsögumenn undirbyggju stofnfund félags leiðsögumanna undir handleiðslu Kristjáns Arngrímssonar, sem er einn af fáum, ef ekki eini íslenski leiðsögumaðurinn, er hefur leiðsögn að aðalstarfi allt árið. Hann spurði mig hvernig mér litist á þá hugmynd að leiðsögumenn stofnuðu með sér samtök. Mér leist strax vel á það og hafði reyndar oft hugsað með mér að mikil þörf væri á slíkum samtökum. Hann sagði mér að hann og Jón Þ. Þór hefðu rætt þessa hugmynd og ætluðu að kanna jarðveginn hjá leiðsögumönnum sem ynnu hjá öðrum ferðaskrifstofum.

Á þessum tíma var t.d. óljóst hvort leiðsögumenn væru slysatryggðir við störf, ekki var greitt í orlof og engar lífeyrissjóðsgreiðslur. Þetta bitnaði að sjálfsögðu mest á þeim sem störfuðu við leiðsögu stærstan hluta ársins. Einnig fannst þeim að of oft væri ráðið fólk sem ekkert erindi átti í leiðsögustarf. Það var því bæði verið að hugsa um að bæta gæðin og vinna að réttindamálum.

Á þeim fundum sem ég fór á með Kristjáni og Jóni kom í ljós að þeir sem störfuðu hjá öðrum ferðaskrifstofu ríkisins, virtust ekki hafa mikinn áhuga á að stofnað yrði hagsmunafélag. Þeir voru hlynntari því að stofna óformlegan klúbb þar sem fólk gæti hist og spjallað saman.

Félag leiðsögumanna samþykkti að stefna að því að hver sá sem stundaði leiðsögu, eða öðlaðist réttindi til þess, yrði félagsskyldur. Jafn-

framt að rétt til félagsaðildar hefðu allir íslenskir ríkisborgarar sem starfað hefðu að leiðsögu ferðamanna a.m.k. eitt samfellt ferðamannatímabil. Einnig fengu þeir inngöngu sem lokið hefðu prófi frá leiðsögumannanámskeiðum Ferðaskrifstofu ríkisins.

Heiti félagsins var ákveðið í samráði við Árna Böðvarsson íslenskusérfræðing, sem smíðaði einnig einkunnarorð félagsins – **Landinu virðing. Lífinu hlýja**. Hann útskýrði að hér væri um að ræða gamla venju um svokallað eignarþágufall. „Landinu virðing“ þýðir í rauninni: Virðing handa landinu. Og á sama hátt: Hlýja handa lífinu.

Bara aukastarf

Stjórn félagsins hóf þegar að kynna nýja félagið fyrir hagsmunaaðilum, m.a. samgönguráðuneytinu. Á óvart kom hvað menn þar á bæ voru strax neikvæðir út í félagið, sögðu m.a. að varla væru nú til svo margir „gæðar“ í landinu að þeir gætu stofnað félag. Þegar minnst var á löggildingu starfsheitis töldu þeir það af og frá; gæðastarfið væri bara sumarstarf og þar með aukastarf.

Móttökur eigenda ferðaskrifstofanna voru ekki síður neikvæðar. Engu var líkara en þeim fyndust leiðsögumenn hafa sagt þeim stríð á hendur og að markmiðið væri að vinna þeim tjón. Leiðsögumenn reyndu að segja þeim að með stofnun félagsins vildu þeir hækka „standardinn“ og bæta gæði leiðsögustarfsins. Ferðaskrifstofumenn bentu þá leiðsögumönnum á að þar sem félagið væri ekki í Alþýðusambandi Íslands væri ekki hægt að líta á það sem alvöru stéttarfélag. Þar af leiðandi ættu þeir ekkert vantalað við félagið um eitt eða neitt. Síðar um sumarið kom svo í ljós að Ferðaskrifstofa ríkisins hafði lækkað launataxta leiðsögumanna einhliða og að laun fyrir sumar ferðir höfðu lækkað um allt að 40%. Þetta hleypti illu blóði í öll samskipti.

STOFNFUNDUR

Félags leiðsögumanna 6. júní 1972 að Hótel Loftleiðum

Stofnfélagar:

Anna Atladóttir
Árni Böðvarsson
Ásta Sigurðardóttir
Birna G. Bjarnleifsdóttir
Bjarni Bjarnason
Brynjar Viborg
Christhild Gottskálksson
Dóra S. Bjarnason
Edvard Frimannsson
Elínborg Stefánsdóttir
Elísabet M. Brand
Elsa Guðsteinsdóttir
Elsa M. Þórsdóttir
Erna Guðmarsdóttir
Eyþór Heiðberg
Geirlaug Þorvaldsdóttir
Gísli Guðmundsson
Guðjón B. Jónsson
Guðmundur Steinsson
Gunnar Örn Arnarson
Gunnlaugur Sigurðsson
Halldór Þorsteinsson
Halldóra Guðmundsdóttir
Herdís Vigfúsdóttir
Ingolf Jóns Petersen
Jón Þ. Þór
Jónas Guðvarðarson
Júlía Sveinbjarnardóttir
Katrín Árnadóttir
Katrín Sívertsen
Kjartan Lárusson
Kristín Guðmundsdóttir
Kristín S. Njarðvík
Kristján Arngrímsson
Lára Zoëga
Margrét K. Sigurðardóttir
Óttó Jónsson
Ólöf Helga Brekkan
Pétur Urbancic
Ragnheiður Haraldsdóttir
Ragnhildur Alfreðsdóttir
Ragnhildur Pálsdóttir
Sigríður Pálmadóttir
Sigríður Á. Snævarr
Sigurður Jónsson
Sigurður A. Magnússon
Valdís Blöndal
Valtýr Pétursson
Wolfgang Stross
Þorgeir Þorgeirsson
Þorvarður Helgason
Örn Ólafsson

1973-1980

Fyrsti kjarasamningurinn

Mikil vinna var fram undan svo bæta mætti kaup og kjör félagsmanna og þar var svo sannarlega á brattann að sækja. Ekki var nóg með að einhverjar ferðaskrifstofur hefðu lækkað laun félagsmanna frá því sem verið hafði árin á undan heldur var líka mjög mikið ósamræmi á milli launagreiðslna ferðaskrifstofanna. Félagsfundur samþykkti því að koma á fót launaneftnd. Nefndin útvegaði sér kjarasamning Félags íslenskra hljómlistarmanna en þeirra starf var oft unnið sem aukavinna og því taldi félagið sig geta lært af þeim. Gerð voru drög að kjarasamningi sem send voru helstu ferðaskrifstofum. Leið nú og beið og þegar leiðsögumenn inntu viðsemjendur eftir hverju biðin sætti fengu þeir t.d. svör á þá leið að samningsuppkastið væri svo heimskulegt að mönnum dytti ekki í hug að svara svona asnaskap!

Launaneftndin tók loks af skarið og boðaði til fundar um samninginn og í maí 1973 var fyrsti samningur Félags leiðsögumanna um kaup og kjör félagsmanna sinna undirritaður. Með þessum fyrsta samningi voru leiðsögumönnum m.a. tryggð ákveðin lágmarkslaun, álag ef talað var á fleiri en einu tungumáli, kveðið á um að leiðsögumaður mætti ekki leiðsegja í fleiri en einum bíl í sömu ferð, að aukagreiðsla kæmi til í langferðum og svo almenn atriði, eins og flestum öðrum launþegum voru tryggð, svo sem að greitt væri orlof, í lífeyris-, sjúkra- og orlofsheimilásjóð sem og að leiðsögumaður væri tryggður í ferðum. Samkvæmt samningnum skuldbundu ferðaskrifstofur sig til að ráða félagsmenn FL. Þessi fyrsti samningur gildi þó einungis til ársloka þetta sama ár og árlega þurfti að fara í langar og erfðar umræður um samning næsta starfsárs.

Fræðsla og menntun leiðsögumanna

Starfsemi félagsins snerist þó ekki eingöngu um að bæta kaup og kjör félagsmanna heldur var hlutverk þess einnig að vinna að því að leiðsögumenn væru betur menntaðir í faginu. Fræðslunefnd var kosin og skipulagði hún fræðslunámskeið sem hófust í ársbyrjun 1973. Þau voru skipulögð þannig að landinu var skipt í sex svæði og sá leiðsögumaður um fræðsluna fyrir hvert svæði. Auk námskeiðanna voru haldnir fræðslufundir og farið í tvær fræðslu- og skemmtiferðir. Eftir það voru árlega haldin námskeið og fræðslufundir á vegum félagsins.

Fram til þessa hafði fræðsla fyrir leiðsögumenn

farið fram á vegum Ferðaskrifstofu ríkisins. Í gögnum Gísla Guðmundssonar leiðsögumanns má lesa eftirfarandi skrif hans: „Er fyrsta heimsókn skemmtiferðaskipsins Caroniu var afstaðin sumarið 1948 færði ég það í tal við forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins, Þorleif Þórðarson, að nauðsynlegt væri að stofna til einhvers fræðslu fyrir þá sem ætluðu að gefa sig að leiðsögustarfi til að auka hæfni þeirra og þá eigi síður samræma hana.“

Þegar sett voru ný lög um ferðamál 1964 var þar ákvæði um að Ferðaskrifstofu ríkisins bæri að gangast fyrri fræðslu fyrir leiðsögumenn. Útkoman varð námskeið sem Ferðaskrifstofan hélt á hverju vori við afar mikla aðsókn, en Gísli þótti þar vanrækt raunhæf starfsþjálfun fyrir leiðsögumenn.

Þegar fræðslustarf Félags leiðsögumanna hófst boðað forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins formann félagsins, Birnu G. Bjarnleifsdóttur, á fund með sér og forstöðukonu leiðsögumannanámskeiðs Ferðaskrifstofunnar, Vigdís Finnbogadóttur leikhússtjóra. Óskuðu þau eftir umsögn stjórnar Félags leiðsögumanna um námskeið Ferðaskrifstofu ríkisins og að auki lýsti forstjórinn því yfir að hann teldi ekki óeðlilegt að leiðsögumannanámskeið Ferðaskrifstofunnar veittu almenna undirbúningsfræðslu fyrir leiðsögumenn, og aðra, en að félagið stæði fyrir framhaldsnámskeiðum.

Félagsblað gefið út

Ákveðið var að ráðast í útgáfu fréttu- og fræðsblaðs handa félagsmönnum, alla vega til reynslu, þar sem birtar væru fréttir, tilkynningar og fræðsluefni. Fyrsta tölublað Félagsblaðs Félags leiðsögumanna (FL) kom út í janúar 1974. Allir félagsmenn fengu blaðið sent ásamt hvatningu um að standa skil á félagsgjöldum svo að hægt væri að tryggja þeim framtíðareintök af Félagsblaðinu. Þyngja félagsins væri sérlega létt þar sem einungis um helmingur félagsmanna hefði staðið í skilum. Slíka hvatningu mátti svo sjá í nærri hverju tölublaði á komandi árum.

Upplýsingaþjónusta, ársþing og erlent samstarf

Ferðamálanefnd Reykjavíkur stóð fyrir upplýsingaþjónustu fyrir erlenda ferðamenn á Lækjartorgi yfir sumarmánuðina og leitaði til Félags leiðsögumanna til að finna starfsmann til að sjá um þjónustuna. Í fyrsta sinn árið 1974 en síðan í mörg ár eftir það.



Félag leiðsögumann stóð árlega fyrir ársþingi þar sem fjallað var um hvaðeina sem starfinu viðkom. Á ársþinginu sem haldið var í maíbyrjun 1975 kom viðhorf viðsemjenda félagsins glögglega í ljós. Greint var frá því að dagskráin hefði farið úr skorðum, m.a. vegna þess að sá sem ætlaði að tala fyrir hönd ferðaskrifstofueignenda hvorki mætti né tilkynnti forföll. Eins og enn þann dag í dag ræddu leiðsögumenn nauðsyn þess að starfsréttindi þeirra yrðu viðurkennd og að félagið ætti aðild að þjálfun og menntun leiðsögumanna. Fjórugar umræður urðu um þjóf, því svo virtist sem bílstjórar mætu hæfileika leiðsögumanns eftir því hversu mikið þjóf hann fékk. Þeim upplýsingum miðluðu þeir svo til ferðaskrifstofa en eins og gefur að skilja töldu félagsmenn af og frá að atvinnurekendur réðu fólk eftir þessu máti bílstjórana. Erlent samstarf félagsins hófst 1975 þegar fulltrúi þess tók þátt í aðalfundi International Guide's Club, IGC, í Ósló og sótti þar um innngöngu fyrir félagið. Eitt af því sem IGC gerir er að gefa út alþjóðlegt leiðsögumannakort sem veitir aðgang að mörgum stöðum erlendis, sem og hér heima, auk þess að veita afslætti. Félagsmönnum gefst kostur á að kaupa sér slíkt kort gegn vægu gjaldi.

Hæfni einstakra leiðsögumanna

Þegar félagið kannaði hvort ferðaskrifstofur hefðu farið eftir því ákvæði samningsins þar sem kveðið er á um að þær ráði einungis félagsmenn í störf, kom í ljós að þar var víða pottur brotinn. Svörin sem félagið fékk voru m.a. þau að félagsmenn væru alls ekki allir góðir leiðsögumenn, auk þess sem erfiðlega hefði gengið á ná í þá þegar á reyndi. Félagið dró þetta í efa en þó var viðurkennt að hugsanlega væru ekki allir leiðsögumenn starfi sínu vaxnir. Og því þótti ekkert að því að birta í Félagsblaðinu eftirfarandi vísu, sem Pétur Urbancic hafði sent:

*Loks varð hlé á Guðjóns gargi,
gefst nú lausn frá örnefnum,
það var eins og þungu fargi
þá væri létt af mannskapnum.*



Eftirlitslausir útlendingar

Óhætt er að fullyrða að umræðan um eftirlitslausar ferðir útlendinga um landið sé ekki ný af nálíni. Árið 1975 birtust í Félagsblaðinu eftirfarandi orð formanns Ferðaskrifstofu ríkisins, Ludvigs Hjálmtýssonar: „Mér finnst það mjög óæskileg þróun að erlendir hópar fari um landið án nokkurra afskipta við heimamenn. Þessir ferðamenn geta allt eins farið heim aftur með alrangar hugmyndir um landið. Ef við viljum kynna landið rétt, verðum við að hafa einhverja hönd í bagga.“

Á ársþingi félagsins 1975 kom fram að félagsmálaráðuneytið hefði staðfest að erlendir fararstjórar og leiðsögumenn sem hér ynnu þyrftu atvinnuleyfi, eins og allir útlendingar sem hér stunduðu störf.

Ferðamálaráðstefna og ný ferðamálalög

Ferðamálaráðstefnan 1975 var haldin á Húsavík og tóku fulltrúar leiðsögumanna þátt í henni. Í gamni og alvöru var varpað fram þeirri spurningu hvort húsmæður gætu fjölgað ferðamönnum. Hugmyndin var þá að íslenskar húsmæður opnuðu heimili sín fyrir ferðamönnum, sem sýnir að menn hugsuðu líkt árið 1975 og 2011! Einnig var rætt um að nýta hveravatnið til lækninga og öll vitum við hvernig þróunin hefur orðið þar.

Það sem var þó mikilvægast fyrir leiðsögumenn var umræða um nefndina sem var að endurskoða lög um ferðmál og að í skipunarbréfi hennar segði að hugað skyldi að viðurkenningu á starfsréttindum leiðsögumanna. Í kjölfarið samþykkti ráðstefnan eftirfarandi tillögu:

Með vísan í tilskipunarbréf samgönguráðherra varðandi endurskoðun um ferðamál, vekur Ferðamálaráðstefnan 1975 athygli á því hve starf leiðsögumanna er stór þáttur í ferðaþjónustu og nauðsyn þess að starfsréttindi svo og skyldur þeirra verði ákveðið með lögum og/eða reglugerð í náinni samvinnu við Félag leiðsögumanna.

Fyrsta leiðsögumannanámskeið Ferðamálaráðs

Eins og allir leiðsögumenn vita virðist umrædd nefnd ekki hafa sinnt þessu atriði í skipunarbréfinu, né tillögu Ferðamálaráðstefnunnar, því ekkert var kveðið á um starfsréttindi leiðsögumanna í nýju ferðamálalögum, sem tóku gildi 1. Júní 1976, né í þeim sem á eftir hafa komið. Aftur á móti fengu leiðsögumenn, með lögum, einn fulltrúa af 13 í Ferðamálaráði Íslands. Í lögum segir að Ferðamálaráði Íslands sé falið að sjá um námskeið fyrir leiðsögumenn og var leiðsögunefnd ráðsins falið það verk. Í þeirri nefnd átti m.a. sæti Birna G. Bjarnleifsdóttir, formaður Félags leiðsögumanna. Yfir 60 umsóknir bárust þegar fyrsta leiðsögumannanámskeið Ferðamálaráðs var auglýst. Tungumálakunnátta umsækjendanna var könnuð í desember, námskeiðið hófst svo í byrjun janúar 1977 og stóð fram í maímánuð.

Innganga í ASÍ og verkfallsboðun

Félagið hafði sótt um inngöngu í ASÍ strax á stofnárinu en þeirri inntökubeiðni var hafnað. Haustið 1976 hafði ASÍ samband og spurt var hvort félagið hefði enn áhuga á að fá inngöngu í ASÍ. Stjórnin var kölluð saman í skyndi og ákveðið var að taka boðinu. Einn fulltrúi fékk að fara á 33. ársþing ASÍ sem aukafulltrúi og hinn 29. nóvember var aðildarumsókn félagsins samþykkt með þorra atkvæða. Mótatkvæði var eitt.

Oft hafði verið erfitt að koma kjarasamningi saman fyrir komandi starfsár en aldrei eins og fyrir árið 1977. Að lokum sá félagið ekki önnur úrræði en að boða til verkfalls í byrjun júní en fyrir tilstilli sáttasemjara tókst að afstýra því og semja.

Handbók leiðsögumanna

Útbúin hafði verið handbók fyrir félagsmenn, ekki síst til að auðvelda þeim starfið og auka gæði þess. En ástæða þótti til að birta í Félagsblaðinu áskorun til þeirra um að láta bókina ekki af hendi til keppinautanna, þ.e. erlendra farar-

stjóra og leiðsögumanna. Leiðsögn á Íslandi ætti að vera í höndum landsmanna.

Fyrsta merki Félags leiðsögumanna

Fyrsta merki Félags leiðsögumanna leit dagsins ljós í desemberhefti Félagsblaðsins þetta ár en árin á undan hafði oft verið óskað eftir tillögum að merki frá félagsmönnum. Ástmar Ólafsson auglýsingateiknari teiknaði merkið sem sýnir ís og eld, þ.e. tákmyndir fyrir Ísland.

Fyrsta húsnæðið og fundarhamar

Í Félagsblaðinu var af og til viðruð sú skoðun, eða ósk, að félagið kæmi sér upp aðstöðu þar sem félagsmenn gætu m.a. komist í rit og önnur gögn til að afla sér fróðleiks, auk þess sem þar væri nauðsynleg vinnuástaða. Alltaf fylgdi að fjárhagur félagsins leyfði ekki slíkt. Árið 1976 er þó kominn í þetta dálítil kvörtunartönn og frá því greint að allar bækur, skjöl og annað efni sem tilheyri starfsemi félagsins sé á heimilum stjórnarmanna. Að auki sé heimilssími þeirra gjarna upptekinn vegna starfa fyrir félagið, svo að heimilismenn komist sjaldan í símann. Það hlýtur því að hafa verið mikið fagnaðarefni þegar félagið fékk loks aðstöðu fyrir starfseminu í upphafi árs 1978. Tekið var á leigu skrifstofuhúsnæði á annarri hæð að Skólavörðustíg 2, þ.e. fyrir ofan Bókabúð Lárusar Blöndal. Félagið átti náttúrulega engin húsgögn svo biðlað var til félagsmanna sem gætu séð af hillum, borðum og stólum. Einnig var óskað eftir bókum og myndum.

Í fréttum af aðalfundi 1979 er greint frá því að frá opnun hafi öll vinna á skrifstofunni verið í sjálfboðavinnu. Birna G. Bjarnleifsdóttir lét af störfum sem formaður félagsins í janúar 1979 eftir fimm ára setu. Um vorið færði hún félaginu fundarhamar að gjöf sem Þráinn Árnason myndskeri hafði hannað. Fundarhamarinn er hinn mesti kjörgripur, smíðaður úr íslensku birki úr Hallormsstaðarskógi og hvaltönn.

Ferðamannabækur í sérflokk

Aðventa á Fjöllum

Glæsileg ljósmyndabók eftir Sigurjón Pétursson og Þóru Hrönn Njálisdóttur með vetrarmyndum af Mývatnsöræfum og textabrotum úr *Aðventu* Gunnars Gunnarssonar. Einnig eru ljósmyndir af áletrunum ferðamanna á þili Sæluhússins við Jökulsá. Sýning á myndum úr bókinni opnaði í Þjóðminjasafni Íslands í apríl 2012.

Sigurjón og Þóra Hrönn [hafa] náð að skapa fallega fléttu úr íslenskri vetrarmáttúru, bókmenntum og sögulegum minjum þjóðarinnar. Úr formála Margrétar Hallgrímsdóttur, þjóðminjavarðar



Fánleg
á íslensku,
ensku
og þýsku

Iceland 360°

– THE TOP TEN PLACES / TÍU FALLEGIR STAÐIR

Hér býður Vilhelm Gunnarsson ljósmyndari okkur í ógleymanlega ferð um tíu fallega staði á Íslandi. Hann sýnir okkur jafnt feegurð hins stóra og hins smáa, oft frá óvæntu sjónarhorni.

Texti eftir Jónas Guðmundsson leiðsögumann.



Texti á
ensku og
íslensku

Iceland so Quiet

Töfrunum í hinni ósnortnu náttúru Íslands eru hér gerð skil með glæsilegum ljósmyndum Kristjáns Inga Einarssonar.

Falleg bók í handhægu broti.



Fánleg
á ensku,
kínversku og
japönsku

Kjarni Íslands

Hér endurspeglast feegurð landsins til sjávar og sveita í glæsilegum ljósmyndum Kristjáns Inga Einarssonar.

Ari Trausti Guðmundsson ljóðskreytir bókina og gæðir hana einstakri stemningu.



Fánleg
á íslensku,
ensku, frönsku
og þýsku



www.salka.is

1980-1990

Virkt erlent samstarf

Erlendu samstarfi var gert hátt undir höfði 1980 því að aðalfundur International Guides´ Club, IGC, var haldinn í Reykjavík í aprílmánuði. Félag leiðsögumanna hafði gerst aðili að IGC strax árið 1975 og nú var komið að félaginu að hafa umsjón með aðalfundinum. Til að gefa fleiri leiðsögumönnum tækifæri til að sækja landið heim ákvað félagið að halda norræna leiðsögumannaráðstefnu á sama tíma. Norræni menningar- málasjóðurinn styrkti félagið til að halda ráðstefnuna, auk þess sem ýmis íslensk fyrirtæki og stofnanir lögðu sitt af mörkum. Allir félagsmenn gátu tekið þátt í ráðstefnunni að vild og setið aðalfund IGC, þó án atkvæðisréttar.

Sex félagsmenn mættu svo á aðalfund og ráðstefnu IGC í Noregi árið 1981. Meðal afraksturs aðalfundarins var ályktun um að tryggja yrði með löggjöf starfsmenntun leiðsögumanna og hlutdeild þeirra í mótun og stjórn leiðsögumála. Ályktunin var send til fjölmiðla á öllum Norðurlöndunum. Félagsmenn tóku síðan að jafnaði virkan þátt í starfi IGC og stundum sóttu allt að níu manns aðalfundi og ráðstefnur þeim tengdar. Einnig hafa fulltrúar félagsins oft átt sæti í stjórn IGC.

Reglugerð um nám leiðsögumanna

Samgönguráðherra, Steingrímur Hermannsson, tók á móti formanni og fulltrúa félagsins í Ferðamálaráði í júlí 1980. Erindið var að afhenda ráðherra formlegt bréf þar sem borin var fram sú ósk að lögum um ferðamál frá 1976 yrði framfylgt með því að sett yrði reglugerð um nám og þjálfun leiðsögumanna, eins og 5. liður 7. grein laganna kvað á um. Jafnframt var á það minnt að ráðuneytinu hefðu þegar verið afhent drög að reglugerð um þjálfun og starfsréttindi leiðsögumanna. Ráðherrann tók fulltrúum félagsins vel og lofaði að engar ákvarðanir um málið yrðu teknar án samráðs við félagið. Í febrúarhefti Félagsblaðsins 1981 er greint frá því að náðst hafi merkur áfangi í baráttu leiðsögumanna fyrir að fá viðurkenningu á starfinu. Reglugerð um starfsmenntun leiðsögumanna ferðafólks, sem samgönguráðuneytið lét gera, hafði litið dagsins ljós. Hún var birt í Stjórnartíðindum 9.-10. febrúar 1981. Leiðsögumenn höfðu vonast til að með henni fengju þeir óvafleg starfsréttindi en svo var ekki, sem að sjálfsögðu voru vonbrigði. Í reglugerðinni var aftur á móti kveðið á um hvernig menntun leiðsögumanna skyldi háttað og þar kemur fram að þeir einir sem standast próf skv. menntunarkröfunum,



Júlía Sveinbjarnardóttir, Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir og Birna G. Bjarnleifsdóttir á aðalfundi IGC í Brándheimi, apríl 1981.

sem og félagsmenn Félags leiðsögumanna, hljóti skirteini sem leiðsögumenn ferðafólks.

Ráðningarmiðstöðin

Í reglugerðinni var jafnframt kveðið á um að Ferðamálaráð skyldi reka ráðningarmiðstöð þar sem ferðaskrifstofur gætu fengið upplýsingar um leiðsögumenn og gengið frá ráðningu. Stöðin var rekin í samvinnu við Félag leiðsögumanna og var til húsa á skrifstofu félagsins. Almenn ánægja var með samstarfið og það kom félaginu því á óvart þegar Ferðamálaráð neitaði að taka þátt í kostnaðinum við reksturinn árið 1981. Óvissa kom því upp um starfsemina árið eftir en þá Hljóp Félag ferðaskrifstofueigenda undir bagga og miðstöðin var rekin næsta ár. Eftir þrotlausa fundi og bréfaskriftir fékkst það í gegn að samgöngumálaráðuneytið skrifaði ferðamálastjóra um að Ferðamálaráð greiddi 1/3 af kostnaði við rekstur miðstöðvarinnar. Ferðaskrifstofa ríkisins og ferðaskrifstofur, sem nýttu sér þjónustuna, greiddu hlutfallslega það sem upp á vantaði.

Ferðamálaráð fylgist með hæfni leiðsögumanna

Ný og mikilvæg reglugerð var samþykkt 25. mars 1983, við lögum um skipan ferðamála frá árinu 1976. Í henni er kveðið á um eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni. Þar segir m.a. (2. gr.):

- Ferðamálaráð skal hafa samþykkt leiðsögumann hópsins á ferð hans um Ísland.
- Skal við það miðað, að leiðsögumaðurinn hafi að mati Ferðamálaráðs nægilega þjálfun og þekkingu til leiðsagnarinnar. Jafnframt skal ráðið ganga úr skugga um að viðkomandi leiðsögumaður hafi tilskilin atvinnuleyfi á Íslandi.
- Ferðamálaráð getur gert kröfu um að

ferðamannahópurinn sé með leiðsögumann sem nýtur réttinda samkvæmt reglugerð um starfsmenntun ferðafólks, nr. 130/1981.

Enn fremur segir í 3. gr. að ferðahópar sem koma til landsins þurfi að hafa sambærilegar tryggingar og krafist er af innlendum ferðaskrifstofum. Hljótist kostnaður vegna björgunar farþega, eða af öðrum orsökum, má krefjast endurgreiðslu úr tryggingasjóðnum.

Sömu laun og pökkunarmenn dagblaða

Á félagsfundum voru kjaramálin mikið hitamál því leiðsögumönnum var afar heitt í hamsi vegna jafnaðarkaups sem þeim var nú greitt og þótti mjög lágt miðað við vinnutíma og kröfur sem gerðar voru til leiðsögumanna. Verkalýðsfélög landsins höfðu nýlega samið um skipan í launaflokka og samkvæmt þeirri skipan voru leiðsögumenn í 11. flokki VR, sem var sami flokkur og pökkunarmenn dagblaða voru í! Verfallsheimildar var aflað á félagsfundi. Síðan var nefnd sett í málið til að reyna að finna grundvöll fyrir skipan leiðsögumanna í launaflokka. Samkomulag náðist um að stuðst yrði við greiðslur félagsmanna í lífeyrissjóð félagsins, sem náði yfir þrjú árin á undan, og þannig tókst að ná 47 félagsmönnum í 18. launaflokk, en víst þótti að fleiri gætu synt fram á langa starfsreynslu sem leiðsögumenn. Vorið 1984 var venju fremur erfitt að semja, enda leiðsögumenn orðnir afar ósáttir við sín lágu laun. Samningar voru felldir á félagsfundi og heimild gefin til verkfallsboðunar. Að lokum náðist samkomulag en leiðsögumenn voru langt í frá ánægðir.

Driver guides og aðrir bílstjórar

„Driver-guides“ voru einnig til umræðu og sýndist sitt hverjum; þarna væri ein starfsstétt að fara yfir á verksvið annarrar. Starfsstéttir sem gætu sem best stutt hvor aðra og unnið saman. Á ráðstefnu leiðsögumanna 1981, þar sem bílstjórar mættu einnig, varð enn frekari umræða um sameiginleg hagsmunamál bílstjóra og leiðsögumanna. Hún leiddi til sameiginlegrar ályktunar sem send var samgönguráðuneytinu. Farið var fram á niðurfellingu gjalda á talstöðvar þar sem þær væru mikilvægt öryggisæki á ferðalögum. Samgönguráðuneytið taldi að það væri ekki framkvæmanlegt og hafnaði því beiðinni.

Félagsmaður kærði ferðaskrifstofu sem hann taldi hafa ráðið sig í ferð en ferðaskrifstofan réð



Helgi Guðmundsson, Kristín Njarðvík og Friðrik Haraldsson, 7. maí 1987.

síðan utanfélagsmann í ferðina. Félagsdómur dæmdi leiðsögumanninum í vil og að ferðaskrifstofan hefði gerst brotleg við 3. gr. kjarasamnings leiðsögumanna með því að ráða utanfélagsmann.

Ýmsir hafa í árána rás viljað leggja leiðsögumönnum lið í baráttu þeirra fyrir lögverndun á starfsréttindum sínum. Náttúruverndarþing 1981 samþykkti t.d. tillögu þar sem þess var farið á leit við samgönguráðherra að hann ákvæði með reglugerð að þeim sem skipulegðu hópferðir um Ísland yrði gert skylt að hafa leiðsögumann með starfsréttindi á Íslandi með í för. Málinu til stuðnings var vísað í 35. gr. ferðamálalaga nr. 60/1976 og ákvæði í reglugerð nr. 80 frá 5. 1. 1981.

Annað merki Félags leiðsögumanna

Á félagsfundi vorið 1981 var kynnt nýtt merki félagsins. Greint var frá því að stjórn þess hefði þótt nauðsynlegt að hafa orðið „guide“ í merkinu, eins og tíðkast víða um heim. Með því að vera með kort af Íslandi í merkinu væri lögð áhersla á að landið allt væri starfssvæði leiðsögumanna. Hönnuður merkisins var Davíð Haraldsson á Akureyri. Félagið fékk svo einkarétt á merki sínu frá iðnaðarráðuneytinu, þar sem það var skráð árið 1982. Einkarétturinn þýðir m.a. að öllum öðrum en félagsmönnum er óheimilt að bera merkið. Á þessum tíma var verið að útbúa félagsmerki úr málm í Hollandi en það gekk ekki þrætaust fyrir sig; litirnir komu ekki rétt út og senda þurfti sýnishorn fram og til baka nokkrum sinnum. En loks var það tilbúið og leiðsögumenn gátu stoltir borið málmskjöldinn góða.



Nauðsynlegt þótti að leiðsögumenn skæru sig enn betur úr fjöldanum á ferðum sínum og því var á félagsfundinum einnig kynntur eins konar einkennisbúningur fyrir leiðsögumenn, sem þeim bauðst að kaupa hjá félaginu. Um var að ræða buxur og stakk í beinhvítum lit og með merki félagsins í barminum á stakknum.

Félagið 10 ára

Ýmislegt var gert til að halda upp á tíu ára afmæli félagsins árið 1982; m.a. var fyrsti heiðursfélaginn kosinn, Vigdís Finnbogadóttir sem þá gegndi embætti forseta Íslands. Vigdís hafði starfað sem leiðsögumaður um árabíl auk þess að stjórna og kenna á leiðsögumannanámskeiðum Ferðamálaráðs Íslands.

FÍF kastar stríðshanskanum

Félag íslenskra ferðastofa sendi félagsmönnum bréf í sumarbyrjun 1985 þar sem tilgangurinn virtist vera að sverta forystu félagsins og gera samningskröfur þess ótrúverðugar. Forysta félagsins hafði á þessum tíma neyðst til að boða til verkfalls en í kjölfar bréfsins hvatti hún félagsmenn til að halda málstað félagsins á lofti og standa fast við sjálfsagðar og sanngjarnar launakröfur félagsmanna. Eftir langar og strangar setur hjá sáttasemjara tókst loks að semja en launanefnd félagsins lét bóka vanþóknun sína á bréfaskriftum ferðaskrifstofanna. Að beiðni félagsins skoðaði lögfræðingur ASÍ málið og síðar kom sú umsögn frá ASÍ að bréf FÍF hefði verið forkastanlegt framlag í samningaviðræðum en þó væri ekki ástæða til lögsóknar.

Í kjarasamningunum 1985 var samið um að taka upp s.k. punktakerfi í launum. Leiðsögumenn gátu safnað sér punktum með þátttöku í fræðslustarfi félagsins en semja þurfti við vinnuveitendur um útreikning á punktunum.

Hinn 25. mars 1987 hófst vinnustöðvun leiðsögumanna. Í verkfallinu tóku ferðaskrifstofur upp á því að nota segulbandssnældur í rútum í stað leiðsögumanna. Ákveðið var að aðhafast ekkert við þessu fyrst í stað og litið var svo á að þannig kæmust ferðaskrifstofur að því að tækið kæmi á engan hátt í stað leiðsögumanna. En



þegar dagar og vikur liðu án þess að viðsejendur boðuðu til fundar um launamálin ákváðu leiðsögumenn að hart skyldi tekið á skýlausu verkfallsbroti sem þessu. Flugfreyjufélag Íslands sendi frá sér yfirlýsingu þar sem því var beint til félagsmanna að þeir tækju ekki að sér störf annarra stétta í vinnudeilum en farið hafði verið fram á það að flugfreyjur gengju í störf í leiðsögumanna. Bifreiðastjórafélagið Sleipnir fór þess einnig á leit við félagsmenn sína að ekki væru framin verkfallsbrot í bílum þeirra. Það var svo ekki fyrr en 7. maí, á fundi með sáttasemjara, sem loks tókst að ná samkomulagi um kaup og kjör.

Þarf félag?

Af og til hafa félagsmenn haft á orði að kannski væri engin sérstök ástæða eða gagn að því að vera með Félag leiðsögumanna – einkum þeir sem lítið hafa mætt á fundi félagsins eða á annan hátt tekið þátt í starfi þess. Árið 1989 var í Félagsblaðinu stungið upp á því að haldinn yrði félagsfundur þar sem leitað væri svara við spurningum eins og: Á þetta að vera menningar- og fræðsluklúbbur, stéttarfélag eða á að leggja félagið niður?

Engar fregnir voru af því hvort fundurinn hefði verið haldinn eða ekki ...

Skylda að vernda landið

Félagið stóð fyrir ráðstefnu um náttúruvernd vorið 1989 þar sem landvörðum var boðin þátttaka. Með ráðstefnunni var ætlunin að vekja félagsmenn, og aðra, til umhugsunar um þá skyldu leiðsögumanna í starfi sínu að vernda náttúru landsins. Á ráðstefnunni var fjallað um mál eins og það hvort loka bæri viðkvæmum stöðum fyrir átroðningi ferðamanna, leggja bæri stíga á vinsælustu stöðunum sem myndu stýra álaginu á svæðin sem og hvaða stefnu bæri að leggja til framtíðar.

Nokkru síðar var óskað eftir sjálfbodaliðum á meðal leiðsögumanna til að laga umhverfi Kersins, sem var orðið svo úttöðað að þar þótti blasa við ein hrikalegasta gróðureyðing á ferðamannastað nálægt byggð.

1990-2000

Orðið leiðsögumaður

Starfsheitið „leiðsögumaður“ var (og er enn!) oft til umræðu, jafnt hér hjá okkur sem á alþjóðlegum ráðstefnum, þ.e.a.s. starfsheitið á nokkrum tungumálum. Einnig skilgreiningin og munurinn á milli leiðsögumanns og fararstjóra. Árið 1990 var vakið máls á þessu í kjölfar alþjóðaráðstefnu leiðsögumanna á Kýpur, sem nokkrir félagsmenn höfðu sótt. Áréttað var að á ensku væri talað um „tourist guide“, „touristfører“ á dönsku og „Fremdenführer“ á þýsku. Jafnframt að á ensku væri fararstjóri „tour leader/escort/manager“, dönsku „rejsleeder“ og „Reisenleiter“ á þýsku.

Allt frá stofnun félagsins hefur verið unnið að því að fá starfsheitið löggilt og margar atlgör gerðar þar að. Hér var minnt á að á ensku væri talað um „registered“ eða „qualified“ leiðsögumenn og að á Íslandi fengju þeir sem lokið hefðu prófi frá Leiðsöguskóla Ferðamálaráðs skirteini frá ráðinu, sem væri opinber stofnun. Þar með væru þeir „qualified“ og „registered“ by the Icelandic Tourist Board.


Þess má svo geta að löggildingarnefnd félagsins þetta ár barst bréf frá samgönguráðuneytinu þess efnis að leiðsögumenn ferðamanna gætu ekki fengið löggildingu á starfsheitið þar sem það hefði þegar verið gert fyrir leiðsögumenn skipa!

Alþjóðadagur leiðsögumanna

Félagið ákvað að taka á myndarlegan hátt þátt í alþjóðadegi leiðsögumanna, 21. febrúar 1990, með því að halda hátíðarfund á Hótel Holiday Inn. Heiðursgestur var frú Vigdís Finnbogadóttir forseti og flutti hún ávarp, en þeim Steingrími J. Sigfússyni samgönguráðherra og Birgi Þorgilssyni ferðamálastjóra var einnig boðið til fundarins. Flutt var erindi um fornleifarannsóknir í Vestmannaeyjum en niðurstöður þeirra höfðu vakið mikla athygli því samkvæmt þeim hafði byggð á



Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir, Helgi Guðmundsson og Vigdís Finnbogadóttir á alþjóðadegi leiðsögumanna 1990.



landinu hafist einhverjum hundruðum ára fyrr en sagan sagði. Premur dögum síðar bauð félagið svo almenningi til ókeypis skoðunarferða um borgina.

Reglugerð um hópferðir

Vorið 1990 ályktaði Alþingi að fela samgönguráðherra að sjá til þess að í skipulögðum hópferðum erlendra aðila á Íslandi væri ætíð með í för íslenskur leiðsögumaður sem nyti réttinda samkvæmt reglugerð um starfsmenntun leiðsögumanna ferðafólks nr. 130/1981. Þetta fól í sér endurskoðun á gildandi reglugerð um málið (nr. 175/1983) og var nefnd skipuð til þess arna á vegum samgönguráðuneytisins og átti fulltrúi félagsins sæti í henni. Nefndin ákvað fljótt að reglugerðin skyldi ná yfir allar hópferðir í atvinnuskyni en ekki einungis þær sem væru á vegum erlendra aðila. Að sjálfsgöðu lagði fulltrúi félagsins áherslu á það að í öllum ferðum í atvinnuskyni væri leiðsögumaður með íslensk leiðsögumannsréttindi en á það var ekki fallist, heldur að komið yrði á undanþágufund þar sem fjallað yrði um þetta, sem og allar aðrar undanþágur. Þetta vor, 1991, náðist ekki að afgreiða frumvarp til laga um ferðþjónustu á Alþingi og fulltrúi félagsins, sem hafði tekið þátt í nefndarvinnunni, var hræddur um að reglugerðina hefði dagað uppi í ráðuneytinu.

Fræðslufundur gefa punkta

Félagsmenn voru minntir á að þátttaka í fræðslukvöldum félagsins leiddi til launahækkunar. Samkvæmt kjarasamningum gáfu 17,5 dagsverk einn punkt. Bent var á að þegar félagsmaður hefði setið sex fræðslufundi, þar sem hver væri vanalega þrjár kennslustundir, hefði hann unnið sér inn einn punkt og gæti því flust í hærri launaflokk, eftir punktastöðu viðkomandi.

Flakkarinn verður til

Óskað hafði verið eftir tillögum að nýju nafni á Félagsblað FL og í 2. tbl. 1991 birtist svo nýja heitið – Flakkarinn – ásamt ósk um að með nafnbreytingunni hæfist nýr kafli í sögu blaðsins og það yrði meira lifandi og þjónaði félagsmönnum enn betur.

Í þessu sama tölublaði birtist áskorun frá atvinnubílstjóra til leiðsögumanna um að þeir væru ekki að taka að sér akstur bílaleigubíla með ferða-

menn og þeim um leið bent á að það væri lögbrot. Félagsmaður þakkar fyrir ábendinguna og telur hana þarfa. Aftur á móti bendir hann á að bílstjórar hefðu átt að taka betur til í eigin ranni áður en þeir færu að hóta leiðsögumönnum. Hann kemur þeirri ósk á framfæri að bílstjórar gefi sig ekki út fyrir að vera leiðsögumenn, t.d. með því að fara leiðsögumannslausir með ferðamenn um landið.

Áhugategdir launataxtar

Löngum hefur verið yfir því kvartað að félagsmenn væru almennt lélegir við að mæta á fundi eða taka á annan hátt þátt í félagsstörfum, jafnvel ekki einu sinni þegar verið væri að ræða kaup þeirra og kjör. Félagsmaður reifaði það í Flakkarinum að kannski myndi hjálpa að vera með sérstaklega bættan launataxta sem ætlaður væri félagsmönnum sem væru áhugasamir um kjaraþætur en annan sem væri óbreyttur, þ.e. engar uppbætur, og væri ætlaður öllum þeim sem væru ánægðir með kjör sín, sem mætti ráða af því að þeim þætti engin ástæða til að mæta á fundi þar sem kjarmál væru til umræðu.

Erlendum leiðsögumönnum fjölgar

Sumarið 1991 var 71 erlendum leiðsögumanni veitt undanþága til að starfa á landinu en hver og einn skyldi þó ekki fara í nema tvær aðskildar ferðir. Félagið yfirfór umsóknirnar og veitti samþykki sitt en Ferðamálaráð veitti starfsleyfið. Miklar umræður urðu eftir þetta sumar um fjölgun erlendu leiðsögumanna og hversu mikið þeir væru að taka frá þeim íslensku.

Umboðsmaður Alþingis úrskurðaði síðan að Ferðamálaráði væri ekki heimilt að veita erlendum leiðsögumönnum starfsleyfi, þeir þyrftu að sækja um atvinnuleyfi á sama hátt og aðrir útlendingar og lúta þar með íslenskum lögum. Næsta sumar afgreiddi félagið allar beiðnir um leyfi fyrir erlenda leiðsögumenn á þann veg að félaginu hefðu ekki borist neinar óskir um að útvega leiðsögumann með réttindi fyrir hópana sem erlendu leiðsögumennirnir áttu að fara með og því gæti félagið ekki veitt jákvæða umsögn fyrir erlenda leiðsögumann. Sjálfur samgönguráðherra hóf þá afskipti af málinu. Hann kom á fund með stjórn félagsins og sakaði félagsmenn um að vera að eyðileggja ferðþjónustu í landinu með ósanngjörnum kröfum sínum. Í lok fundar lýsti hann því þó yfir að hann myndi stofna nefnd

ÞAÐ ER EITT SPA Á LISTANUM YFIR 25 UNÐUR VERALDAR

Við hjá Bláa Lóninu erum stolt af þeirri viðurkenningu sem felst í því að vera á lista National Geographic yfir 25 undur veraldar.



BLUE LAGOON
ICELAND

www.bluelagoon.is

– STIKLAÐ Á STÓRU 1990-2000



sem fara ætti í þessi mál með framtíðna í huga. Sú nefnd var skipuð í desember 1992 og átti félagið fulltrúa í henni. En þegar nefndin hafði lokið störfum treysti ráðherra sér ekki til að samþykkja reglugerðarvinnu nefndarinnar þar sem hún gæti stangast á við EES samninginn.

Sá samningur gekk í gildi í ársbyrjun 1993 og þar með urðu miklar breytingar hvað atvinnu snerti. Meginreglan var sú að ekki mætti hindra fólk í að starfa á svæðum sem féllu undir samninginn á grundvelli þjóðernis. Þó var þar undantekning á ef störfin tengdust þjóðarhagsmunum eða öryggi viðkomandi lands. Eðlilegt taldist einnig að gera þær kröfur að útlendingar uppfylltu sömu hæfniskröfur vegna starfa og heimamenn.

Miklar lagabreytingar og óánægja

Stjórn félagsins fékk skammir fyrir að standa ekki nægilegan vörð um hagsmuni félagsmanna á árinu 1991. Í októberhefti Flakkarans er í löngu máli farið yfir starf félagsins frá upphafi á vettvangi hagsmunamála. Í lok pistilsins kemur fram að töluverð óánægja og sundurlyndi virðist ríkja í félaginu og er spurt hvað orðið hafi um gleðina og áhugann sem ríkti þegar loks tókst að stofna félag fyrir íslenska leiðsögumenn?

Stjórnin brást við með því að senda félagsmönnum könnun um ýmislegt tengt félaginu og ætlaði með svörum þeirra að komast að því hvernig félagsmenn vildu hafa félagið. Árangurinn var ekki sá sem vænst hafði verið því einungis rúmlega 50 félagsmenn svöruðu. Svör þeirra gáfu þó vísbendingu um hvernig þeir vildu að félagið væri.

Á aðalfundi 1992 átti svo að leggja fyrir í einu lagi umtalsverðar breytingar á lögum félagsins en lagabreytingarnar höfðu verið unnar í samvinnu við lögfræðing ASÍ. Jafnframt skyldi lögð fram tillaga að nýrri reglugerð fyrir lífeyrissjóðinn. Menn voru mjög á öndverðum meiði um lagabreytingarnar og því var samþykkt að fresta afgreiðslu þeirra. Nefnd var skipuð til að fara yfir málið og lagabreytingarnar skyldu svo lagðar fyrir á aðalfundi að ári. Í Flakkarannum fyrir aðal-

fund, og í tölublöðum þar á undan, kom fram mikil óánægja hjá einstaka stjórnarmanni með þær áherslur sem lagðar hefðu verið hjá stjórninni og að þeir hinir sömu gæfu því ekki kost á sér til frekari starfa. Ritnefndin var einnig svo til óstarfhæf þar sem einungis einn af þremur nefndarmönnum var eftir í þeirri nefnd.

Nýtt nafn, heimilisfang og ábyrgð

Aftur er skipt um nafn á blaðinu; Flakkarinn hafði verið til sem nafn á öðru og eldra riti svo nú var nafni blaðsins breytt í Félagsblað Félags leiðsögumanna og kom fyrsta tölublaðið út með því heiti í apríl 1993.

Fyrsta skrifstofa félagsins var, eins og fyrr segir, á Skólavörðustíg en nokkrum sinnum þurfti að flytja skrifstofuna þar til hún komst í núverandi húsnæði, 1995 hjá Bifreiðastjórafélaginu Sleipni að Mörkinni 6.

Það sumar slösuðust óvenju margir ferðamenn í ferðum með leiðsögumönnum og leiddi það til umræðu um ábyrgð leiðsögumanna. Fram kom að það heyrði til undantekninga að ferðaskrifstofa útskýrði fyrir leiðsögumanni ábyrgð hans á meðan á ferð stæði. Bæði hvað varðaði öryggi ferðamanna sem og framvindu ferðarinnar. Bent var á að kjarasamningur félagsmanna næði einungis til ferðaskrifstofa innan vébanda FÍF og að fjölmargar þeirra væru þar ekki. Því var spurt hvort slík ferðaskrifstofa gæti bent á leiðsögumanninn sem ábyrgðaraðila vegna einhvers sem úrskaiðis færi. Einnig var spurt um ábyrgð leiðsögumanns sem starfaði sem verktaki en ekki starfsmaður ferðaskrifstofu og mátti einna helst ráða að þar gæti leiðsögumaður verið illa varinn.

KISS

Námskrá Leiðsöguskóla Íslands var samþykkt af menntamálaráðuneytinu árið 1995 en samkvæmt ferðamálaálagum heyrði námið undir Ferðamálaráð eftir sem áður. Mikil umræða var um að stefna bæri að því að færa námið á háskólastig, sérstök ástæða þótti til að gæta þess að það yrði ekki fellt undir nám á framhaldsskólastigi og að leiðsögunámið ætti að falla undir menntamálaráðuneytið. Leiðsöguskólinn stóð svo fyrir námstefnu um leiðsögustarfið á vörmaðnuðum 1997 þar sem frummælandi var Rosalind Hutchinson en hún hafði yfirumsjón með leiðsögunámi í Bretlandi. Alltaf þykir gott að heyra hvernig að þessum málum er staðið í öðrum löndum, ekki síst til að bera okkur saman við þau, svo að við getum séð hvort við þurfum eitthvað að laga eða hvort við erum á réttri leið. Eitt af því sem Rosalind lagði áherslu á að leið-

sögumenn hefðu til hlíðsjónar þegar þeir væru farnir að vinna við fagið var „KISS“ eða „keep it short and simple“ og umfram allt að segja sannleikann. Kínverskur málsháttur var nefndur í tengslum við leiðsögutækni og er hann endurbirtur þar sem hann á jafn vel við nú og þá:

Tell me ... I'll forget.

Show me ... I'll remember.

Involve me ... I'll understand.

Innlent og erlent samstarf

Á vegum samgönguráðherra var sett á laggjarnar nefnd sem skyldi móta stefnu í ferðaþjónustu og ætlaði stjórn félagsins að gæta þess að málefni leiðsögumanna yrðu þar með. Umræða var þá um að félagið sjálft væri ekki með skýra stefnu í sínum málum og að úr því þyrfti að bæta. Í nóvember 1997 hélt félagið því fund um framtíðarsýnina þar sem mjög gagnleg umræða fór fram um hvert skyldi stefna. Stjórn og launaráð félagsins hafði samþykkt að stefna bæri að því að félagið gengi úr ASÍ á allsherjarþingi þess 1996. Ekki náðist að standa fyrir atkvæðagreiðslu á meðal félagsmanna um málið fyrir þingið svo að ekkert varð úr úrsögn. Á fundinum um framtíðarsýnina var þetta eitt af hitamálunum. Skipulagsnefnd ASÍ sendi félaginu bréf árið 1999 þar sem hún lagði til að félagið gengi í Landssamband Íslenskra verslunarmanna. Félagsfundur FL hafnaði þessu einróma.

Á haustfundi það sama ár var fjallað um kostnað við að vera í samtökum og hverju það skilaði en auk þess að vera aðili að ASÍ (180.000 kr. á ári) var félagið aðili að Alþjóðasamtökum leiðsögumanna (32.400 kr. á ári) og IGC, samtökum norræna leiðsögumanna (119.800 kr. á ári). Formaður taldi að ekki kæmi nógu margt gagnlegt út úr aðildinni að erlendu samtökunum og taldi að meira gagn yrði að því að gerast aðili að FEG, Evrópusamtökum leiðsögumanna, þar sem þau væru mjög virk. Ekki voru allir sammála þessu. Á haustfundinum kom einnig fram að Ferðamálaráð óskaði eftir því að þurfa ekki lengur að sjá um rekstur Leiðsöguskóla Íslands fyrir hönd samgönguráðuneytisins og að farið hefði verið fram á að skólinn yrði settur undir menntamálaráðuneytið. Á þessum tíma var námið orðið lánshæft hjá LÍN enda um að ræða sérhæft nám eftir að framhaldsskólanámi lýkur.

Nokkrar gerðir af merkjum

Á aðalfundi 1999 var m.a. rætt um tillögu stjórnar um tvenns konar merki fyrir félagsmenn sem sýndu áunnin réttindi. Gyllt merki fengu þeir sem hefðu full starfsréttindi en silfur þeir sem hefðu skert starfsréttindi, þ.e. væru ekki með leiðsöguréttindi á landsvísi. Einnig var útbúið sérstakt merki fyrir heiðursfélaga, þ.e. Vigdís Finnbogadóttur og Birnu G. Bjarnleifsdóttur sem hlaut merkið á 25 ára afmæli félagsins, þar sem lárviðarkrans úr 18 karata gulli var settur á gyllta merkið.

BÓKAÐU
SNEMMA TIL AÐ
TRYGGJA PÉR
PLÁSS.

STÓRLÆKKAÐ VERÐ MEÐ NORRÆNU Í SUMAR SIGLDU Á VIT ÆVINTÝRANNA

Nú býðst þeim sem sigla fram og til baka frá Seyðisfirði til Danmerkur sérlega hagstætt verð sem felur í sér verulega lækkun frá fyrra ári. Einnig eru mjög hagstæð tilboð til Færeyja.



DANMÖRK

Út-lágtím-Heim miðt.

Ísland - Danmörk - Ísland
Tveir fullorðnir og tvö börn (3-11 ára) með fólksbíl, gisti í 4 manna klefa án glugga

Fullt verð kr. 310.200

Afsláttur kr. 108.200

Tilboð kr. 201.900

FÆREYJAR

Út-lágtím-Heim miðt.

Ísland - Færeyjar - Ísland
Tveir fullorðnir og tvö börn (3-11 ára) með fólksbíl, gisti í 4 manna klefa án glugga

Fullt verð kr. 183.100

Afsláttur kr. 53.300

Tilboð kr. 129.800

DANMÖRK

Háannatímabil

Ísland - Danmörk - Ísland
Tveir fullorðnir með fólksbíl, gisti í 2 manna klefa án glugga.

Fullt verð kr. 381.400

Afsláttur kr. 148.000

Tilboð kr. 233.400

FÆREYJAR

Háannatímabil

Ísland - Færeyjar - Ísland
Tveir fullorðnir og tvö börn (3-11 ára) með fólksbíl, gisti í 4 manna klefa án glugga.

Fullt verð kr. 285.200

Afsláttur kr. 92.900

Tilboð kr. 192.300

DANMÖRK

Háannatímabil

Ísland - Danmörk - Ísland
Tveir fullorðnir og tvö börn (3-11 ára) með fólksbíl, gisti í 4 manna klefa án glugga.

Fullt verð kr. 454.600

Afsláttur kr. 161.600

Tilboð kr. 293.000

FÆREYJAR

Háannatímabil

Ísland - Færeyjar - Ísland
Tveir fullorðnir með fólksbíl, gisti í 2 manna klefa án glugga.

Fullt verð kr. 208.600

Afsláttur kr. 66.300

Tilboð kr. 142.300

 **AUSTFAR**

Fjarðargötu 8 · 710 Seyðisfirði · Sími: 472 1111

SMYRIL-LINE.IS



 **NORRÆNA**

FERÐASKRIFSTOFAN

Stangarhyl 1 · 110 Reykjavík · Sími: 570 8600

JARÐBÖÐIN

við Mývatn

Gott er að slaka á í lóninu og gufuböðunum og njóta síðan veitinga á Kaffi Kviku á eftir. Verið velkomin í Jarðböðin !

Sumaropnun kl. 9:00-23:30

Vetraropnun kl. 12:00-21:30

Jarðbaðshólar - Mývatn - sími 464 4411

www.jardbodin.is



2000-2012

Heiðursfélagar, verkfall og leiðsögunám flyst milli ráðuneyta

Birna G. Bjarnleifsdóttir var sæmd fálkaorðunni 1. Janúar 2000 fyrir fræðslustörf í ferðaþjónustu. Á aðalfundi félagsins sama ár tilkynnti stjórnin að þær Ásta Sigurðardóttir, Kristbjörg Þórhallsdóttir og Kristín Njarðvík yrðu heiðursfélagar Félags leiðsögumanna.

Bifreiðastjórnar fóru í verkfall í júní 2000 og voru félagsmenn hvattir til að fylgjast með því að bílstjórnar í þeirra ferðum væru ekki verkfallsbrjótar.

Á Alþingi var lögum um Ferðamálaráð breytt á þann veg að menntunarmál leiðsögumanna fluttust frá samgönguráðuneyti til menntamálaráðuneytis. Þegar frumvarpið var lagt fram mátti ráða af orðalagi þess að skerða ætti menntun leiðsögumanna en félagið hóf þegar í stað harða baráttu gegn því og tókst að afstýra slýsinu.

Ákveðið var að koma upp opnu tölvutæku félagatali árið 2001 þar sem félagsmenn gætu komið upp eigin heimasíðutenglum. Þar með hefðu ferðaskrifstofur og aðrir frjálsan aðgang að leiðsögumönnum.

Bókanir og starfslýsing leiðsögumanna

Nýr kjarasamningur milli Félags leiðsögumanna og Samtaka atvinnulífsins var undirritaður í maí 2001 og gildi hann til ársloka 2004. Margir voru á því að þetta væri með betri samningum sem félaginu hefði tekist að ná. En alls ekki allir voru á sama máli því það var rétt með naumindum að samningurinn var samþykktur. Launanevnd félagsins taldi að með honum hefði verið tekið á mörgum málum sem óánægja hafði ríkt um auk þess sem ýmislegt nýtt hefði bæst við. Samningnum fylgdu einar átta bókanir, m.a. um að það væri sameiginlegt hagsmunamál leiðsögumanna og ferðaskrifstofa að farartæki í ferðum uppfylltu gildandi öryggiskröfur; því væri mikilvægt að leiðsögumenn létu vita ef eitthvað vantaði þar upp á. Einnig að í ökuleiðsögn væri notaður handfrjáls búnaður og að hópar væru ekki stærri en 15 manns í langferðum og 18 í dagsferðum. Starfslýsing leiðsögumanna var hluti af kjarasamningnum. Þar eru skilgreindar dagsferðir, sérfræðiferðir og ökuleiðsögn, markmið hverrar ferðar, tengsl, helstu verkefni og svo önnur verkefni samkvæmt beiðni ferðaskrifstofu hverju sinni. Þar kemur margt fróðlegt fram, t.d. að leiðsögumaður ber ábyrgð á að leiðsögn sé í

samræmi við gæðaviðmið ferðaskrifstofu, bæði hvað varðar framsetningu og innihald. Einnig að bílstjóri og aðrir starfsmenn sem koma frá erlendra ferðaskrifstofu (tour manager, tour leader) verði að hlíta fyrir mælum leiðsögumanns nema um annað sé samið.

Ný námskrá Leiðsöguskóla Íslands og nýr ferðamálastólur

Námskrá Leiðsöguskóla Íslands var tekin til gagnarráðgjafar og hófst kennsla samkvæmt henni haustið 2001. Meginreglan var sú að nú fór námið fram á tveimur samfelldum öllum, allir nemendur þurftu að fara í sameiginlegan kjarna en eftir það bættust við kjörsvið, s.s. almenn leiðsögn á landsvísi, göngu- og fjallaleiðsögn, svæðisleiðsögn, afþreyingarleiðsögn o.s.frv. Námið var nú alls 444 kennslustundir. Nýja fyrirkomulagið gerði það einnig að verkum að starfandi leiðsögumenn áttu nú auðvelt með að bæta við sig kjörsviðum eða valgreinum.

Haustið 2002 bauð Ferðamálastólur Íslands, Bíldshöfða 18, upp á leiðsögunám. Félagið kynnti sér námið og sýndist að við inngöngu og útskrift væru gerðar bæði minni og óljósari kröfur til nemendanna en í Leiðsöguskóla Íslands. Félagið þurfti síðan að kljást við þá spurningu hvort veita ætti útskrifuðum nemendum úr þessum nýja skóla inngöngu í félagið.

FL skipt í fagfélag og stéttarfélag

Stuttu fyrir aðalfund 2004 barst stjórn félagsins bréf frá lögmanni þess efnis að „próflausir“ en starfandi leiðsögumenn hefðu óskað hans liðsinnis við að fá inngöngu í Félag leiðsögumanna. Áður höfðu þessir leiðsögumenn fengið synjun, í samræmi við gildandi félagslög sem kváðu á um að aðeins þeir sem hefðu próf frá Leiðsöguskóla Íslands fengju inngöngu. Félagið átti nú á hættu að lenda í málaferlum vegna þessa og því óskaði formaður liðsinnis lögfræðinga ASÍ. Þeir greindu frá því að samkvæmt landslögum væri félaginu ekki stætt á því að útiloka starfandi leiðsögumenn þar sem það væri stéttarfélag. Félagið hefði samningsrétt fyrir hönd allra leiðsögumanna og þar að auki beina aðild að ASÍ. Stéttarfélag hefði þá skyldu að taka við öllum sem störfuðu og greiddu prósentu af launum sínum til félagsins, burtséð frá menntun, kynferði, kynþætti eða einhverju öðru.

Formaður boðaði til framhaldsaðalfundar þar sem stjórnin bar upp tillögu, í samráði við lög-

fræðinga ASÍ, um að stofnuð yrði fagdeild fyrir leiðsögumenn sem staðist hefðu formlegar menntunarkröfur. Fagdeildin myndi starfa eftir eigin reglugerð, sem kvæði á um að í fagdeildina kæmist enginn án þess að hafa lokið prófi frá Leiðsöguskóla Íslands, burtséð frá því hvort félagar störfuðu sem leiðsögumenn eða ekki. Þessi tillaga var samþykkt.

Margir félagsmenn voru ósáttir og á næsta félagsfundinum var gerð grein fyrir því að stjórninni hefði borist bréf frá Birnu G. Bjarnleifsdóttur þar sem farið væri fram á lögfræðilít á því hvort þær breytingar sem gerðar hefðu verið á félaginu, þ.e. skipting þess í stéttarfélag og fagdeild, væru löglegar. Lögfræðingarnir Halldór Jónsson og Tómas Eiríksson, sem voru óháðir ASÍ, höfðu verið fengnir til þessa verks. Niðurstaða þeirra var svohljóðandi: „... Samkvæmt framsögðu er það mitt álit, að Félagi leiðsögumanna hafi verið og sé heimilt að setja í lög sín skilyrði um tiltekna menntun og/eða starfsréttindi félagsmanna. Að núgildandi lögum félagsins verður ófaglærðum leiðsögumönnum hins vegar ekki meinud aðild. Unnt er að breyta lögum félagsins á aðalfundi samkvæmt ákvæðum laganna þar um. Hvaða áhrif slíkar breytingar hafa á stöðu ófaglærðra félagsmanna fer eftir því hvaða breytingar eru samþykktar. Vísast til umfjöllunar hér að framan um kosti, sem til greina koma.“


Hverjir stunda nám í Leiðsöguskóla Íslands?

Árin 2004 og 2005 voru vel menntaðar íslenskar konur í sambúð á aldrinum 25-54 ára fjölmennasti hópur leiðsögumanna í Leiðsöguskóla Íslands. (Samkvæmt könnun Stefáns Helga Valssonar meðal nemenda LÍ haustið 2004 og 2005). Nær 35% nemendanna voru með háskólapróf; 12% allra nemenda voru með BA-próf, 9% með BS-próf, 9% með MA-próf og 3% með doktorspróf. Nær sjö af hverjum tíu nemendum stunduðu leiðsögunám með það að markmiði að sækja inn á nýjan starfsvettvang.

ASÍ-aðild eða ekki?

Oft hafa verið háværar umræður um það hvort Félag leiðsögumanna ætti að vera aðili að Alþýðusambandi Íslands eða ekki. Í nóvember 2007 var haldinn félagsfundur þar sem kosið var um þetta. Þeir sem vildu að félagið væri áfram í ASÍ bentu á að launahækkningar, sem orðið hefðu frá undirritun gildandi kjarasamnings, hefðu ekki komið til hefði ASÍ ekki notið við. Einnig að ASÍ hefði stutt vel við bakið á stjórn

FERÐAFÉLAGAR SUMARSINS



KOMDU OG KÍKTU Á FRÁBÆRT
ÚRVAL KORTA- OG FERÐABÓKA
Í GLÆSILEGRI KORTAÐEILD
**BÓKABÚÐAR
FORLAGSINS,
FISKISLÓÐ 39**

LÖÐUR



HÉR

FISKISLÓÐ

KRÓNAN

FISKISLÓÐ

FISKISLÓÐ

GRANDAGARÐUR

BÓNUS

ANANAUST

MYRARGATA

**PLASTKÁPU-
SERIAN**



Ljósmynd: © Ragnar Th. Sigurðsson



félagsins um sumarið þegar það átti í baráttu við stóran atvinnuveitanda leiðsögumanna sem ekki greiddi umsamin lágmarkslaun samkvæmt kjarasamningnum.

Þeir sem vildu félagið úr ASÍ bentu á að þá yrði hægt að útiloka ófaglærða leiðsögumenn úr félaginu. Einnig að laun leiðsögumanna væru svo lág að erfitt væri að ímynda sér að þau hefðu getað verið lægri hefðu leiðsögumenn staðið utan við ASÍ í síðustu kjarasamningum.

Hefði meirihluti félagsmanna kosið að félagið segði sig úr ASÍ hefði þurft allsherjaratkvæðagreiðslu – en til þess kom ekki því félagsfundurinn samþykkti að Félag leiðsögumanna yrði áfram aðili að ASÍ.

Leiðsögunám á háskólastigi

Haustið 2008 hóf Endurmenntun Háskóla Íslands að bjóða leiðsögunám á háskólastigi. Um er að ræða fullt nám í eitt ár en er dreift yfir þrjú misseri. Sérstakt fagráð starfar með Endurmenntun, eins og jafnan þegar um lengra nám er að ræða, og á félagið fulltrúa þar. Fagráðið er ráðgefandi um faglegt innihald og þróun námsins, sem er 60 ektur (ECTS-European Credit Transfer System) á grunnstigi háskóla (BA). Hægt er að fá námið viðurkennt sem aukagrein með ferðamálafræði og jafnframt í hugvísindadeild Háskóla Íslands. Einnig var gert samkomulag við EHÍ um að Endurmenntunarsjóður Félags leiðsögumanna niðurgreiddi námskeið sem eingöngu eru fyrir félagsmenn FL. Þá hafa ýmsir fleiri skólar sýnt áhuga á að hafa leiðsögunám á námskrá sinni, s.s. ferðamáladeild Háskólans á Hólum, en þar hefur farið fram nám í ferðamálafræðum.

Félagsaðild nokkuð flókin

Á vordögum 2009 útskrifuðust frá Leiðsöguskóla Íslands nokkrir svæðisleiðsögumenn fyrir Reykjavík en félagið taldi þá ekki hafa nægilega mikið nám að baki til að fá inngöngu í fagdeild félagsins. Félagið leggur mikið upp úr því að leiðsögumenn séu flokkaðir eftir því hvað þeir hafa lært og þess vegna geta eingöngu þeir fengið aðgang að fagdeildinni sem lokið hafa 34 viðurkenndum einingum og að ferðamálastjóri hafi vottað prófskrifteini þeirra. Þeir sem ekki falla undir þessa skilgreiningu geta fengið stéttarfélagsaðild að Félagi leiðsögumanna.

Eldgos hindrar erlent samstarf

Ársfundur IGC (Inter Nordic Guide Club) átti að fara fram í Borgarnesi í aprílmánuði 2010 og hafði stjórn félagsins undirbúið fundinn af mikilli kostgæfni. Öll dagskráratriði, fundargögn, gjafir og annað var tilbúið en svo gaus Eyjafjallajökull! Þótt gosið hafi stóraukið ferðamannastrauminn til Íslands þá dugði það ekki til sem fagnaðarefni fyrir félagið því það hafði líka þær afleiðingar að ferðalangar vítt og breitt um Evrópu komust ekki leiðar sinnar. Af þeim sökum varð að blása ársfundinn á Íslandi af!

Endurbætt félagsmerki

Ástæða þótti til að breyta merki Félags leiðsögumanna þannig að bæði orðin á því væru á sama tungumálinu og því var orðinu Ísland breytt í Iceland. Um leið var útlit merkisins einfaldað örlítið. Síðar komu fram óskir um lítil félagsmerki sem t.d. væri hægt að hafa í jakka-boðunungi eða skyrtukraga og voru slík merki tilbúin snemma árs 2012. Það voru tveir stjórnmenn sem sáu um þessa vinnu við merkin en félagsmenn geta keypt merkin á skrifstofunni.

Endurskoðuð ferðamálafræðingarnar

Næstum frá upphafi stofnunar félagsins hefur farið fram vinna sem snýr að því að fá starfsheiti okkar lögverndað en þrátt fyrir vilýrði og góðar viðtökur bæði embættismanna og ráðherra í árunna rás erum við enn á þeim stað sem við erum. Núverandi löggildinganefnd hefur þar ekki slegið slöku við frekar en fyrirrennarnar hennar og þótt ekki hafi komið nein loforð um löggildingu hefur félagið alla vega fengið að koma að vinnu sem snertir ferðamál á landinu. Fulltrúi félagsins hefur frá hausti 2011 átt sæti í nefnd sem vinnur að reglugerð um öryggismál, sem fylgja á lögum um skipan ferðamála. Breytingartillögur höfðu verið unnar við þau lög og lagðar fram á Alþingi snemma á árinu 2012. Þar er m.a. gert ráð fyrir sérstakri nefnd sem fjalla mun um ferðamál í landinu og er einnig ætlað að móta stefnu þar um. Félag leiðsögumanna mun eiga sæti í þessari nefnd, verði lagabreytingarnar samþykktar. Þótt þetta sé vissulega fagnaðarefni ber þess að geta að leiðsögumenn áttu áður fyrr fulltrúa í fyrirrennara þessarar nefndar og höfðu einnig tekið þátt í mikilli reglugerðarvinnu vegna ferðamála – en vonandi heldur þessi vinna áfram að „hola steininn“ þannig að við fáum starfsréttindin viðurkennd og lögverndað.

Félagið 40 ára!

6. júní 2012 er Félag leiðsögumanna 40 ára og af því tilefni er þetta afmælisrit gefið út. Að sumarvertíðinni lokinni verður blásið til hátíðar í tilefni af afmælinu og þá gefst okkur öllum tækifæri til að fagna þessum merka áfanga saman.



Væri ekki best ef allir klæddu sig eins og björgunarsveitirnar?

Snæfell jakkinn frá 66°NORÐUR er vinningshafi Scandinavian Outdoor Award og ISPO Outdoor Award í flokki fatnaðar.



» magazine.66north.is



JÓNSSON & LEMACKS • J.L.S. • S.I.A.



Farfuglaheimili eru frábær kostur fyrir einstaklinga, fjölskyldur og hópa. Þau eru öllum opin og bjóða gestum sínum góða gistingu á hagkvæmu verði.

Flest heimilanna bjóða upp á 2–6 manna herbergi og sum þeirra einnig sumarhús. Á öllum heimilunum er gestaeldhús sem gestir geta notað án endurgjalds.

Kynntu þér málin á vefsíðu okkar www.hostel.is

Næsta farfuglaheimili er aldrei langt undan



Farfuglar ■ Borgartúni 6 ■ 105 Reykjavík ■ Sími 575 6700 ■ info@hostel.is ■ www.hostel.is

Vestfirðir

Fréttir frá upplýsingamiðstöð Vestfjarða



Skipulagðar ferðir og „beint frá býli“ kaffihús

Í gömlu húsi í miðbæ Ísafjarðar, Bræðraborg, er að finna hlýlegt og heimilislegt kaffihús sem opið er frá morgni til kvölds. Sérstafa hússins er dregin fram þar sem aldur þess fær að njóta sín. Blandað er saman gömlum og nýjum innrétt-ingum og hlutir endurnýttir eða endurnunnir eins og kostur er. Lögð er áhersla á ferskt íslenskt hráefni beint frá býli í mat og drykk og helst lífrænt ræktað. Hér er því kærkomið af-drep fyrir heimamenn og gesti sem vilja slaka á, vafra um á netinu, kíkja í bækur um Vestfirði eða hlusta á góða vínylplötu. Það er ferðaskrifstofan Borea sem rekur staðinn og er einnig með aðstöðu sína í húsinu. Borea á farþegabátinn Bjarnarnes, sem gerður hefur verið út frá Bolungarvík og þaðan boðið upp á skipulagðar ferðir og áætlunarferðir í Jökulfirði og á Hornstrandir. Borea býður upp á ferðir eins og skíðaferðir, kajakferðir og gönguferðir í Ísafjarðardjúpi, Jökulfjörðum og á Hornströndum. Einnig hestaferðir og fjallahjólaferðir í Dýrafirði og skemmtilega veiðiferð á sögufrægum rækjubáti í eigu Byggðasafns Vestfjarða. Í kaffihúsinu er framleiddur nestisþakki úr íslensku hráefni, sem fullnægir næringarþörf í allt að sex tíma, og fylgir öllum dagsferðum.

Sjávarböð á Reykhólum

Á Reykhólum er nú hægt að fara í þaraböð hjá SjávarSmiðjunni. Það fylgir því einstök velliðan og afslöppun að fara í þaraböðin og ekki spillir að um leið er hægt að njóta hinnar sérstöku náttúru á Reykhólum. Sjávarböðin eru staðsett í gömlu enduruppgerðu verkstæði en karakter-einkenni gamla hússins eru látin halda sér svo upplifun gesta er eilítið skot til fortíðar, með útsýni til sjávar og sveita. Verkstæðið hefur mikla sögulega arfleifð og margar þjóðsögur má rekja til Reykhóla. Þar má telja sögur af Gretti sterka Ásmundarsyni, Þorgils Arasyni, sem var einn forfeðra Ara Fróða og einn mestur þjóðhöfðingi á sínum tíma á Vestfjörðum, Guðmundi ríka Arasyni, einum auðugasta manni sem talinn er hafa verið uppi á Íslandi, og Tuma Sighvatssyni úr Sturlungasögu. Nokkrar áhuga-verðar gönguleiðir eru svo í nánasta umhverfi SjávarSmiðjunnar, t.d. um sögulóðir Grettis sterka. Inni er kaffistofa með einföldum mat-sedli, þar sem t.d. er hægt að fá vöflur, auk þess að kaupa ýmsan varning og leigja sundfatnað. Vatnavinir Vestfjarða og Þörungaverksmiðjan styðja verkefnið.

Meira má lesa á vefsíðunni:
www.sjavarsmidjan.is

Vestur um björg og gullna sanda

Ekki þarf að fjölyrða um hversu mikið fæst út úr ferðum undir leiðsögn þeirra sem gjörþekkjta til. Nú hafa nokkrir svæðisleiðsögumenn á Vestfjörðum tekið höndum saman og stofnað fyrirtækið Umfar þar sem aðalleiðsögumenn eru Jóhann Svavarsson, Kjartan Gunnsteinsson og Sveinn Eyjólfur Tryggvason.

Megináhersla er lögð á gönguferðir um gamlar þjóðleiðir og náttúruþerlur suðurhluta Vestfjarða. Það sem einkum einkennir þetta svæði eru miklar andstæður, svo sem ægifagarar gular sandstrendur, grámosagróin fjöll, gróskumiklir birkiskógar í lognkyrrum dölum, hrikaleiki fugla-bjarga, þar sem náttúruvættið Látrabjarg ber hæst. Mikil saga er tengd svæðinu sem ómar frá hverjum steini. Gott er að hafa í huga að norðlægar áttir eru kjöráttir suðurhluta vestfjarðakjálkans. Hálendi Vestfjarða dregur til sín úrkomuna úr norðanáttinni og því er oftast bjart og stillt veður í þröngum fjörðum og dölum Barðastrandarsýslu mót suðri.

Viðey



Eyjuna Viðey á Kollafirði þarf vart að kynna enda er hún einstök náttúruperla í hjarta Reykjavíkur. Viðey er frábær staður fyrir einstaklinga, vini, fjölskyldur og aðra hópa sem vilja eiga skemmtilegar samverustundir í falletgri náttúru.



Ferjuáætlun sumar og vetur

Sumaráætlun - daglega frá 15. maí - 15. september

Frá Skarfabakka til Viðeyjar	11:15	12:15	13:15	14:15	15:15	16:15	17:15	
Frá Viðey að Skarfabakka	11:30	12:30	13:30	14:30	15:30	16:30	17:30	18:30
Frá Gömlu höfninni til Viðeyjar		12:00						
Frá Viðey að Gömlu höfninni					15:30			

Vetraráætlun - 16. september - 14. maí (laugardaga og sunnudaga)

Frá Skarfabakka til Viðeyjar			13:15	14:15	15:15			
Frá Viðey að Skarfabakka			13:30	14:30	15:30	16:30		



- Saga, náttúra og listir
- Kaffishúsið „Viðeyjarstofa“
- Hestaleiga

Sími: 533 5055

Dagskrá: www.videy.com

Einungis 7 mínútna sigling

Kíkið með okkur í ferð og kynnið ykkur starfsemi okkar



Ævintýri á sjó

frá Reykjavíkurhöfn

Frítt í Hvalasetrið

- Hvalaskoðun
- Lundaskoðun
- Sjóstangaveiði
- Viðeyjarferðir

Áætlun í hvalaskoðun 2012 - allan ársins hring

EL-01 / EL-02 / EL-03									
Jan-Mar	Apr	May	Jun	Jul	Aug	Sept	Oct-Dec		
	9:00	9:00	9:00	9:00	9:00	9:00			
			10:00	10:00	10:00				
13:00	13:00	13:00	13:00	13:00	13:00	13:00	13:00	13:00	
			14:00	14:00	14:00				
		17:00*	17:00	17:00	17:00	17:00*			
			20:30**	20:30	20:30**				

* Frá 15. maí til 15. september
** Frá 15. júní til 15. ágúst

Sími: 555 3565

www.elding.is





Ljósmynd: Valdimar Leifsson

Kristján Arngrímsson leiðsögumaður

„Segðu þeim eitthvað“

Rætt við Kristján Arngrímsson leiðsögumann sem fyrstur manna hafði aðalvatvinnu af því allt árið að leiðsejja ferðamönnum hér á landi. Hann byrjaði í Heklugosinu 1947, og var að fram yfir síðustu aldamót.

„Ég er fæddur í Bolungavík“ segir Kristján Arngrímsson „Íslandsgæd“ þegar ég heimsótti hann á Lindargötuna um miðjan febrúar, og hann leggur áherslu á að fæðingarstaðurinn sé í fleirtölu „Því það hljóta að hafa verið margir bolir þarna í fjörunni sem staðurinn er nefndur eftir en ekki bara einn“, segir hann.

„Sex ára fluttist ég svo með fjölskyldu minni til Ísafjarðar þar sem faðir minn var ritstjóri og kaupmaður, en 16 ára fór ég til Reykjavíkur, suður í dýrðina,“ segir hann og brosir kankvíslaga. „Þar starfaði ég m.a. hjá Agli Vilhjálmsyni, gerðist svo lögga á Keflavíkflugvelli og varð svo bóksali í Reykjavík. Vann m.a. í bókaverslun Ísafoldar í Austurstræti.

– *Hver voru svo fyrstu kynni þín af leiðsögumannsstarfinu?*

„Það var árið 1947, snemmsumars í Heklugosinu þegar ég var aðeins 18 ára. Ég hafði kynnst ýmsum mönnum í gegnum bóksöluna og þeirra á meðal voru Úlfar Jacobsen og Páll Arason, þeir miklu ferðafrömuðir. Pál Arason vantaði einhvern með tungumálakunnáttu í Hekluferð því meðal farþeganna voru útlendingar, og Páll talaði á þeim tíma ekki mikið erlend tungumál. Ég hafði hins vegar fljótt komist upp á lag með enskuna í skóla, og með því að hlusta á danslög í Útvarpinu þar sem textarnir voru á ensku, og ég fór að finna út hvað þeir þýddu. Ég spurði Pál að því hvað ég ætti að gera og hann svaraði að bragði „Segðu þeim eitthvað“ og þar með hófst ferðin. Ég held ég hafi farið í einar tíu ferð-

ir að gosstöðvunum við Heklu. Þetta sumar varð ég líka svo frægur að fara í Landmannalaugar, og vorum við annar billinn sem fór þangað, en það er nú öðruvísi umhorfs þarna í dag.

Um 1960 sneri ég mér á fullu að ferðaþjónustu og á þeim tíma var Ferðaskrifstofa ríkisins starfrækt, en nýjar ferðaskrifstofur að skjóta upp kollinum eins og Sunna og Lönd og leiðir, sem Steinn Lárusson og Ingólfur Babel stofnuðu og ráku í nokkur ár. Starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins var svolítið stöðnuð á þessum tíma, verð ég að segja, og hinir nýju á markaðnum voru opnari fyrir nýjungum og fjölbreytileika í ferðum hér innanlands. Ég vann mikið með Steini og Ingólfi, bæði sem leiðsögumaður og að því að skipuleggja ferðir og skrifa ferðalýsingar. Það

kom sér vel að ég gat bæði skrifað og talað ensku og var því fær í flestan sjó. Það voru margir sem leituðu til okkar með alls konar hugmyndir. Þeir í Kerlingafjöllum voru þeirra á meðal, og svo komu menn eins og Kristleifur í Húsafelli og Guðni í Skarði til okkar með hugmyndir að ferðalögum. Þetta voru að vísu engar gullgæsir sem menn komu með, en góðar hugmyndir og sumar urðu að veruleika. Þegar svo Lönd og leiðir hættu leituðu margir í þessum geira til mín og ég hóf störf hjá Kynnisferðum þar sem ég var eini starfsmaðurinn með framkvæmdastjóranum Kristjáni Jónssyni til að byrja með. Þar starfaði ég fram yfir síðustu aldamót og auk þess inn á milli hjá hinum og þessum ferðabjónustufyrirtækjum, innlendum og erlendum. Þá vann ég t.d. á vegum *Time Life* þegar heimsmeistarainviðgið í skák var haldið hér árið 1972, en þetta þekktu útgáfufyrirtæki var með sérstakan samning við Bobby Fischer, sem hann fékk vel borgað fyrir og þeir fengu alltaf greiðan aðgang að honum fyrir þessa tíu þúsund dollara. Þetta var mjög lærdómsríkur tími með þeim hjá *Time Life* hér á landi. Við sátum t.d. einu sinni heima hjá mér á Óðinsgötunni, ég og sá sem var fyrir þeim hér ásamt skoskum ljósmyndara á vegum þeirra. Allt í einu er hringt frá Hótel Loftleiðum í ljósmyndarann og hann fer fram í símann. Þegar hann kemur aftur segir hann: „Vitið þið hver var að hringja? – Það var Dick (Richard Nixon) og hann var að biðja mig að taka myndir í brúðkaupi dóttur sinnar.“ – Já, það skeði margt á þessum tíma.

– Eigum við að snúa okkur að ferðamenskunni hér á landi?

– Já, talandi um nýjungar, þá er ekki langt síðan menn fóru að skipuleggja ferðir út að Lundey til að skoða lunda, en hann er, eins og þú veist, mjög vinsæll hjá erlendum ferðamönnum. Ég hef velt fyrir mér þeirri hugmynd að gera göngustíg eða brú á skerjunum frá Granda og út í Lundey, þar sem byggð yrðu fuglaskoðunarbyrgi og felld inn í landslagið þangað sem fólk gæti komið og skoðað lundann í nálægð, án þess að trufla fuglana. Þetta hafa þeir gert á Nýfundnalandi, og því ekki hér?

Reykjavíkurborg gæti líka gert miklu meira hér í nágrenninu fyrir ferðamenn. Sjáðu bara Heiðmörk, sem er vannýtt svæði fyrir erlenda ferðamenn. Þar væri upplagt að bjóða upp á gönguferðir og sýna fólki hraun og gróður í fylgd sérfróðra.

– Ertu með fleiri slíkar hugmyndir í kollinum?

„Já, það er af mörgu að taka. Það er t.d. einn staður á landinu sem ég vil nefna, en það er Reykjaneshálandið, aðeins um hálf tíma akstur frá höfuðborginni. Þetta svæði hefur upp á ótal möguleika að bjóða. Þar eru margir leyndir staðir sem hægt væri að fara á allan ársins hring. Ég fór á þessar slóðir með nokkrum ferðaköppum fyrir ekki löngu síðan og þeir voru mér sammála



Kristján með einum af ótal hópum sem hann fór með í ferð. Ekki verður annað séð en að dömurnar séu ánægðar.

Spænska
Sjálfskraust Sagnfræði Jarðfræði Bókmenntir
Listir Kínverska Raunvísindi Þjóðfélagsmál
Menning Ítalska
Áfallahjálp Rekstur Fjölbreytt námskeið
Markaðssetning á hverju misseri fyrir leiðsögumenn
Íslendingasögur Lífríki Þýska Tímastjórnun
Íslandssaga Vefsíðugerð Leiðtogafærni Verkefnastjórnun Samskipti

... og enn fleiri á endurmenntun.is

sími 525 4444 endurmenntun.is

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS



Kristján ásamt Kjartani Lárussyni í Ásbyrgi. Á myndunum t.h. er hann að sinna leiðsögumannsstarfinu í rútu og í snjósleðaferð.



um að þarna væri margt að sjá og skoða; vötn og hraun, hverir og fjöll og margs konar gróður aðeins örskot frá höfuðborginni.

Svo er annað svæði sem ég hef lengi haft áhuga á og það er svæðið á milli Þjórsár og Hvítár. Það ætti að friða og svæðið að vera undir stjórn heimamanna, en ekki einhverrar nefndar eða stofnunar í Reykjavík. Þarna ættu heimamenn að ráða og skipuleggja bæði göngu- og jeppaferðir því svæðið hefur upp á svo margt að bjóða. Heimamenn ættu að fá Landsvirkjun í lið með sér til að setja t.d. tvær göngubrýr á Stóru-Laxá og gera smá lagfæringar til að auðvelda göngumönnum að fara þarna um því þarna má komast í námunda við jökla, ár og stórkostleg gil, gróðursvæði við Arnarfell hið mikla að ógleymdum Kerlingarfjölum með sínum hverum og litskrúðugu svæðum.

– En eitthvað hlýtur þetta að kosta?

– Já, að sjálfsgöðu, en það vantar bara að ríkið bjóði fram fé til nýsköpunar í ferðaþjónustu, bæði á þeim svæðum sem ég hef nefnt og mörgum öðrum. Sjáðu til, ef bátseigandi á Drangsnesi eða annars staðar á landinu, ætla að hefja hvalaskoðunarferðir, þá þarf hann styrk og ráð-

gjöf sér að kostnaðarlausu til þess að koma sér af stað, annars getur hann það ekki. Ráðamenn þjóðarinnar hafa aldrei skilið að það þarf að hlúa að nýsköpun í ferðaþjónustunni. Það er ekki nóg bara að setja einhverja peninga í að auglýsa landið með misjöfnum hætti, það þarf að styrkja þá sem vilja brydda upp á nýjungum, því ekki veitir nú af ef við eigum að taka á móti einni milljón ferðamanna innan fárra ára.

– Hvað segir þú mér svo um leiðsögustarfið sjálft í öll þessi ár?

AF VÖRUM KRISTJÁNS

Hver eru tengsl Dyrhólaeyjar og Alexandríu?

Ég veit ekki hvað kennt er í leiðsögumannskólunum, en vita leiðsögumenn almennt um hvar Íslands er fyrst getið? Í Alexandríu í Egyptalandi var uppi maður að nafni Ptolemy um eitt hundrað eftir Krist. Hann var mikill spekingur, stærðfræðingur, stjörnufræðingur og landfræðingur og vann á bókasafninu á staðnum. Hann skrifaði bók þar sem hann nefnir staðsetningu um átta þúsund staða í heiminum og þar á meðal Ultima Thule á 63. gráðu norðlægrar breiddar, en það er einmitt þar sem Dyrhólaey er. Hann er sem sagt fyrsti maðurinn sem minnst á Ísland að því er ég best veit.

– Ég skal segja þér að þó að leiðsögustarfið sé ákveðin rúttina, og í því virðist ekki felast mikil tilbreyting, þá er það nú ekki svo hvað mig varðar a.m.k. Maður getur verið með almenna farþega á virkum dögum, en svo koma kannski sérstakir hópar um helgar, s.s. eins og blaðamenn, en ég hef tekið við mörgum slíkum hópum frá

mismunandi löndum, ekki síst frá Bandaríkjunum. Því fylgdu líka oft skemmtilegar veislur þar sem vel var veitt og töluvert af víni haft um hönd, en drykkjuskapur hefur aldrei verið til vandræða hjá mér, þrátt fyrir að oft hafi verið boðið í glas. Ég man t.d. eftir nemendum gisti- og veitingahúsaskóla frá Bandaríkjunum sem ég tók á móti árlega og fór með um allt. Á kvöldin var svo boðið í góðar veislur hér á hótelnunum og víðar.


Einn af þeim mönnum sem ég vann mikið með var Sigurður Magnússon, blaðafulltrúi Loftleiða, – Sigggi Magg – og mér finnst að nafni hans hafi ekki verið haldið nógu vel á lofti því hann var einn af þessum miklu frumkvöðlum í ferðamennsku hér á landi.

– Þú áttir þátt í að stofna Félag leiðsögumanna.
– Já, rétt er það. Hugmyndin um það er frá mér komin, og meginástæðan fyrir því var kjaralegs eðlis, og til að fá samræmi í kjör leiðsögumanna. Ég tel mig vera fyrsta manninn sem hafði leiðsögn sem aðalatvinnu allan ársins hring, og varð var við að það var ekki nógu gott samræmi varðandi kaup og kjör. Ég hafði því samband við nokkra sem stunduðu leiðsögn. Við vorum 22 eða 23 sem mættum á stofnfundinn, og 2/3 fundarmanna voru þar fyrir mín orð. Einn þeirra hafði haft við orð að stinga upp á mér í stjórn félagsins, en það brást. Stefna félagsins var líka í upphafi með öðrum hætti en ég hafði hugsað mér, því ég var fyrst og fremst að tala um verkalyðsfélag líkt og t.d. VR þar sem ég hafði verið í stjórn og varastjórn í níu ár. Sá andi var of mikið ríkjandi að þetta væri félag fólks sem hefði gaman af að skreppa í ferðalag yfir sumar, en kaupði skipti litlu máli. Af þessum sökum hef ég tekið lítinn þátt í störfum félagsins; var ekki mótdrægur því, en tók lítinn þátt. Ég hef hins vegar kynnst mörgu ágætis fólki í stéttinni og átt við það vinsamleg samskipti á ýmsum áfangastöðum.

– Hver er svo uppáhaldsstaður leiðsögumannsins Kristjáns Arngrímssonar?

– Það er nú erfitt að gera upp á milli margra fallelgra staða. En eitt sinn var spurt um það í Sjónvarpinu þar sem við Ómar Ragnarsson hittumst og fórum að tala um þetta, og hann valdi Þórsmörk, en ég gat ekki valið það sama og hann og Vest-

mannaeyjar urðu fyrir valinu hjá mér. Hins vegar held ég nú að Þórsmörk hafi vinninginn þegar ég lít til baka þessi ár sem ég hef verið leiðsögumaður. Og þá vil ég einnig taka fram, þegar ég lít til baka að ég hef aldrei logið að neinum túrista, en stundum hefur sannleikurinn kannski verið svolítið skrittinn.



– En hvernig list leiðsögumanninum reynda á ferðaþjónustuna í dag?

– Mér list ágætlega á þessa grein í dag, enda hef ég átt þátt í að byggja hana upp. Ég hef ekki verið neinn ráðamaður í einu né neinu, en bent á ýmsar leiðir. Við þurfum að taka upp ýmsar venjur síðara þjóða og þá ekki síst Svisslendinga, sem eru brautryðjendur á þessu sviði. Þeir fá til sín mikinn fjölda túrista og þykir vænt um landið sitt. Við þeim blasir fjall sem ferðamenn vilja ganga á, og þá leggja þeir stíg að því. Ef fyrir þeim verður mikið klettabelti gera þeir gat í gegn. Þetta er til þess að ferðamaðurinn fari ekki út um víðan völl heldur haldi sig á afmörkuðum slóðum. Ég hefði vilja sjá okkur gera eitthvað í þessa átt. Við Íslendingar erum nú svolítið fátækir í andanum. Ef hingað kemur ein milljón manna þarf að gera eitthvað, en ef við gerum slóða á falletum og eftirsóttum

slóðum, þá fara 99% um slóðann og njóta fegurðarinnar allt í kring. Það er nú verið að gera eitthvað hér og þar, og ég held að lausnin liggi ekki í því að gera eitthvert mikið plankaverk, heldur að gera stíga úr náttúrulegu efni. Við þurfum að gera eins og þeir sem best hafa gert

AF VÖRUM KRISTJÁNS

Austurheimur og Vesturheimur

Skiptin milli þessara tveggja landsvæða eru talin vera á 20. gráðu vestur lengdar. Hér er hún rétt austan við gamla veginn við Markarfljót og þar er ekið framhjá kletti sem heitir Kattarnef, og þar fyrir neðan er varnargarður vegna fljótsins. Ég sagði Hauki Halldórssyni vini mínum frá þessu og hann bjó til heljarmikið hnattlíkan sem átti að vera fyrirmynd af því sem átti að reisa þarna vegna 20. gráðunnar; með gestamóttöku, veitingastað og tilheyrandi. Af hagsýnisástæðum ætlaði ég að flytja þetta svolítið til og hafa Seljalandsfoss í bakgrunninn, en svo varð auðvitað ekkert af þessu. Þetta hefði getað orðið eins og þegar fólk fer yfir miðlínuna með alls konar uppákomum.

í þessum efnunum og það má líka hrósa þeim hér sem hafa t.d. byggt upp sjóstangaveiði á Vestfjörðum, svo eitthvað sé nefnt.

Mér hefur líka dottið í hug hvers vegna ekki er gert út á hin fjölmörgu vötn og ár til silungsveiða fyrir erlenda ferðamenn. Fara með þá upp á Arnarvatnsheiði, síðan í Veiðivötn, í Brúarár eða einhverja sambærilega silungsá. Þetta þurfa ekki að vera dýrar laxveiðiár sem boðið er upp á,

heldur að blanda saman veiði og náttúruskoðun. Mér er sagt að í Frakklandi séu 7 milljónir manna í veiðiklúbbum, og því er ekki komið á framfæri við þá í blöðum þeirra og fréttabréfum hvað Ísland hefur upp á að bjóða í þessum efnunum? Þetta er svona dæmi um nýjungar sem ég hef nefnt við forystumenn ferðamála fyrir daufum eyrum. Þar vantar allan metnað. Það er t.d. ekki til nein allsherjar

leiðsögubók um Ísland eftir íslenskan höfund, en margar bækur eftir útlenda blaðamenn og höfunda. Okkur skortir metnað á ýmsum sviðum í ferðaþjónustunni. ■

Austurland

Fréttir frá upplýsingamiðstöð Austurlands

Fuglaskoðunaraðstaða við Djúpavog

Nýtt fuglaskoðunarhús var reist við Djúpavog í lok síðasta sumars. Þá eru húsin orðin tvö og svæðið einstakt með tilliti til fuglaskoðunar. Einnig er verið að vinna að bættu aðgengi á Búlandsnesi með gerð göngustíga og brúa yfir kila. Í sumar verða sett upp ný skilti með upplýsingum um fugla á svæðinu, ný upplýsingamiðstöð verður sett upp í húsinu Sætúni og salernisaðstaða bætt fyrir gesti og gangandi.

Randulfs' sjóhús á Eskifirði

Randulfs' sjóhús á Eskifirði er gömul verbúð við sjóinn sem byggð var 1890. Ferðaþjónustan Mjóeyri rekur þar bátaleigu og veitingasölu og býður meðal annars upp á íslenskt sjávarfang. Húsið er í upprunalegri mynd og á efri hæðinni er verbúð sem hefur verið óhreyfð áratugum saman og upplifunin er eins og að sjómennirnir hafi bara rétt skroppið frá. Á neðri hæðinni eru langborð, bar og grillaðstaða og sæti fyrir allt að 80 manns. Einstakur staður sem gaman er að heimsækja.

Söguslóðir Vopnfirðingasögu

Við Vopnafjörð er verið að byggja upp gönguleiðir með leiðsögn um söguslóðir Vopnfirðingasögu. Einnig er unnið að uppbyggingu tengdri fuglaskoðum við Straumseyri en þar er einstakt fuglalíf, falleg náttúra og aðgengi gott. Það eru margir „faldir fjársjóðir“ á Austurlandi og Vopnafjarðarsvæðið er klárlega einn þeirra.



Velkomín á selaslóðir í Húnaþingi vestra



Húnaþing vestra er spennandi áfangastaður fyrir ferðamenn sem vilja njóta mannlífs, sögu og íslenskrar náttúru eins og hún gerist best. Svæðið er staðsett mitt á milli Reykjavíkur og Akureyrar skartar óspilltum heiðarlöndum, tignarlegum fjöllum, aðgengilegri strandlengju og fengsælum veiðiám og vötnum. Á Hvammstanga og í sveitunum í kring er að finna persónulega og fjölbreytta þjónustu og gestir boðnir velkomnir að njóta alls þess besta sem svæðið hefur fram að færa.

Tilvalið er að hefja förina í Selasetri Íslands á Hvammstanga. Þar eru ítarlegar fræðslusýningar um lifnaðarhætti sela og um selaskoðun á Vatnsnesi.

Einnig er upplýsingamiðstöð Húnaþings vestra starfrækt í Selasetrinu og tilvalið að afla þar upplýsinga um það helsta sem svæðið býður upp á. Í Húnaþingi vestra er að finna fjölbreytta afþreyingu, þar á meðal selaskoðunarsiglingar, heimsókn í ullarvöruverksmiðju, hestaleigur og hestaferðir, fjölbreytt söfn, setur og handverksmarkaði, fjölskylduvæn sundlaug auk fjölda náttúruskoðunarstaða og gönguleiða.


Vatnsnes er perla svæðisins með aðgengilegustu selaskoðunarstaði landsins og fjölmarga áhugaverða áningastaði eins og

Ánastaðastapa, Skarðsvita, Hamarsrétt, Illugastaði, Hvítserk og Borgarvirki. Þar gefst einstakt tækifæri til að komast í nána snertingu við náttúru og seli sem flatmaga á skerjum og leika við gárurnar á haffletinum. Mikill uppgangur er í ferðaþjónustu svæðisins og tilvalið að kynna sér það sem í boði er á

www.visithunathing.is



Nánari upplýsingar um Húnaþing vestra er að finna á vefnum www.visithunathing.is og á upplýsingamiðstöðinni á Hvammstanga í síma **451-2345** og í gegnum netfangið info@selasetur.is





Ljósmynd: Stefán Helgi Valsson

Hlédrægur leiðsögumaður varð forseti

Frú Vigdís Finnbogadóttir, leiðsögumaður, kennari, leikhússtjóri og forseti íslenska lýðveldisins, segist feimin þótt hún láti aldrei á því bera. Stefán Helgi Valsson heimsótti Vigdís og fræddist um þessa einstöku konu sem hefur beint og óbeint haft áhrif á leiðsögumenn og ferðaþjónustu á Íslandi sem hún starfaði við í 13 ár í hlutastarfi.

Hlédrægur leiðsögumaður varð forseti

Ég sjóaðist í framkomu í starfi mínu sem „leiðsögumaður“,“ segir Vigdís. Þótt ég sé feimin læt ég aldrei á því bera. Leiðsögnin var góður skóli til að vinna á feimninni, því það er mikil ögrun að vera leiðsögumaður. Ég er af þeirri kynslóð kvenna sem voru að bylta af sér farginu. Kvenfólk fór almennt ekkert til útlanda til að stúdera, nema kannski listamenn, en ég var af fyrstu kynslóð kvenna sem fóru í háskólanám erlendis. Þetta var í stríðslok og ég sýktist af útþrá, var afskaplega hrifin af franskri menningu en Frakkland var vaggja 20. aldarinnar í evrópskri menningu.

Fyrsta ferðin 1951 eða 1952

Þorleifur Þorleifsson, forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins, vissi að ég talaði frönsku. Hann kom að máli við móður mína og spurði hvort ég gæti ekki tekið að mér leiðsögn með franska ferðamenn af skemmtiferðaskipi. Þetta var árið 1951 eða 1952 og fyrsta ferðin mín gekk sem betur fer tiltölulega vel. Fjórir smekktfullir bílar frá BSÍ voru í samfloti þennan dag og var ekið frá Kalkofnsvegi þaðan sem Ferðaskrifstofa ríkisins var til húsa. Ég þekkti leiðina vel, Hreppana og Tungunnar, en las mér þó til og bjó til vörður (stiklur) sem komu sér vel í ferðinni. Í þessari ferð kom allur matur beint af skipinu og frönsku

ferðamennirnir fóru í dúkaða lautarferð við Geysi, sem var mjög skemmtilegt.

Ég var alltaf hálfkviðin fyrir ferðir, sem í sjálfu sér er gott, því ég trúði því að ef manni er ekki alveg sama áður en maður leggur af stað í ferð geri maður betur en ella. En með æfingunni fer maður auðvitað að eiga auðveldara með að tjá sig. Leiðsögumenn horfa oftast út um framrúðuna og tala. Sjálf þarf ég alltaf að horfa á áheyrendur til að nema viðbrögð þeirra. Ég sat oft á girkassanum, eins og þeir voru í gamla daga, og horfði aftur í bílinn. Ef ég á að segja brandara þá verð ég að sjá fólkið.



Ljósmynd: © Ragnar Th. Sigurðsson

Þetta voru mjög skemmtileg og gefandi ár í því tilliti að manni gáfust tækifæri til að stúdera landið gagnert. Er það nokkur furða þótt ég sé á móti Kárahnjúkavirkjun, ég þekki þetta svæði svo vel. Þegar maður hefur kynnt sér landið í þau verður maður svo hjartasár ef eitthvað spillir því. Hálandinu kynntist ég best á ferðalögum með Guðmundi Jónassyni óbyggðabílastjóra og Sigurði Þórarinssyni jarðfræðingi.

Upphaf leiðsögunáms á Íslandi

Þorleifur Þorleifsson, forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins, sá nauðsyn þess að þjálf leiðsögumenn erlendra ferðamanna. Hann bað Björn Þorsteinsson sagnfræðing, Björn Th. Björnsson listfræðing og mig um að skipuleggja nám. Fyrstu námskeiðin voru haldin í aðalbyggingu Háskóla Íslands, árið 1957 eða 1958 minnr

mig, seinna voru þau haldin í Árnagarði en námið var alltaf innan háskólasvæðisins. Þar voru ekki slegin nein vindhögg. Námskeiðin þóttu fjarska skemmtileg og voru mjög vinsæl. Við

GÓÐ RÁÐ FYRIR LEIÐSÖGUMENN FRÁ VIGDÍSI

- *Vertu þú sjálf/-ur.*
- *Konur eiga ekki að leika karla og karlar eiga ekki að leika konur.*
- *Vertu heilsteypt/-ur.*
- *Aldrei fara af stað nema vera vel undirbúin/-n.*
- *Hógværð er góður kostur. Það er auðvelt að monta sig af landinu því að það er svo flott.*
- *Allar ferðir eru eins og að fara í próf upp á nýtt og engin ferð er eins — einfaldlega vegna þess að fólk er aldrei eins.*
- *Leiðsögumaðurinn andspænis landinu bergmálar landið.*

fengum sérfræðinga á alla pósta. Þú getur ímyndað þér Björn Þorsteinsson skálmundi um gólf að segja innblásnar sögur um land og þjóð, Sigurð Þórarinsson að kenna jarðfræði og Björn

Th. að sjálfsögðu listasögu. Þetta voru miklir meistarar.

Fólk sem bjó yfir alþýðufróðleik var þarna líka því að við vildum halda öllu til haga. En þúfan sem þurfti að klífa var sú að fólk talaði erlendu tungumálin ekki nógu vel til að segja frá landi og þjóð.

Eitt af því sem ég gerði á Ferðaskrifstofu ríkisins var að ráða leiðsögumenn. Stundum kom til mín fólk sem talaði málin vel en vissi ekkert hvað átti að segja. Ein stúlka var einhvern tíma fengin í hallæri til að leiðsegja á ítölsku í bíl. Og það

fyrsta sem hún þorði að segja þegar hún kom upp fyrir Elliðaár var: „A sinistra Lago Rosso“ (til vinstri Rauðavatn). Væntanlega leit fólk út um gluggana og velti fyrir sér hvað hún átti við.

Það er grundvallaratriði að þeir sem kynna landið viti um hvað á að fjalla. Ég hjálpaði stundum væntanlegum leiðsögumanni að búa til það sem ég kallaði „vörður“ sem studdi hann í því að tala um ákveðin efni á tilteknum stöðum og svo var öllum auðvitað velkomið að flétta ýmislegt annað inn í frásögnina.

Á ferð með Guðmundi Jónassyni

Vigdís ferðaðist tvö sumur með þeim Guðmundi Jónassyni óbyggðabílastjóra, stofnanda Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar, og Sigurði Þórarinssyni jarðfræðingi.

Sigurður sjanghæjaði mig til að þýða fyrir sig í ferðum með erlenda jarðvísindamenn um landið. Við Guðmundur urðum miklir vinir – hann var yndislegur maður. Seinna, þegar hann varð eldri, minnti hann mig stundum á að í hryssingstíð á fjöllum hafði ég sofið fyrir innan hann í koju – og naut auðvitað hlýjunnar af þessum stóra manni – og hann var kankvís þegar hann spurði mig: „Manstu þegar við sváfum saman í koju í Hrafninnuskeri – eða var það í Landmannaugum?“ Honum fannst skemmtilegast að segja þetta þegar sem flestir heyrðu.

Guðmundur kenndi mér margt og ekki síst eitt sem mér finnst óendanlega fallett: Þegar þú sérð gullmuru, fálkapung (holurt), geldingahnapp eða eyrarrós gægjast upp úr svartri sandauðninni þá eru þetta orkídeur norðursins, orkídeur sandanna. Ég hugsa alltaf um þetta þegar ég ferðast um óbyggðirnar.

Á þessum ferðalögum með Guðmundi kynntist ég landinu og ánum mjög vel. Guðmundur hafði einstaka þekkingu á öllum vöðum, sérstaklega vaðinu yfir Tungnaá. Hann þekkti botninn á þessu stórflyjóti eins og lófa sinn. Hann hafði alltaf eyktarmark og fór svona, pínulítið svona, og svo örlítið niður eftir ánni, og þegar einn stein bar við annan átti hann að fara aðeins upp eftir. Hann þekkti hvern einasta stein við sjóndeildarhringinn.

Ferðaskrifstofa ríkisins

Vigdís starfaði fyrir Ferðaskrifstofu ríkisins á sumrin á árunum 1959-1972. Ferðaskrifstofa ríkisins var stofnuð árið 1936 en lögð niður 1939. Hún var svo endurreist eftir síðari heimsstyrjöld og hafði einkaleyfi reksturs ferðaskrifstofu erlendra ferðamanna til ársins 1964.

Ég var stöðugt í Gullfossferðum sumarið eftir að ég fór í fyrstu skipsferðina en svo urðu breytingar á. Þorleifur Þorleifsson, forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins, óskaði eftir starfskröftum mínum á skrifstofunni og bað mig að vinna að kynningarmálum. Þorleifur var hinn mikli brautryðjandi í íslenskum ferðamálum. Hann var öðlingur, hógvær og tranaði sér aldrei fram. Einn góðan veðurdag datt honum í hug að gera heimavistarskólana að sumarhótelum og þá

beitti hann okkur Friðu Ásgeirsdóttur, gjaldkera Ferðaskrifstofunnar, til að mynda fyrir sig. Við vorum oft kallaðar „vegmeijarnar“ því við ókum milli heimavistarskólanna vítt og breitt um landið. Seinna urðu heimavistarskólarnir Eddu-hótel á sumrin. Þegar verið var að undirbúa hót-elreksturinn í upphafi pantaði Þorleifur sjálfur inn fyrir hótelin. Léreftsstrangar, til að láta sauma sængurfatnað fyrir hótelin, voru fluttir beint til hans frá útlöndum. Á skrifborðinu hans var iðulega hrúga af léreftsströngum, sængur-líni og gluggatjaldaefnum en áður vorum við kvenfólkið búnað að aðstoða hann við að velja efnið í gegnum heildsala.

Ég fór snemma að skipuleggja ferðir, m.a. SAGA tour sem var ákaflega vinsæl. Einnig sérferð fyrir fuglaskoðara og þá sem vildu skoða fossa og jökla. Ég man að við lögðum sérstaka áherslu á jöklana í litlum bæklingi sem við gáfum út. Ég

varð svo megin kynnrir ferðaskrifstofunnar fyrir þá sem vildu skrifa um Íslandi og tók á móti rithöfundum, ljósmyndurum og blaðamönnum. Eftir á að hyggja þá var ég á þessum árum hægri hönd Þorleifs og starfið sem slíkt kenndi mér býsna margt um ábyrgð.

Gullhringurinn er vinsælasta dagsferðin út frá Reykjavík en fáir vita að nafnið er komið frá Vigdís: Okkur vantaði gott nafn til að selja ferðina milli Þingvalla, Gullfoss og Geysis. Nafnið er komið beint upp úr þjóðarkveðskap Íslendinga, sem á vel við því allir þessir staðir eru gulls ígildi í sögu og náttúru út frá Reykjavík. Gullhringurinn, eða The Golden Circle, heitir eftir þriðju álfkonunni í kvæðinu um Ólaf Liljurós:

*Þar kom út hin þriðja
með gullband um sig miðja.*

VIÐ ERUM AÐ KYNNA HÁMARK

FJÓRAR LJÚFFENGAR BRAGÐTEGUNDIR

HÁMARK HRAUSTUR LÍKAMI - HEILBRIGÐ SÁL





Hvar er skógurinn?

Þingvellir eru hliðið inn í sögu og fortíð Íslands og þjóðarinnar og þess vegna finnst mér að alltaf eigi að byrja þar þegar farið er í Gullhringinn. Þingvellir eru þar á ofan fegurstir í árdegissól. Á mínum tíma var algengt að Gullhringurinn tæki tíu klukkustundir en nú veit ég að í boði eru ferðir sem taka rúmar fimm klukkustundir. Ég sakna hvorki Valhallar né grenitrijánna á Þingvöllum. Birki er mitt tré. En annars á maður að vera þakklátur fyrir allt sem grær á Íslandi. Elísabet Bretadrottning kom til Íslands og skoðaði Þingvelli árið 1990. Á leiðinni til Þingvalla var gert stutt stopp í Vínaskógi til að vígja hann í tilefni landgræðsluskógaáttaks. Henni hafði verið sagt að staðurinn hétu The Forest of Friendship. Þegar við stigum út úr bílnum og gengum inn á svæðið staldraði drottningin við og leit í kringum sig og sagði í undrun sinni: „Where is the forest?“ Við fengum þann heiður að gróðursetja fyrstu tvær hríslurnar á svæðinu svo það var ekki nema eðlilegt að hún skyldi spyrja, blessuð konan. Þetta voru tvær birkihríslur sem standa hnarreistar neðan við stöplana þar sem meitluð eru nöfn þeirra sem hafa gróðursett í þessum skika, sem nú, tveim áratugum síðar, er orðinn að gróðurandi.

Gylltur lúður

Vigdís lenti auðvitað í ýmsu minnisverðu á löngum ferli. Einu sinni bilaði hljóðneminn í bílnum. Þá þurfti ég að standa í ganginum og tala eins hátt og ég gat. Eldri maður – reyndar vel við aldur – sat í fremsta sætinu og starði eitthvað svo mikið á mig að ég fór að velta því fyrir mér hvers vegna hann góndi svona stíft. Það hlaut að vera eitthvað sem ég var að gera vitlaust. Daginn eftir kemur hann aftur í sömu ferð, og enn einblínr hann á mig og sýnist ekki hafa áhuga á að horfa í kringum sig. Þingvellir voru fyrsta stopp dagsins og þar vindur hann sér að mér, með þessu starandi augnaráði, og spyr hvort ég sé komin af Melkorku. Ég hélt það gæti nú passað því að amma mín væri úr Dölunum og ég þættist áreiðanlega skyld fornköppum þar. Þegar hann heyrir þetta býður hann mér á stundinni að heimsækja írsku innflytjendafélagið í New York. Hann sagðist vera af írsku bergi brotinn og vera síðasti ábúandinn í privathúsi á Wall Street og ég væri sú sem hann hefði verið að leita að síðast liðin ár til að sitja fremst í aðalvagni sem Melkorka í árlegri skróðgöngu afkomenda írskra innflytjenda. Og ekki nóg með það, hann las mér bréf frá ritstjórn Life þar sem farið var fram

á einkaleyfi hjá stjórn írsku innflytjendafélagsins til að birta í tilteknum mánuði forsíðumynd af þessari þá hefðbundnu skróðgöngu um Fifth Avenue. „Þú átt að vera fremst á þessari mynd – þú ert svo írsk – og þú átt að segja blaðinu söguna af Melkorku,“ sagði hann. Mér blöskraði sú tilhugsun að það gæti komið til mála að vera á útsíðu Life. Ég hugsaði aldrei lengra en að verða hrædd um að ég yrði að athlægi ef ég kæmi á forsíðu í erlendu blaði, sem kannski yrði selt í Bókabúð Lárusar Blöndal á Skólavörðustígnum – kannski jafnvel stíllt út í glugga – og neitaði þessu áhugaverða boði. Nema hvað, stuttu seinna kom svo kassi í pósti á ferðaskrifstofuna merktur Vigdís og var opnaður með mikilli varúð. Í kassanum var lúður eins og notaður er á íþróttavöllum. „Fyrir yður að nota þegar hljóðneminn er bilaður,“ stóð á korti sem fylgdi gjöfinni frá þessum aldraða afkomanda írsku innflytjenda í Ameríku.

Nauðsynlegt að gera kröfur til leiðsögumanna

Ég ber mikla virðingu fyrir leiðsögumannanámínu eins og það er orðið. Mér skilst að þetta sé gríðarlega mikið og traust nám. Mér finnst gott

að kröfur séu gerðar til leiðsögumanna og ég veit að lágmarksmenntun er krafist í Evrópu. Þegar við Björn vorum í þessu var viðhorfið almennt að hver sem er gæti verið leiðsögumaður með erlenda ferðamenn. Starfið þótti ekkert sérstakt en það er nú heldur betur fjarri öllu raunsæi. Að mínu mati verður að þjálfra afar vel til starfana, eins og í öllum mikilvægum starfsgreinum. Fólki verður að kunna tungumálið sem það notar til frásagna og vita hvað það ætlar að segja. Það þarf að þekkja landið, kunna sögu þjóðarinnar, þekkja staðhætti og þekkja jarðsöguna. Og margt, margt fleira. Það er ákveðin list fólgin í því að fá söguna til að verða að mynd í hugum þeirra sem eru að horfa á umhverfið. Okkur Birni var efst í huga að byggja upp leiðsögunám á þann veg að til að verða leiðsögumaður væri ekki nóg að kunna að koma fyrir sig orði á öðrum tungumálum, heldur þurfti einnig að kunna að segja frá.

Menntun leiðsögumanna og leiðsögupróf er nauðsynlegt vegna þess að það er ekki hægt að senda hvern sem er með ferðamönnum sem telja sig hafa keypt aðgang að upplýsingum um land og þjóð. Ferðamenn fara í ferð með leiðsögumanni vegna þess að þeir vilja fræðast. Reyndar vilja kannski ekki allir fá leiðsögn og sumir óska sér að leiðsögumaðurinn hætti að tala vegna þess að hann sé svo leiðinlegur. Það getur alveg drepið mann að hlusta á leiðinlegan leiðsögumann sem ekki er starfinu vaxinn – eins þótt maður viti ekki neitt sjálfur! Til allrar hamingju eigum við á Íslandi enga svoleiðis leiðsögumenn.

Ég lít á mig sem atvinnuleiðsögumann þótt ég hafi ekki slíkt próf eins og sjálfsagt er að hafa í dag. Ég held – vafalaust í einhverri bjartsýni – að ég gæti, ef svo bæri undir, stigið upp í bil núna og komist nokkurn veginn klakklaust gegnum ferð, t.d. Gullhringinn. Ég hef í raun aldrei hætt að vera leiðsögumaður.

Leikhússtjóri og forseti

Ég varð þó viðskila við ferðaþjónustuna 1972 þegar ég tók við starfi leikhússtjóra Leikfélags Reykjavíkur og var reyndar fyrsti kvenmaðurinn sem gegndi þeirri stöðu. Fyrir forsetakjörið árið 1980 fór ég um landið og talaði þá alltaf um umhverfið, fólkið á staðnum en ekki sjálfa mig. Þetta kunni fólk að meta. Þá naut ég þess að hafa verið leiðsögumaður og vegmær. Kosningabaráttan var kannski erfiðari fyrir mig en hina frambjóðendurna vegna þess að fólk þekkti mig fyrst og fremst sem frönskukennarann úr Sjóntarpinu eða leikhúsmanneskju, en ég var óþekkt í pólitík. Það var landið og þekking mín á landinu sem fleytti mér áfram. ■

LÍFSHLAUP VIGDÍSSAR FINNBOGADÓTTUR

Vigdís fæddist í Reykjavík 15. apríl 1930. Hún útskrifaðist frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1949 og fór þá til Frakklands þar sem hún nam franskar bókmenntir við Háskólann í Grenoble og Sorbonne í París 1949-1953 og leiklistarsögu við Kaupmannahafnarháskóla. Eftir að hún sneri aftur til Íslands lauk hún BA-prófi frá Háskóla Íslands í frönsku og ensku og kennslufræði til kennsluréttinda.

Vigdís starfaði í ferðaþjónustu í um 13 ár sem leiðsögumaður ferðamanna á vegum Ferðaskrifstofu ríkisins, hannaði ferðir og sá um markaðs- og kynningarmál. Síðast en ekki síst kom hún ásamt fleirum að menntun leiðsögumanna.

Vigdís er einn af stofnendum framúrsteftnuleikhússins Grímu og var leikhússtjóri Leikfélags Reykjavíkur í lðnó 1972-1980. Vigdís var kosin forseti Lýðveldisins 1980 og varð við það fyrsti kvenkyns þjóðhöfðingi í heimi sem kosin var í almennum lýðræðislegum kosningum. Hún dró sig í hlé árið 1996 eftir 16 gæfurík ár í forsetaembættinu.

Vigdís er heiðursdoktor við 16 háskóla og er öflugur talsmaður jafnréttis kynjanna og mikil áhugamanneskja um varðveislu og viðgang tungumála fámennra þjóða.



Warm and friendly restaurant

Welcome to our warm, friendly restaurant, just a few steps away from the famous waterfall Gullfoss. Enjoy the beautiful mountains and glaciers of Iceland, along with a taste of the country – our famous Icelandic meat soup, “kjötsúpa”. We also offer sandwiches, homemade cakes, excellent coffee, drinks and fresh salad.

Seating for up to 350 people

Gullfoss Café has seating for up to 350, where guests can enjoy food and drink in comfortable surroundings. The ideal group stop for lunch or dinner when sightseeing by Iceland's most waterfall.

Tax Free souvenir shop

Gullfoss Café has a souvenir shop with a wide selection of woollen products and other clothing, jewelry and Icelandic crafts. Guests from abroad can shop tax free, saving up to 15% from the original price.



Gullfoss kaffi, 801 Bláskógabyggð • Tel. 00354 486 6500 • Email: gullfoss@gullfoss.is • www.gullfoss.is

Reykjavík

Fréttir frá upplýsingamiðstöð Reykjavíkur



Upplýsingamiðstöð fyrir höfuðborgarsvæðið – og allt landið

Höfuðborgarstofa rekur upplýsingamiðstöð í gömlu og virðulegu húsi í Aðalstræti, rétt við Ingólfstorg. Þar er opið allan ársins hring, nema á jóladag, og ferðamönnum, leiðsögumönnum og öðrum eru veittar upplýsingar um hvaðeina á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni allri.

Reykjavík er vaxandi ferðamannaborg og margt í boði á höfuðborgarsvæðinu jafnt sumar sem vetur. Á vefsvæði borgarinnar www.visitreykjavik.is er öflugt viðburðadagatal þar sem viðburðahaldarar setja sjálfir inn sína viðburði, svo ef fylgst er með dagatalinu þarf enginn að missa af neinu.

Ísland allt árið

Höfuðborgarstofa starfar í nánú samstarfi við ferðapjónustuna, aðra opinbera aðila borgarinnar, kaupmenn og önnur fyrirtæki, um að gera borgarlífið sem mest lifandi. Yfir sumarið eru alls konar uppákomur og viðburðir í miðbænum. Áberandi hefur verið hópur ungs fólks sem sinnir s.k. „Skapandi sumarstörfum“ og þeim fylgir gjarna mikið sprell og fjör á götum úti.

Frá aðventunni og yfir jólahátíðina breytist borgin í Jólaborg. Þá er hún skreytt hátt og lágt

með glæsilegum jólaljósum, mikið er um tónlist á götum úti og jólavætti að sjá víða um miðborgina.

Áheyrsla er lögð á að dreifa viðburðum í Reykjavík yfir allt árið, svo fá megi fleiri ferðamenn yfir vetrarmánuðina. Meðal árlegra viðburða má nefna: Myrka músíkdaga, Vetrarhátíð, Safnanótt, Food & Fun, Rainbow Reykjavík, Hönnunarmars, Hestadaga í Reykjavík, Sequences, Blues hátíð, Barnamenningarhátíð, Listahátíð í Reykjavík, RayCup, Hátíð Hafsins, Bjarta Daga, Víkingahátíð, Gay Pride, Menningarnótt, Imagine Peace, Aðventuhátíð og svo auðvitað Airwaves, tónlistarhátíðina vinsælu, sem hefur verið færð aftur til mánaðamótanna október-nóvember.

Viðey, 16 sundlaugar, 35 söfn, 4 hestaleigur ...

Hver og ein af hinum 16 sundlaugum höfuðborgarsvæðisins býður upp á eitthvað sérstakt og þær eru flestar opnar langt fram á kvöld. Söfn á svæðinu teljast vera 35 að tölu og þeirra á meðal er Árbæjarsafn, sem opnar öll sín hús fyrir gestum á sumrin og býður upp á þematengda dagskrá um helgar. Hægt er að skoða fugla í fuglasafninu við Gömlu höfnina í Reykjavík, þaðan sem mörg skip fara daglega með fólk í hvala- og fuglaskoðanir eða á sjóstangaveiðar. Þá má leigja sér hjól, fara í hjólaferðir með leiðsögn, gönguferðir í miðbænum eða í fjöllin í nágrenninu, skíðaferðir,

rútuferðir, siglingar og hestaferðir. Í sumar verður hægt að fara á hestbak í Viðey, sem eykur enn á sveitastemninguna sem þar ríkir. Í Skólahúsinu er ljósmyndasýning um lífið í eyinni á fyrri öld og í kjallara Viðeyjarstofu er sýning um sögu hússins og staðarins. Þar er hægt að kaupa sér veitingar eða fara með sitt eigið nesti og snæða í Viðeyjarnausti en þar er einnig útgíll. Öll þriðjudagskvöld á sumrin er gönguferð með leiðsögn, t.d. kúmenganga, lygganga og söguganga. Fjöldi manna er gjarna viðstaddur þegar kveikt er á Friðarsúlunni á afmæli Johns Lennon, 9. október. Kveikt er á súlunni til dánardægurs hans, 8. desember, og á þessu tímabili er boðið upp á reglulegar friðarsiglingar út í eyju.


Bíó fyrir erlenda ferðamenn

Ferðamenn geta nú séð íslenskar kvikmyndir, með enskum texta, í Bíó Paradís og myndir um eldgos og náttúru Íslands í Red Rock Cinema, Hellusundi, Volcano House, Tryggvagötu, og The Cinema við Gömlu höfnina í Reykjavík.

Harpa

Óneitanlega er Harpa ein merkilegasta nýjungin í höfuðborginni. Daglega er hægt að skoða og fræðast um þetta magnaða hús, en boðið verður upp á daglega leiðsögn á ensku.

SVONA ER STARFIÐ ...



Mynd: © Þóráðir-Ágústsdóttir

**„Hér er svo margt að sjá,“
sagði blinda konan**

Margt misskemmtilegt gerist í leiðsögustarfinu. Minnisstæðust er mér blind kona í fylgd eldri hjóna í hringferð. Við Arnarstapahöfn fóru flestir strax að taka myndir en blinda konan stóð kyrr, þefaði og sagði: „Hér eru hestar.“ Mér fannst það ótrúlegt en talaði um fuglana og sjávarlyktina en hún lét sig ekki, var enn ákveðnari þegar við nálguðumst gatklettinn. Allt í einu birtust þrjár hestar í afgirtri laut. Auðvitað vildi blinda konan fá að strjúka hestunum en þeir vildu ekki koma nær.

Með mig sem fylgdarmannskju gekk hún hiklaust gegnum hátt grasið og þúfurnar í átt til hestanna. Gaddavirgirðing, „Enginn vandi, við skríðum bara undir,“ sagði hún. Sem var reyndar hægara sagt en gert, því þrjár strengir voru í girðingunni. Tveir úr hópnum lyftu neðsta strengnum og ég og blinda konan lögðumst á magann og rúlluðum okkur þannig inn á hestaflötina.

Forvitni hestanna varð hræðslunni yfirsterkari og þeir komu til okkar. Þannig var blindu konunni mögulegt að skoða hestana með því að þreifa, lykta og þreifa enn meir.

Oft í ferðinni gat ég ekki annað en dásamað þessa konu, sem naut þess út í ystu æsar að ferðast og „sjá“ svo margt ... bara öðruvísi.

Renata Vilhjálmsdóttir

Ævintýraheimur fyrir alla fjölskylduna

www.whalemuseum.is

**THE HÚSAVÍK
WHALE
Museum**
HVALASAFNIÐ
Á HÚSAVÍK

www.centerhotels.com/map

STAY IN THE CENTER

IN THE ♥ OF REYKJAVIK

- CENTERHOTELS**
ARNARHVOLL
- CENTERHOTELS**
PLAZA
- CENTERHOTELS**
KLÖPP
- CENTERHOTELS**
SKJALDBREIÐ
- CENTERHOTELS**
ÞINGHOLT

**CENTER
HOTELS**

+354 595 8500
www.centerhotels.com

ÍSLENSKIR FJALLALEIÐSÖGUMENN ÖRUGGLEGA Á FJÖLLUM!

Sími: 587 9999 · fjallaleidsogumenn@fjallaleidsogumenn.is
MOUNTAINGUIDES.IS · FJALLALEIDSOGUMENN.IS

ÍSLENSKIR
FJALLALEIÐSÖGUMENN

Hvannadalshnúkur
Hrútsfjallstindar

Eyjafjallajökull
Fimmvörðuháls - Isklifur
Fjallgönguþópar
Námakeldi og fleira

THE ORIGINAL SINCE 1969

HAGKVÆMUR KOSTUR

Hotel Cabin

www.hotelcabin.is

Í SVEITASÆLU SUÐURLANDS


HÓTEL ÖRK

www.hotelork.is

GÆÐI Í MIÐBORGinni
#2 Á TRIPADVISOR!

**HÓTEL
KLETTUR**

www.hotelklettur.is



Ljómmynd: © Þórunn Agústsóttir

Landnám á forsendum upplýsingar

Líklega hafa fá fagfélög á að skipa jafn breiðri og mikilli fagþekkingu og Félag leiðsögumanna og meðal félagsmanna eru nokkrir með doktorspróf. Einn slíkur er dr. Marion Lerner sem lauk námi frá Leiðsöguskóla Íslands árið 2001. Doktorsritgerð hennar kom út í 390 síðna bók árið 2010 sem ber heitið Landnahme-Mythos, kulturelles Gedächtnis und nationale Identität, sem Marion þýðir: „Goðsögn af landnámi, menningarminnið og sjálfsmýnd þjóðar. Íslensk ferðafélög á fyrri hluta 20. aldar.“

Þar skoðar hún ferðalög Íslendinga á heimaslóðum frá 3. áratug 20. aldar til u.þ.b. 1944 og byggir á starfsemi þriggja ferðafélaga; Ferðafélags Íslands, stofnað 1927, Fjallamanna, stofnað 1939, og Bandalags íslenskra farfugla, stofnað 1939. Hún fékk aðgang að gögnum félaganna, s.s. fundargerðarbókum, bréfum og árbókum, auk þess að lesa blaðgreinar og önnur gögn um félögin, sem og bækur Guðmundar frá Miðdal, en þess má geta að hann teiknaði táknmerki Ferðafélagsins og Fjallamanna. Hér segir Marion frá helstu niðurstöðum rannsóknar sinnar.

– Það sem ég tók eftir var að í öllum gögnum er mikið talað um landnám, um Ingólf Arnarson sem fyrirmynd, um þjóðarstolt og þjóðerniskennd. Þeir sem stóðu að félögum tálkuðu gjörðir sínar út frá mýtunni um stofnun þjóðarinnar, þ.e. að nema óþekkt land. Það sem Ferðafélagið gerir er að nema land í óbyggðum með því að byggja sæluhús, brýr og vegi, setja upp hringsjár og varða vegi. Einnig með því að fræða fólk um náttúru landsins. Þeir létu einnig teikna



Marion ásamt hluta af þáverandi stjórn FL; Skúla Möller formanni og Kent Lárussyni stjórnarmanni.

kort af landsvæðum, sem þeir seldu, og efndu til ljósmyndakeppni. Þetta er það sem ég túlka sem landnám í bókstaflegri sem og yfirfærðri merkingu. Með starfsemi sinni færir Ferðafélagið fólk aðgang að svæðum sem það þekkti ekki áður og það „eignaðist“ landið sitt í gegnum þekkingu. Þeir sem stjórnðu félagsstarfinu voru aðallega karlmenn úr aldamótakynslóðinni. Gjarna þeir sem bjuggu yfir sérþekkingu, s.s. verk- eða náttúrufræðingar, og þeir voru að vinna að þessu fyrir þjóðina. Þessir menn vildu tengja fólk með fastari böndum við landið og náttúru þess og stuðla að ættjarðarást. Það kom mér á óvart að á fyrstu árunum var lítið ferðast í Ferðafélaginu en síðan var farið að skipuleggja dagsferðir og helgarferðir sem urðu afar vinsælar eins og fræðslukvöldin. Svo eru árbækurnar sem birtast síðan 1928 mikið afrek.

Upphafin náttúra en líka hættuleg

Guðmundur frá Miðdal stofnaði Fjallamenn en hann lærði í Þýskalandi og komst þar í kynni við fjallamennsku. Þegar heim kom safnaði hann saman fólk, fyrst og fremst karlmönnum en konur voru einnig með í för, og kynnti fyrir þeim fjallaþróttir, sem á þeim tíma voru ekki mjög þekktar hér. Hann var mikill hugsjónamaður og taldi að fjallaþróttir gætu komið þjóðinni að gagni í atvinnumálum og til að byggja upp hreysti ungs fólks. Hann fór oft með hópa fólks í ferðalög, t.d. upp á Fimmvörðuháls, m.a. til að byggja þar skála. Fjallamenn voru með nokkuð svipaða stefnu og Ferðafélagið en þeir vildu enn frekar færa út kvíarnar upp á hálendið, há fjöll og jökla. Ferðalög þeirra snérist einkum um að „sigrá náttúruna“ og komast þangað sem aðrir höfðu ekki komist áður.

HESTALEIGAN Í REYKJAVÍK

RAUÐHÓLAR – HÓLMSHEIÐI – FJALLASÝN – STÖÐUVÖTN – 10 MÍN FRÁ MIÐBÆNUM



Hjá ÍSLENSKA HESTINUM er lögð áhersla á leiðsögn og leiðbeiningar varðandi hestamennsku, góðan hestakost ásamt kynningu á íslenska hestinum.



Eigandi ÍSLENSKA HESTSINS er Begga Rist, hestakona og menntaður leiðsögumaður. Begga veit ekkert skemmtilegra en vera með góðu fólki og kynna íslenska hestinn og Ísland. Hún ásamt starfsfólki ÍSLENSKA HESTSINS tekur fagnandi á móti gestum.

Begga hefur starfað við leiðsögn síðan 1991 og farið með hópa bæði í rútum og á hestum um allt land. Begga leiðsegir á:



Hestaleigan ÍSLENSKI HESTURINN hefur verið sett í fremstu röð yfir afþreyingu í heiminum að mati gesta.

"BEST experience ever!"

"Best horse ride of my life!"

"An Excellent, Unique Experience."

"Well-deserved 1st place on tripadvisor"

"Experienced Riders Loved This Place"

"The most wonderful thing about Iceland"



ALLA DAGA
ALLT ÁRIÐ
Sækjum á hótél
og gistiheimili
í Reykjavík



ÍSLENSKI
HESTURINN
THE ICELANDIC HORSE

islenkihesturinn.is · info@islenkihesturinn.is · Surtlugata 3 · 110 Reykjavík · Sími 434 7979

Guðmundur var líka listamaður. Hann teiknaði og málaði myndir af náttúrunni, blíðri sem óblíðri. Mjög augljóst er í listsköpun hans að þetta er upphafin náttúra, sem hann dáir, en líka náttúra sem getur verið mönnum hættuleg. Þessi tvíþendni er einkenni hins háleita. Guðmundur fór beinlínis í könnunarferðir til að mála náttúruna og kom með afraksturinn heim í borgina þar sem myndir hans voru á tímabili mjög vinsælar. Hann var líka mjög framsýnn og talaði um að byggja upp ferðamennsku, t.d. með því að byggja flugvelli, skíðaskála o.fl. sem víðast í óbyggðum Íslands.

Rómantískar og skemmtilegar ferðir

Farfuglarnir, sem stofnaðir voru 1939, voru svo næsta kynslóð á eftir og voru eiginlega unglíngar á menntaskólaaldri. Stofnendurnir voru af kynslóð sem ólst að mestum hluta upp í borginni; borgarborn sem upp-götva náttúruna, ekki svo mikið til að sigra hana heldur til að

njóta hennar. Þeir ferðast gangandi, ríðandi eða á hjóli, helst ekki á bílum eins og Ferðafélagsmenn gerðu. Þeir sóttu fyrirmyndina til Þýskalands, til Wandervogel sem varð til um aldamótin 1900. Einnig litu þeir til annarrar hreyfingar í Þýskalandi sem kom upp þéttu neti af farfuglaheimilum þar sem ungt fólk gat fengið ódýra gestingu sem víðast. Fyrst í stað reyndu Farfuglarnir á Íslandi að herma eftir starfsháttum Ferðafélagsins en það tókst ekki vel. Síðar breyttu þeir um stefnu og ákváðu að vera félagskapur fólks sem færi saman í ferðalög til að hafa gaman af. Samkvæmt gögnum virðist mikil gleði hafa ríkt í félagskapnum og margar stelpur voru virkar í stjórn og nefndum. Unga fólkinu þóttu íslenskar þjóðsögur spennandi og það vildi gjarna ferðast á slóðum þar sem sögur voru til, jafnvel sögur af hrakningum alþýðumanna. Unglingarnir tengdu upplifun sína úti í náttúrunni mjög gjarna við bókmenntaarf þjóðarinnar og bjuggu til sinn eigin mjög heillandi hugmyndaheim. Þetta má einnig kalla landnám, þó á mjög huglægan hátt. ■

DR. MARION LERNER

Marion er fædd 1968 og ólst upp í Magdeburg í Austur-Þýskalandi. Þegar Berlínarmúrinn féll fluttist hún til Berlínar til að fara í nám við Humboldt háskóla. Þar stundaði hún nám í menningarfræði, félagsfræði og menntunarfræði og lauk MA-gráðu árið 1998. Á meðan á náminu stóð kom hún í fyrsta sinn sem ferðamaður til Íslands og ákvað þá að hingað þyrfti hún að komast aftur. Hún fór að læra íslensku í Berlín og meistaranirgerð hennar fjallaði um ferðalýsingar eftir þýskar og austurrískar konur sem ferðuðust til Íslands á 19. og 20. öld. Síðar hlaut Marion styrk frá menntamálaráðuneytinu til að læra íslensku og fluttist þá til Íslands. Að íslenskunáminu loknu fór Marion í Leiðsöguskólann og nam síðar þýðingafraði við HÍ. Hún hafði lifibrauð sitt af leiðsögn og þýðingum og starfar nú við að kenna þýðingafraði við HÍ. Einnig kennir hún menningu og sögu í Leiðsögunámi á háskólastigi hjá Endurmenntun HÍ, enda menntun leiðsögumanna henni afar hugleikin.

Hún kláraði doktorsnám við Humboldt-háskólann 2009 en annar leiðbeinandi hennar var Ástráður Eysteinnsson, forseti hugvísindadeildar HÍ. Marion hefur lítið kynnt niðurstöður sínar hingað til en stefnir að því að bæta þar úr – og þykir ekki ólíklegt að fræðslunefnd félagsins fái hana til að halda fyrirlestur næsta vetur. Marion er mörgum félagsmönnum vel kunn því hún átti sæti í nokkrum nefndum sem og í stjórn félagsins á árunum 2004-2011, var m.a. varaformaður.

Vesturland

Fréttir frá upplýsingamiðstöð Vesturlands



Hvalasýning, safnasvæði og hernámssýning

Mikil vakning er fyrir opnum landbúnaði og mat úr héraði á Vesturlandi og eru nokkrir bæir með opinn landbúnað. Nefna má Erpsstaði í Dölum og Bjarteyjarsand í Hvalfirði. Í Ferstikluskálanum er hægt að fá hamborgara úr héraði og hvalsteik verður á boðstólum í sumar en þar hefur einnig verið opnuð hvalasýning. Að Hliðum í Hvalfirði er sundlaug og nýlega hefur verið opnað áhuga-vert hernámssetur. Þar er hægt að kynna sögu hernámsins í Hvalfirði, sem er saga sem fáir þekkja. Á Þórisstöðum í Svínadal er verið að setja upp vísi að húsdýragarði. Eitt skemmtilegasta safnasvæði landsins er á Akranesi og er vel þess virði að heimsækja þennan fallega bæ fyrir utan að þar eru vinsælir veitingastaðir eins og Galito.

Mekka ullar og landbúnaðar

Í Borgarnesi er Landnámssetrið þar sem gestir fá, með hljóðleiðsögn á ýmsum tungumálum, ómetanlega innsýn í sögu landnámsins, að ógleymdri sögu Egils Skallagrímssonar. Þar er einnig boðið upp á mikið úrval af minjagripum og íslensku handverki, sem og góðan íslenskan mat, eins og kjötsúpu, plokkfisk og skyr. Hinum megin við götuna er Gallerí Gersemi með íslenskt handverk og vandaða hönnunarvöru og náttúrulegsmyndir. Mekka íslensku ullarinnar er

svo í Ullarselinu á Hvanneyri þar sem einnig er hægt að heimsækja Landbúnaðarsýninguna og kynna sér sögu landbúnaðarins á Íslandi.

Liggi leiðin um Dalina, um Bröttubrekku, er upplagt að stoppa að Hraunsnefi í Norðurárdal en þar eru íslensk húsdýr sem auðvelt er að heilsa upp á og fá sér kaffi í leiðinni. Hjá Sigga að Eiríksstöðum er heilsað upp á Eirík rauða og á Erpsstöðum er opið fjós með frábærar afurðir beint af beljunni. Í Leifsbúð er hægt að fá íslenskt bakkelsi og góðan mat og ný hestaleiga er komin að Hvítadal í Dölum.

Snæfellsnes - alltaf eitthvað nýtt að sjá og gera

Á Snæfellsnesinu eru nú fastar ferðir á sumrin í Vatnshelli í Snæfellsjökulspjóðgarði, auk þess sem opnað er fyrir hópa allt árið. Ennþá er hægt að fara á snjósleða með Snjófelli á Snæfellsjökul. Í Grundarfirði er frítt inn á sýninguna í Sögusetrinu og kaffihúsið á staðnum býður upp á íslenskt bakkelsi og veitingar. Hægt er að fara með Lákitours í Grundarfirði í bátsferðir og nýjar náttúru- og hvalaskoðunarferðir þeirra slógu í gegn í vetur, þar sem m.a. var hægt að sjá háhyrninga elta loðnuna inn í fjörðinn. Á sumrin býðst að fara í sjóstangaveiði og borða svo sinn fisk á Hótel Framnesi. Síðan ætti enginn að sleppa því að heimsækja Hildibrand í Bjarnar-

höfn og smakka íslenskan hákarl. Í Stykkishólmi er mjög gott eldfjallasafn og þar eru Sæferðir alltaf á sínum stað með ógleymanlegar ferðir. Ocean Safari hefur starfsemi í vor og ferður með hraðskreiða báta sem sigla um eyjarnar í Breiðafirðinum. Vesturland getur stært sig af sérstökum sundlaugum, eins og grænu ölkeldulaugin á Lýsuhóli og sundlauginni í Stykkishólmi þar sem heita vatnið hefur verið vottað og því líkt við efnainnihald vatnsins á fræga baðstaðnum í Baden-Baden í Þýskalandi.

Sagan, jöklar og hellar heilla

Hægt er að fara í ævintýraferðir á Langjökul í átta hjóla ofurtrukki með ICE 4x4 eða gista í tjaldi á jöklinum. Fjallaleiðsögumenn hjá Trek bjóða jöklagöngur og er þá farið í gegnum Húsafell, þar sem hægt er að fara í sund. Í Fljótsungu er hægt að fara með leiðsögumanni að skoða Víðgelmi, stærsta helli Íslands, en eitt að einkennum Vesturlands er einmitt fjölskrúðugir hellar af öllum stærðum og gerðum; að fara ofan í helli og upplifa alvöru myrkur eflir öll skilningarvit; lykt, heyrn og sjón. Sagan leikur mjög stórt hlutverk á Vesturlandi og ferðapjónustuaðilar hafa verið ötulur að gera henni skil. Saga og Jökull er eitt af stærstu samstarfsverkefnum á Vesturlandi en þar tóku tíu fyrirtæki sig saman um verkefni fyrir fjölskyldur og börn.

EFTIRTALIN FYRIRTÆKI
SENDA AFMÆLISKVEÐJUR
TIL FÉLAGS
LEIÐSÖGUMANNA



LAUGARVATN
fontana
www.fontana.is



VARMA

Tímalaus glur



**Hestaferðir
allt árið**

fyrir vana og óvana.

Sækjum á öll hótél.



www.ishestar.is
Sími 555 7000



Ljósmynd: Helgi Jón Davíðsson

Maðkarnir látnir hreinsa fiðrið

um fylinn og notkun hans í Mýrdal

Mýrdalurinn er landlítill sveit og því ekki hægt að hafa mikinn fjölda búfjár þar. Hins vegar er þar mikið um klettabelti og fjöll með fjöldanum öllum af sjófugli, og þá sérstaklega fyl.

Fyll á sér merkilega sögu bæði hér á landi og í norðanverðu Atlantshafi þar sem hann hefur numið ný lönd og stórfjölgað sér undanfarnar aldir. Að uppruna er fyllinn hánorrænn fugl en heimkynni hans og varpstöðvar voru bundin við svæði langt norðan Íslands. Á fyrri hluta 17. aldar er aðeins vitað til að fyll hafi orpið í Kolbeinsey og Grímsey hér við land. Um miðja 18. öld tók hann að dreifast suður á bóginn og hóf að verpa í Vestmannaeyjum og Eldey. Um 1820 eru fyrstu

heimildir um varp fyls uppi á landi er hann tók heima í hömrum við Höfðabrekku í Mýrdal.¹

Mýrdælingar tóku fljótlega eftir þessum nýja nágranna og um 1830 fóru þeir að veiða hann sér til matar og var um mikil búdrýgindi að ræða.

Veiðiaðferðir voru ýmsar. Um skeið var notast við háf, ekki ósvipaðan þeim sem lundinn er veiddur í, og þótti sú veiðiaðferð bera ágætan árangur. Oft var reynt að skjóta fylinn niður af færi en ekki þótti það alltaf happadrygt þar sem fuglinn datt oft ekki niður úr berginu og rotnaði þá þar uppi. Freistuðu menn að klífa

björgin og ná fylnum þannig, en það þótti oft og tíðum mikið hættuspil, ekki síst fyrir þær sakir að búnaður manna var æði frumstæður miðað við það sem gengur og gerist í dag.²

Allt nýtt; frá haus að fiðri

Það er skemmst frá því að segja að þetta var ást við fyrsta bita því Mýrdælingar nýttu allt sem fannst á fuglinum. Fyrst voru tínd egg, þau sopin strax sama dag eða úr þeim gerðir klattar og lummur. Síðan hófust veiðar í 18. viku sumars og stóðu í eina viku. Aðallega var tekinn ungi áður en hann varð fleygur enda þá svo spikugur að hann varð að vappa um í nokkra daga áður

en hann komst á flug. Eftir fyrsta veiðidag var borinn á borð nýsoðinn fugl og honum gerð góð skil. Að loknum veiðum var slegið upp veislu og var þá búið að reykja fuglinn og gera úr honum ýmsar kræsingar. Allt var nýtt; kjöt var etið ásamt hausnum, lappir, vængir og bein voru notuð sem eldsneyti, innfli sem áburður og fiður sem fylling í sængurfatnað. Fýlsfita og fýlsbræðingur voru notuð sem viðbit og hann var einnig saltaður og geymdur þannig yfir veturinn. Úr söltuðum fýl var soðin súpa með grænmeti og bankabyggi og var karlmannskammtur hálfur fýll. Fiður var notað í sængur og koddá en fiður sem fengið hafði í sig lýsi var meðhöndlað á sérstakan hátt. Reynt var að ná lýsinu úr með ýmsu móti; það var hengt upp og geymt í hellum, allt upp í nokkur ár, látið rigna úti og síðan þurrkað, hitað í potti og síðan þurrkað. Merkilegust er þó sú aðferð að fá flugur til að verpa eggjum í fiðrið og láta það síðan maðka. Þegar maðkarnir höfðu étið allt lýsið voru þeir einfaldlega fjarlægðir, eða þeir flugu burtu sem flugur, og þá var hreint fiður eftir. Þarna er því komin náttúruleg aðferð við að hreinsa fiðrið, þar sem engum efnum eða öðrum ónáttúruvænum aðferðum er beitt, og er þessi aðferð örugglega sú þjóðlegasta.


Fýllinn varð fljótt eftirsóttur og var hann notaður sem gjaldmiðill í viðskiptum manna í millum. Sem dæmi um verðgildi má nefna að bændur í Mýrdal sem þurftu að borga fyrir fóðrun á fé sínu greiddu um 25-30 fýlsunga fyrir eina kind og fyrir sölvavættina voru greiddir 20 saltaðir fýlsingar. Fram eftir allri 20. öldinni var fólk í Mýrdalnum alið upp við að borða fýl. Nú á dögum stundar áhugamannahöpur fýlsveiðar og að loknum veiðum er boðið til veislu og reiddur fram saltaður og reyktur fýll, sem og fýlsungagúllas.

Fýllinn og ferðamennska

Sem lið í tengingu fýlsins við ferðamennsku mætti hæglega bjóða upp á skipulagðar veiðar á fýl þar sem notast væri við sömu reglur og gilda fyrir veiðar á hreindýrum, þar sem skylda er að hafa leiðsögumann með í ferð og að bráðinni sé komið í verð eða hennar sé neytt, þannig að þetta verði ekki eingöngu veiðar sportsins vegna. Þetta myndi skapa atvinnutækifæri fyrir heimamenn, sem gætu sérhæft sig í veiðileiðsögn, og veitingamenn í Mýrdalnum gætu sérhæft sig í matreiðslu á fýl, auk þess að bjóða upp á aðra sjófugla. ■

Heimildir:

- 1 Fýllinn í Rangárvallasýslu: útbreiðsla og saga. Borgþór Magnússon plöntuvistfræðingur. Birt 29. október 2008. Sótt 14. október 2009: <http://www.ni.is/midlun-og-thjonusta/hrafnathing/grainar/nr/>
- 2 Mýrdalshreppur. Sagan, lífshættir og kjör. Samantekt Sigrúnar Lilju Einarsdóttur. Sótt 14. október 2009: <http://www.vik.is/Sagan/saga3.htm>



Gjúfrasteinn býður gesti velkomna

- Hljóðleiðsögn um húsið á Íslensku, ensku, þýsku, sænsku og dönsku og textaleiðsögn á frönsku
- Margmiðlunarsýning
- Minjagripaverslun
- Gönguleiðir í nágrenninu

Njóttu menningar og útivistar í Mosfellsdalnum

Pósthólf 250 | 270 Mosfellsbær | Sími 586 8066 | gjufrasteinn@gjufrasteinn.is | www.gjufrasteinn.is

Gjúfrasteinn
HÚS SKÁLDISINS
Rakven

Opnunartímar
Sumar: alla daga
frá kl. 9.00 – 17.00
Vetur: þriðjud. – sunnud.
frá kl. 10.00 – 17.00



Eirberg

Verð: 14.450 kr.

H7 Höfuðljós

Öflugt höfuðljós fyrir útivistarfólk

Opíð kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

- einstök landkynning


GJÖF SEM ENDIST



Íslensku almanökin frá Snerruútgáfunni hafa í þrjá áratugi reynst mikil hvatning til Íslandsferða og dagleg áminning um að snúa aftur.

Snerruútgáfan ehf
www.snerra.is

Flottir bílar og frábær þjónusta!



s: 540 1313 - www.grayline.is

Iceland excursions GRAY LINE ICELAND

Norðurland

Fréttir frá upplýsingamiðstöð Norðurlands



Gengið á slóðum Ásbirninga og Sturlunga

Félagið Á Sturlungaslóð í Skagafirði hefur undanfarin ár staðið fyrir gönguferðum á söguslóðum Sturlungu í Skagafirði. Bæði er um að ræða skipulagðar og auglýstar ferðir að sumrinu en einnig geta hópar haft samband við félagið og beðið um sérsniðnar gönguferðir. Dæmi um ferðir er ganga milli Miklabæjar og Víðivalla þar sem gefst gott útsýni yfir vettvang Örlýgsstaðabardaga. Þá hefur verið gengið milli Örlýgsstaða og Flugumýrar með viðkomu á Haugsnessgrundum en þar hefur Sigurður Hansen, bóndi í Kringlumýri, komið upp einstöku minnismerki um Haugsnessbardaga; einum grjóthnullungi fyrir hvern liðsmann í bardaganum sem kostaði flest mannslíf í bardögum Sturlungaaldar. Sigurður kann vel að segja frá þessum bardaga sem og fleiri atburðum Sturlungu og hægt er að fá hann til að leiðsega hópum sem þangað koma.

Á svipuðum slóðum og menn söfnuðust saman til bardaga kvöldið fyrir Örlýgsstaðabardaga er

nú komin upphlaðin náttúrulega sem vinsælt er að heimsækja. Á Sturlungaslóð hefur sett upp söguskilti viðsvegar um Skagafjörð sem segja frá helstu atburðum Sturlungu í Skagafirði. Þá gaf félagið einnig út sögukort með helstu sögustöðum Sturlungu. Í ágústmánuði ár hvert er haldinn sögudagur með gönguferðum og fróðleik um atburði þessa ófriðartíma í íslenskri sögu. Félagið heldur úti vefsíðunni sturlungaslod.is

Norðurljósaferðir til Norðurlands

Frá nóvember til apríl eru líkur á að sjá norðurljósin fjóra af hverjum sjö dögum á Norðurlandi, sem er hærra hlutfall en á öðrum svæðum á landinu. Norðlendingar búa einnig við þau góðu skilyrði að ljósmengun er lítil. Að fara út í dimma og kalda vetrarnótt og fylgjast með ótrúlegri sýn lita og ljóss er eins og að vera í ævintýri fullu af dulúð og göldrum. Að fara upp í sveit eða upp til fjalla og njóta þess að horfa á norðurljósin í friði og ró er einstök upplifun. Boðið er upp á dagsferðir frá Reykjavík.

Nýr vegur að Dettifossi

Lagður hefur verið 25 km langur nýr vegur með bundnu slitlagi frá Austurlandsvegi vestan Jökulsár á Fjöllum niður að Dettifossi. Þessi vegur hefur lengi verið á óskalista ferðapjónustunnar á Norðurlandi. Áður fyrr var vegurinn aðeins fær frá júní og fram í september og fór hann illa með mörg ökutæki. Núna eiga hinsvegar venjulegir bílar í fyrsta sinn greiða leið að fossinum þegar veður hamlar ekki umferð.

Flug til Húsavíkur

Flugfélagið Ernir hefur hafið áætlunarflug til Húsavíkur frá og með 12. apríl 2012. Flugið er frá Reykjavík þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga tvisvar á dag og eitt flug verður á sunnudögum. Mikil tækifæri felast í flugi til Húsavíkur, fyrir heimafólk sem og ferðamenn. Þessi flugleið opnar möguleika á dagsferðum um svæði þar sem m.a. er eitt vinsælasta hvalaskoðunarsvæði landsins og fjölmargir möguleikar í styttri ferðum til að skoða einstaka náttúru.

SUMMIT er vandaður leiðarvísir um gönguleiðir á 100 íslensk fjöll, ætlaður erlendum ferðamönnum, enda bókin aðeins gefin út á ensku. Ýmiss konar ráðleggingar og upplýsingar, kort, ljósmyndir og lýsingar gera þessa bók afar gagnlega og fróðlega öllum þeim sem hyggjast ganga á íslensk fjöll. Leiðirnar í bókinni eru fjölbreyttar, bæði að lengd og hversu krefjandi þær eru.

Ari Trausti Guðmundsson, rithöfundur og jarðeðlisfræðingur, er viðkunnur af verkum sínum og störfum. Bækur hans um náttúru og jarðfræði, fjallamennsku og ferðalög skipta tugum, auk skáldverka. Ari er þaulreyndur göngugarpur og hefur klifið fjöll víða um heim, auk þess að stunda leiðsögn.



SUMMIT

Ari Trausti Guðmundsson



www.uppheimar.is

EFTIRTALIN FYRIRTÆKI SENDA AFMÆLISKVEÐJUR TIL FÉLAGS LEIÐSÖGUMANNA



Landmælingar Íslands vísa veginn




Kortasjá



Örnefnasjá



Kortasafn



Loftmyndir

www.lmi.is





ÓBYGGÐALEIÐIR Á ÍSLANDI

Nýjasta bók Jóns G. Snælands. Í bókinni er lýst fáförnum og spennandi óbyggðaleiðum á hálandinu.

Frábær viðbót við fyrri bækur Jóns um náttúru landins.

Nauðsynlegar handbækur fyrir alla sem ferðast um óbyggðirnar.

Bækurnar fást einnig allar á ensku.



SKRUDDA

Eyjarslóð 9 -101 Reykjavík
s.5528866 - www.skrudda.is



Ljósmynd: Valdimar Lefsson

Hvers vegna erum við leiðsögumenn?

Hvert og eitt okkar hefur sínar ástæður fyrir því að vilja vera leiðsögumaður – kannski eru þær þó svipaðar hjá okkur öllum. Heyrum hverjar þær eru hjá leiðsögumanni sem starfað hefur í félaginu frá upphafi, öðrum sem kom til okkar frá öðru landi og loks einum sem er að útskrifast í vor:

Roland Assier

– Hvers vegna ert þú leiðsögumaður?

Ég fluttist frá Frakklandi til Íslands sumarið 1981, en hafði ferðast um landið sumarið 1978. Ég hóf þá íslenskunám við Háskóla Íslands um haustið og útskrifaðist með B.A. í íslenskum fræðum fjórum árum síðar. Aðalstarf mitt hefur þó verið innkaup og sala sjávarafurða síðan 1987. Sem leiðsögumaður hóf ég minn feril sumarið 1982 og var í Leiðsöguskólanum veturinn 1983-84. Ég er mikill náttúruunnandi og hef alla tíð haft gífurlegan áhuga á landi og þjóð. Þetta hljómar eins og sjálfsagður hlutur fyrir leiðsögumann en er kannski ekki algilt í stéttinni. Ég vann töluvert við leiðsögn fyrstu árin, á meðan ég var námsmaður, en undanfarin ár hef ég varið hluta af sumarfríi mínu í leiðsögn, aðallega í tengslum við skemmtiferðaskip. Undanfarin tuttugu ár hef ég kennt ýmsar námsgreinar við Leiðsöguskóla Íslands, m.a. íslenska atvinnuvegi og svæðalýsingar. Eins og góðum leiðsögumanni sæmir hef ég gaman af því að miðla af þekkingu minni og að umgangast fólk.



Ljósmynd: Vilborg Anna Björnsdóttir

Leiðsögn má ekki vera stöðluð né stöðnuð, heldur lífleg og lifandi túlkun.

– Hverju myndirðu vilja breyta í starfinu ef þú mættir ráða?

Starfið hefur breyst mikið síðan ég byrjaði sumarið 1982, í takt við breyttar kröfur og væntingar ferðamanna. Ferðamenn eru í dag betur upplýstir og hafa aðgang að ýmiss konar fróðleik á netinu. Leiðsögumenn verða því að leitast við að finna fróðleik sem er ekki aðgengilegur á netinu, túlka sögu landsins og staðanna á ljóslifandi hátt, finna skemmtilegar örsögur o.fl. Leiðsögn má ekki vera stöðluð né stöðnuð, heldur lífleg og lifandi túlkun. Leiðsögumannsstarfið er ennþá vanmetið starf. Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein á Íslandi en það er áhyggjuefni að leiðsögustarfið skuli metið sem láglounastarf þrátt fyrir mikilvægi þess og þær menntunarkröfur sem gerðar eru til okkar.



Ljósmynd: Vilborg Anna Björnsdóttir

Með því að vinna við leiðsögn næ ég að tvinna saman vinnu og áhugmál

Ég hef einnig komið nálægt kennslu í útivist í grunnskóla Hornafjarðar en þar er útivist kynnt fyrir nemendum, farið yfir notkun áttavita og þeim leyft að síga í klettum, klifra í klifurvegg og fleira. Einnig vinn ég sem verkefnastjóri Fjallamennskunáms í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu, en þar vinnum við að þróun á slíku námi og stefnum á að kenna það í annað sinn næsta vetur. Ég tel að menntun sem þessi geti nýst mér í framtíðinni á því sviði. Með því að vinna við leiðsögn næ ég því að tvinna saman vinnu og áhugmál, ásamt því að í þessu námi hef ég kynnst mörgu góðu fólki sem er á sömu leið í lífinu og ég; hlakka til að verða því samferða.

Bryndís Ósk Björnsdóttir

– Hvers vegna vilt þú verða leiðsögumaður?

Ég hef gaman að því að ferðast og má segja að það sé eitt af mínum aðal áhugamálum. Ég bý á Höfn í Hornafirði og þar er mikill áhugi á því að efla ferðaþjónustuna, s.s. með stofnun Ríkis Vatnajökuls en það er klasasamstarf á svæðinu þar sem unnið er að markaðssetningu svæðisins

í heild ásamt því að lengja ferðamannatímann eins og mögulegt er.

Ég er einnig liðsmaður í björgunarfélagi Hornafjarðar og á þeirra vegum hef ég sótt töluvert af námskeiðum tengdum jöklum og fjallamennsku sem jök mikið á áhuga minn í þessum efnum.

– Hvers væntirðu þér af starfinu?

Ég vænti þess að starfið verði fjölbreytt og að ég fái tækifæri til að takast á við krefjandi verkefni sem auka á þekkingu mína og reynslu. Í sumari, að loknu námi við Leiðsöguskóla Íslands, fer ég að vinna sem leiðsögumaður hjá Arctic Adventures og sé fram á ákaflega spennandi sumar.

HÓTEL REYNIHLÍÐ OG GAMLIBÆRINN, MÝVATNSSVEIT SENDA FÉLAGI LEIÐSÖGUMANNA ÁRNAÐARÓSKIR Í TÍLEFNI 40 ÁRA AFMÆLISINS



Í Gamlabænum bjóðum við upp á hressandi nýjung í sumar.

Matarmikið súpuhlaðborð með mismunandi tegundum af súpum og meðlæti í hádeginu og úrval af steikum á kvöldin. Tilvalið fyrir leiðsögumenn sem eru á ferðinni á svæðinu með hópa.



Í veitingahúsinu Myllunni er hægt að velja um úrval af gómsætum réttum af sérréttaseðli en einnig er í boði veglegur hádegis- og kvöldverðarseðill fyrir hópa.



Verið velkomin til okkar!
Hótel Reyhlíð og Gamlibærinn.
www.reynihlid.is



Það sem alltaf hefur vantað er meiri samvinna ferðaskrifstofa og leiðsögumanna við undirbúning ferða.

– Hvers vegna þurfa leiðsögumenn að vera með eigið félag?

Félag leiðsögumanna hefur alltaf haft tvö hlutverk; í fyrsta lagi fagfélags til að efla fagkunnáttu og hæfni og í öðru lagi stéttarfélag með samningsrétt. Alltaf hefur verið erfitt að reka stéttarfélagið, eins og fleiri lítil stéttarfélög hér á landi. Síðasta áratuginn hafa mörg stéttarfélög sameinast en þó haldið samningsrétti sínum. Fólki er frjálst að vera í hvaða stéttarfélagi sem er og auðveldara er að reka stærri einingar. Ekki er endalaust hægt að fá fólk til ólaunaðra stjórnarstarfa. Lög stéttarfélaga eru orðin stöðluð að mörgu leyti, einnig reglugerðir sjóða. Styrkja þarf starf fagfélagsins, sem hefur verið ágætt síðustu ár. En eftir að blaðið hætti að koma út nær starfsemin lítið til félaga á landsbyggðinni. Auka þyrfti netútgáfu og koma upp upplýsingabanka.

Ásta Sigurðardóttir

– Hvers vegna gerðist þú leiðsögumaður?

Árið 1969 var ekkert framboð af fullorðinsfræðslu, svo þegar ég sá auglýst námskeið fyrir leiðsögumenn hjá Ferðaskrifstofu ríkisins ákvað ég að taka þátt. Aðalkennarinn var Vigdís Finnbogadóttir. Námskeiðið var mjög skemmtilegt og eftir að hafa farið fyrstu tvær dagsferðirnar sem leiðsögumaður varð ekki aftur snúið.

– Hverju myndirðu vilja breyta í starfinu ef þú mættir ráða?

Allar ytri aðstæður hafa batnað, rúturnar, mikrófónar, gisting sem og fæði. Það sem alltaf hefur vantað er meiri samvinna ferðaskrifstofa og leiðsögumanna við undirbúning ferða. Slíkt ætti að vera auðvelt núna með nútíma samskiptum, s.s. netpósti.

Boðit vestur
VEISLUFÖNG ÚR NÁTTÚRU VESTFJARÐA

West Fjords
A CULINARY JOURNEY

Der Geschmack der Natur
REZEPTE UND TRADITIONEN DER WESTFJORDE

GUÐLAUG JÓNSDÓTTIR & KARL KRISTJÁN ÁSGEIRSSON
LÍÐMENNIR EFTIR ÁGÚST ATLASON

UPPHEIMAR

Boðit vestur
VEISLUFÖNG ÚR NÁTTÚRU VESTFJARÐA

Kærkomin og forvitnileg bók fyrir allt áhugafólk um matreiðslu og matarmenningu eftir Guðlaugu Jónsdóttur og Karl Kristján Ásgeirsson, matreiðslumeistara á Ísafirði. Náttúra, menning og saga Vestfjarða njóta sín á heillandi bók. Ljósmyndir Ágústs Atlasonar eru magnaðar. Kemur út á íslensku, ensku og þýsku. www.uppheimar.is

SVONA ER STARFIÐ...



Ljósmynd: © Ragnar Th. Sigurðsson

Skortur á klósettum – þá, nú og alltaf?

Þegar lesið er yfir gamalt efni félagsins, fjölmiðla eða farið á fundi tengda ferðamálum þá bregst ekki að einhvers staðar, einhvern tíma er minnst á skort á klósettum á áningastöðum ferðamanna.

Ekki alls fyrir löngu birtist grein í Fréttablaðinu sem hefst á þennan hátt:

Ferðamenn í spreng fengu hvergi að pissa

Hópur amerískra eldri borgara komst í hann krappan á ferð sinni um Suðurland á nýársdag. Allir þurftu þeir að komast á salerni en hópurinn kom alls staðar að luktum dyrum þar til björgunarsveit Hvolsvallar kom til aðstoðar.

Ferðamálayfirvöld verða að taka á málinu

Við, leiðsögumenn, þekkjum hvernig það er að reyna að stýra ferð þannig að aðgengi að klósetti sé örugglega gott á næsta áfangastað og að ekki líði of langur tími þar til þangað er komið. Einnig að koma hópnum í skilning um að ekki sé sjálfgefið að nýta aðstöðuna ókeypis, s.s. þegar stoppað er í sjoppum/veitingastöðum vítt og breitt um landið. Hér á Íslandi virðist mörgum þykja dónalegt að ætlast til þess að greitt sé fyrir að fá að nota klósettaðstöðu en á flestum ferðamannastöðum erlendis er þetta regla fremur en undantekning og þá segjum við ekki neitt. Ljóst er að ekki þýðir að stefna sífellt fleiri ferðamönnum til Íslands, allan ársins hring, og láta sem enginn þurfi nokkurn tíma að nota klósett. Þetta á jafnt við um Reykjavík sem landsbyggðina alla. Væntanlega er eina leiðin til að uppfylla



þessa þörf sú að hún standi undir sér fjárhagslega, þ.e. að það kosti að nota klósett. En hver á svo að sjá til þess að klósettmálin séu í lagi? Maður myndi telja að það væru sveitastjórnir/ferðamálanefndir í öllum landshlutum.

Til að rifja upp þau vandræði sem skapast þegar verið er að lokka ferðamenn til landsins, án þess að gera ráð fyrir þeirri nauðsyn sem klósett eru, skulum við grípa aðeins niður í umrædda grein Fréttablaðsins:

„Maður býður ekki hópi eldri borgara frá Ameríku að pissa úti við rútu í éljagangi,“ segir Valgerður Pálsdóttir leiðsögumaður, en hún komst í hann krappan á ferð sinni með hópi bandarískra ferðamanna um Suðurland á nýársdag.

„Við lögðum af stað úr Reykjavík en þegar komið var á Selfoss var blaðran farin að segja til sín hjá mörgum. Þar var þó hvergi opið,“ segir Valgerður. Hópurinn hélt aftur af stað og vonaði innilega að hægt yrði að stoppa á Hellu. Vonbrigðin urðu nokkur þegar þangað var komið og allt var lokað. Enn einu sinni var haldið af stað og óskuðu þá allir þess heitt að á Hvolsvelli, næsta bæjarfélagi á Suðurlandi, myndi einhver bjarga þeim úr nauðum sínum.

„En þar var ekki sálu að sjá. Við prófuðum að banka upp á hjá lögreglunni en enginn kom til dyra,“ segir Valgerður, sem segist því næst hafa ætlað að bregða á það ráð að banka upp á á elliheimili bæjarins. „En þá datt Halldóri bílstjóra í hug að hringja í félagi sinn úr björgunarsveitinni á staðnum, og það var ekki að spyrja að því, skömmu seinna kom maður og opnaði áhaldahúsið fyrir okkur. Það er greinilega ekkert viðvik svo smávægilegt að björgunarmenn séu ekki tilbúnir að aðstoða.“

Tvær vísur um leiðsögumennsku

Leiðsögn við nýjar aðstæður

Tel ég brátt að láti að líkum, að lyfti varla fingri meir. Pissustoppin ráða ríkjum og rétt á næstu sjoppu keyr.

Metnaðurinn minn

Ég leiðsögn dýpka um langa ævi, læri meira og skýrar geri, framsögn beina og ekta æfi – ekki sem ég læsi úr kveri.

Philip Vogler, Egilsstöðum

Eirberg

Íþróttastuðningshlífar

BAUERFEIND®

Opið kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

Ferðafélag Íslands býður upp á fjölbreyttar og skipulagðar ferðir, upplifðu Ísland, skráðu þig á fi.is





www.fi.is

VIÐ LÉTTUM ÞÉR FERÐINA

og veitum gagnlegar upplýsingar um ferðalög og áningarstaði á Íslandi

FERÐAHANDBÆKUR • KORT • VEFSÍÐA • TÍMARIT



heimur

FERÐAÚTGÁFA

Borgartúni 23, 105 Rkv.
S. 512 7575

www.heimur.is/world

Daglegar fréttir frá Íslandi á ensku: www.icelandreview.com



Ljósmynd: © Ragnar Th. Sigurðsson

Viðhald veganna er í stórhættu

- segir G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar

Á nýliðnum vetri kom fram óánægja með þjónustu Vegagerðarinnar varðandi snjóruðning, ekki síst á vinsælum ferðamannaleiðum. Þetta var töluvert rætt innan ferðageirans og þar á meðal hjá leiðsögumönnum vegna aukinnar áherslu á vetrarferðamennsku hér á landi. Í til efni af þessu, og ýmsu öðru sem varðar Vegagerðina og ferðamennsku, leituðum við upplýsingahjá G. Pétri Matthíassyni, upplýsingafulltrúa stofnunarinnar, og spurðum hann fyrst hvort leitað hefði verið sérstaklega til Vegagerðarinnar áður en þetta áttak um vetrarferðamennsku var kynnt.

– Nei, ekki var það nú sérstaklega svo ég viti, sagði G. Pétur, en hins vegar hittum við fulltrúa Samtaka ferðaþjónustunnar ávallt einu sinni til tvisvar á ári þar sem við förum yfir hvað þeir leggja áherslu á að gert verði og þar kemur þetta alltaf upp að þeir vilja meiri vetrarþjónustu á þessum vinsælu ferðamannaleiðum og víðar.



Ljósmynd: Kári Jónasson

G. Pétur Matthíasson upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar með kort af Vestfjörðum í baksýn. Þar verða mestu nýframkvæmdir á vegum stofnunarinnar á næstu árum.

– Það var sérstaklega til þess tekið að vegir á vinsælum leiðum eins og „Gullna hringnum“ voru ekki ruddir alla daga vikunnar. Hver er skýringin á því?

– Skýringin á því og ýmsu öðru er hrunið, því árið 2009 var þjónustudögum fækkað og tíminn stytur. Sums staðar þar sem var sjö daga þjónusta fór hún niður í sex daga. Eins víða þar sem var sex daga þjónusta fór hún niður í fimm daga. Og þjónustunni hætt fyrr á kvöldin. Ástæðan fyrir þessu er sú að það eru ekki til fjármunir til að gera meira en gert er. Sem dæmi má nefna að Mosfellsheiðin er rudd fimm daga í viku, og þegar svo stendur á dettur laugardagurinn út, auk þess sem það sama gildir um þriðjudaga. Það er fyrst og fremst þungi umferðarinnar eftir dögum sem ræður þessu.

– Megum við vænta þess að svona verði þetta næsta vetur?

– Já, það eru allar horfur á því þar sem fjárveit-

ingar til vetrarþjónustu á síðasta ári voru 1.640 milljónir króna, en kostnaðurinn nam um 2.200 milljónir króna og engar viðbótar fjárveitingar hafa fengist.

– *Eru þá kannski horfur á því að vetrarþjónustan verði enn skert næsta vetur?*

– Já, það er ekki ólíklegt og það hlýtur að koma til skoðunar. Það hafa hins vegar engar ákvarðanir verið teknar í þeim efnum.

– *Þannig að ástandið á Gullna hringnum verður þá óbreytt?*

– Það er erfitt að verja það að skera niður þjónustu á öðrum stöðum, eins og til einhverra þéttbýlisstaða, til að bæta í þarna eða á öðrum svokölluðum ferðamannaleiðum. Þetta er alltaf spurningin um val og hvernig eigi að verja fjármunum.

– *Hvað með Suðurstrandarveginn, hann varð nú oft útundan í vetur.*

– Í fyrsta lagi þá var þetta frekar snjóþungur vetur eins og allir vita, og svo í öðru lagi þá er þetta nýr vegur, og við vorum að kynna okkur hvernig snjóalög væru á þessum nýja vegi og hvernig hann kæmi út Hann var svo mokaður tvisvar í viku sem kom nokkuð vel út. Reynar átti ekki að taka hann í notkun fyrr en í vor eða sumar, og það á enn eftir að leggja seinna slitlagið á hann á kafla.

– *Svo við höldum áfram með vetrarþjónustu á ferðamannaleiðum. Hvað með nýja Dettifossveginn?*

– Það gildir það sama um hann og Suðurstrandarveginn, að þetta var svona tilraunatímabil og við sjáum að þar var umferð í september og október, en svo datt hún nær alveg niður, og við erum þá reynslunni ríkari varðandi það.

– *En hvað svo með áframhald þess vegar norður í Kelduhverfi?*

– Það er ekkert alveg strax því það er á samgönguáætlun árin 2013–15, svo það er ekki svo langt í að það verði byrjað. Með þeim fyrirvara samt að það er ekki búið að samþykkja áætlunina á Alþingi.

– *Önnur ferðamannaleið kemur upp í hugann, sem er orðin mjög fjölfarin yfir veturinn, og það er leiðin að Sólheimajökli?*

– Þar hefur ekki verið gert ráð fyrir neinni vetrarþjónustu, en á síðasta sumri var ætlunin að gera eitthvað fyrir þann veg. Það var svo skorið niður, hann var aðeins hefлаður.

– *Það er mikið horft til Vestfjarða sem framtíðar ferðamannastaðar, en þar eru vegir víða mjög bágbornir. Hvað með t.d. áætlanir varðandi Hrafnseyrar- og Dynjandisheiði?*

– Eins og menn vita þá eru Norðfjarðargöng næstu göng á vegum Vegagerðarinnar, en fyrir hrun voru Dýrafjarðargöng á dagskrá og átti að

taka þau í notkun í ár, samkvæmt fyrri áætlunum, reyndar rétt eins og Norðfjarðargöngin. Dynjandisheiðin er hins vegar miklu erfiðari, en menn telja sig geta fundið nýja veglínu yfir heiðina fyrir heilsársveg, því göng þarna yrðu gríðarlega löng og dýr en þetta er ekkert sem er alveg á næstunni. Vonandi verður þó búið að gera frumdrög að nýjum vegi þarna yfir eftir um það bil tvö ár. Samkvæmt samgönguáætlun er þessi vegagerð á áætlun á þriðja tímabili sem er árin 2019–2022, þannig að það er langt í þetta. Þá má geta þess að búið er að bjóða út og opna tilboð í kaflann vestan við Skálanes á Barðaströnd – 24 kílómetra kafla sem stýttist um 8 kílómetra með þverun tveggja fjarða. Svo eru menn að skoða alla möguleika á láglendisvegi í Gufudalssveit.

– *Hvað með leiðir eins og t.d. Kjöl og Sprengisand eða aðra vegi sem tengjast ferðamennsku?*

– Þar reyna menn að halda í horfinu og hefла

vegina, en það eru engar áætlanir um frekari vegagerð á þessum leiðum. Þess má geta að vegurinn að austanverðu að Dettifossi var lagður á nokkrum köflum í fyrra. Annars eru það einstök svæði Vegagerðarinnar sem hafa þetta svoltið í hendi sér, en svæðin eru fjögur sem kunnugt er. Þar reyna menn að skipta fénu sem þeir fá til rástöfunar eftir bestu getu. Þingmennirnir eru minna í þessu en áður.

– *Hvernig eru svo framtíðarhorfurnar í vegamálum.*

– Stærstu áhyggjur okkar eru að við fáum ekki fé til viðhalds veganna – að við náum ekki að halda vegakerfinu í horfinu. Alþingi ákveður skiptinguna – hvað fer til viðhalds og hvað til nýframkvæmda – og þar má ekkert færa á milli. Þá var veturinn í fyrra mjög þungbær, því við þurftum að sinna hálkuvörnum fram í júní og aukið vetrarviðhald kemur svo niður á sumarviðhaldinu. ■

Handprjónaðar peysur í úrvali

VELJUM ÍSLENSKT

...eða prjónið þær sjálf

Allt sem þarf á einum stað

TAX FREE

PURE NEW WOOL

Handprjónasamband Íslands

Skólavörðustígur 19
Sími: 552 1890
www.handknit.is

Suðurland

Fréttir frá upplýsingamiðstöð Suðurlands



Fontana – gamli hverinn á Laugarvatni í nýjum búningi

Við Laugarvatnið hefur risið glæsileg gufubaðs- aðstaða við gamla gufuhverinn. Staðurinn kallast Fontana og er þar fyrst og fremst lögð áhersla á að fólk upplifi gufuna einstöku sem berst beint úr gufuhvernum fræga, sem heimamenn og gestir hafa nýtt til heilsubaða að minnsta kosti síðan 1929. Hitastig gufunnar er breytilegt frá náttúrunnar hendi, frá 40°C til 50°C, og rakastigið hátt. Rimlagólf í gufuklefunum hleypir gufunni frá hvern um beint inn í gufuklefanu svo að gestir fá „beint í æð“ bæði hljóðin úr hvern um og gufuilminn.

Auk þess að fara í gufubaðið er hægt að baða sig í heilsubaðvatni í þrískíptri baðlaug, fara í „finnska“ sánu og njóta sín vel á annan hátt í fallegri náttúrunni við Laugarvatn.

Gullhringurinn er nú keðja

Eftir að nýja brúin yfir Hvítá kom til sögunnar í haust, sem og ný Bræðratunguvegurinn, hefur leiðin á milli Reykhólts og Flúða styst um 20 km, eða eins og heimamenn segja: „Nú erum við augnablik að skreppa milli Flúða og Reykhólts og getum keyrt enn fleiri hringi en áður. Og við viljum vekja athygli á því að gamli góði Gullni hringurinn er í raun orðinn að keðju.

Friðheimar – hestar og tómatar

Sérstök athygli er vakin á því sem er að gerast að Friðheimum í Reykholti, Bláskógabyggð. Þar er

gestum boðið í heimsókn til að kynna íslenska hestinum og íslenski ylrækt. Í sögu- og gangtegunasýningunni „Stefnumót við íslenska hestinn“ er hesturinn kynntur í 15 mínútna sýningu með tónlist undir og tali, sem til er á fjórtán tungumálum. Eftir sýninguna er gestum boðið inn í hesthús þar sem fólk kemst í snertingu við hrossin, fær hressingu og getur rætt við knapana. Í garðyrkjustöðinni er farið yfir hvernig hægt er að uppskeru tómata alla daga ársins í okkar dimma og kalda landi.

Myndlist í hesthúsi

Þá er ekki heldur leiðinlegt að fara á sýninguna Myndlist í hesthúsi sem fram fer í hesthúsa-hverfinu Reykholti í Bláskógabyggð. Í hesthúsinu vinnur Sigurlína Kristinsdóttir að myndlist sinni og sýnir verk sín, myndir og listmuni sem tengjast íslenska hestinum. Gestir af yngri kynslóðinni fá að njóta sín sérstaklega því Sigurlína er með myndlistarhorn fyrir börn þar sem þau fá pensla, blöð og liti til að mála með, ásamt hestamyndum til að lita. Við hesthúsið eru oftast 2-3 hestar sem hægt er að klappa og gefa brauð.

Skjálftinn 2008

Hvað gerist í jarðskjálfta á Íslandi? Í verslunarmiðstöðinni í Hveragerði er boðið upp á sýninguna Skjálftinn 2008 þar sem gerð er grein fyrir orsökum og afleiðingum jarðskjálftans í maí 2008. Á sýningunni var leitast við að ná utan um allt það helsta sem fylgdi skjálftanum. Þar er því að finna reynslusögur íbúa, upplýsingar um áhrif skjálftans á hús, í okkar nánasta umhverfi og á innbú. Sett hafa verið upp eldhús

eins og þau litu út eftir skjálftann, bjarg sem hrundi úr Reykjafjalli er komið inn í hús og rót af tré sem féll þegar nýtt hverasvæði opnaðist skyndilega ofan við byggðina. Á sjónvarpsskjám eru sýndar upptökur úr eftirlitsmyndavélum, ljósmyndir frá bæjarbúum og upplýsingar frá Jarðskjálftamiðstöð Háskóla Íslands. Síðan hefur jarðskjálftahermirinn fengið stærra og meira hlutverk. Jarðsprungan í gólfi verslunarmiðstöðvarinnar er eftir sem áður eitt helsta aðdráttaraflíð en þess er vænst að ferðamenn muni jafnframt njóta þess að skoða sýninguna, sem er öllum opin á afgreiðslutíma verslunarmiðstöðvarinnar. Texti upplýsingaskiltis, sem sett hefur verið upp á sýningunni Skjálftinn 2008, er allur á íslensku og ensku:

Kl. 15:45 þann 29. maí 2008 varð öflugur jarðskjálfti suðaustur af Hveragerði. Stærð hans var 6,3 á Richterskvarða. Einhver slys urðu á fólki en engin alvarleg. Almannaþing lýstu þegar yfir hæsta viðbúnaðarstigi í Hveragerði, á Selfossi og í nágrenni vegna hugsanlegra eftirskjálfta. Töluverðar skemmdir urðu á þeim svæðum sem næst lágu upptökunum, einkum innandyra þegar húsgögn og aðrir lausamunir köstuðust til. Af öruggisástæðum var fólki sem bjó næst upptökunum ráðlagt að sofa ekki heima hjá sér næstu nótt á eftir. Ummerki skjálftanna sjást víða á yfirborði jarðar. Skriður féllu úr fjallshliðum og hveravirkni jókst. Sýnilegar sprungur mynduðust annars vegar vestan við Ingólfsfjall og hins vegar norðan við Hveragerði, flestar sprungurnar á Reykjafjalli.

FÉLAGATALIÐ

Leiðbeiningar um notkun

Farið inn á www.touristguide.is

Skráið ykkur inn á síður fagdeildar með því að slá inn:

Notandanafn = Kennitalan þín

Lykilorð = Félagsnúmerið þitt (breytið lykilorðinu sem fyrst).

Sumum upplýsingum er hægt að breyta innan kerfisins en það er gert með því að fara á „mín síða“ og velja „breyta upplýsingum“ sem er neðst á síðunni.

Kallnefni: Það nafn sem þú vilt að komi með stórum stöfum á félagsskírteini/barmmerki.

Önnur menntun: Önnur menntun sem þú telur máli skipta.

Ökuleiðsögn: Þeir leiðsögumenn sem eru með aukin ökuréttindi og vilja taka að sér ökuleiðsögn haki við hér.

Vefsíða: Sláið inn slóð að vefsíðu.

Annað: Hér er pláss til að skrá aðrar upplýsingar sem þið teljið skipta máli.

Á „mín síða“ er líka hægt að skrá lausan tíma. Þá er valið „skrá lausan tíma“ neðst og valin upphafsdagsetning þess tímabils sem er laust og svo endadagsetning.

Í reitinn „lýsing“ er hægt að skrifa minnispunkta fyrir sjálfan sig (aðrir sjá þetta ekki), svo er smellt á „skrá“. Þá bætist þetta tímabil við skráð laus tímabil.

Með félagatalinu er leitarvél og er hægt að leita eftir dagsetningum og þá koma bara upp þeir sem skráð hafa lausan tíma á það tímabil. Hægt er að leita eftir nafni eða hluta úr nafni, einnig eftir tungumáli eða tungumálum. Enn fremur er hægt að leita eftir ökuleiðsögn.

Til að fá upp allan listann yfir tungumál (og til að geta valið ökuleiðsögn) er smellt á „fleiri leitarmöguleikar“. Listinn sem kemur fram þegar smellt er á „leita“ er skilyrtur við valin leitarskilyrði. Ef ekkert leitarskilyrði er valið birtist allt félagatalið. Því er raðað í punktaröð.

Hægt er að breyta röðuninni: punktaröð, öfug punktaröð (þ.e. fæstir punktar efst), stafrófsröð og öfug stafrófsröð.

LEÐURVERSLUN OG SKOÐUNARFERÐIR

Leður úr fiskroði?

Gestastofa sútarans veitir einstakan aðgang að lifandi atvinnugrein með skoðunarferðum um sítunarverksmiðju Sjávarleðurs, sem er sú eina í Evrópu sem framleiðir leður úr fiskroði. Í gestastofunni er einnig leðurverslun, þar sem hægt er að nálgast leður og leðurvörur í nálægð við sjálfa uppsprettu hráefnisins.

Gestastofa Sútarans er opin frá 10:00 til 17:00 mánudaga til föstudaga, og laugardaga frá 11:00 til 15:00 frá 1. júní til 15. september. Skoðunarferðir um verksmiðjuna alla virka daga kl. 14:00 eða eftir samkomulagi.

Gestastofa sútarans tekur vel á móti þér!



**GESTASTOFA
SÚTARANS**
The Tannery Visitor Centre

KOMDU VIÐ Á KRÓKNUM!

Borgarmýri 5, 550 Sauðárkrókur

Tel. (+354)-512-8025

sutarinn.is



Ljósmynd: Valdimar Lefrissón

Ljósmynd: Valdimar Lefrissón

Gamla höfnin í Reykjavík

Gömlu verbúðirnar við höfnina í miðborg Reykjavíkur hafa gengið í endurnýjun lífdaga með breyttri notkun húsa. Verbúðirnar voru reistar 1926 og þar höfðu sjómenn vinnuaðstöðu og afdrep um langan aldur en á síðustu árum voru margar verbúðanna eingöngu nýttar sem geymslur. Gamla höfnin tilheyrir Faxaflóahöfnum og þar á bæ vildu menn gjarna fá meira líf við höfnina. Í ársbyrjun 2010 buðu þeir van-

nýtt húsnæði til leigu og skyldi það nýtt til starfsemi sem einkum hefði aðráttarafl fyrir ferðafólk. Þeir sem fengu inni með starfsemi sína endurnýjuðu innviði gömlu verbúðanna en leyfðu þó karakter bygginganna að njóta sín eins og hægt var. Flestir eru á því að afar vel hafi tekist til og svæðið er að verða með vinsælustu áningarstöðum í borginni. Við gömlu höfnina er allt frá hvalaskoðunarfyrtækjum til handverks-

fólks – og allt þar á milli. Ferðafólk, sem og landsmenn allir, geta því á einu svæði fundið mjög margt til að skoða og njóta. Þeir aðilar sem þarna starfa hafa sameinast um að standa fyrir margs konar uppákomum, og þá undir merkinu Gamla höfnin eða The Old Harbor Village. Meira á vefsíðunni www.oldharborreykjavik.com



Innihald sjúkrakassa

Nauðsynlegt er að sjúkrakassinn í bílnum sé í lagi í hverri ferð – slysin gera jú ekki boð á undan sér. Í reglum um sjúkrakassa segir: „Innihald áskilins sjúkrakassa skal vera skv. fyrirmælum landlæknis. Áskilinn sjúkrakassi skal vera merktur skráningarnúmeri bifreiðar.“ Sjúkrakassinn á alltaf að vera í lagi en leiðsögumenn þurfa að fullvissa sig um að svo sé áður en lagt er af stað. Verði ný reglugerð um öryggismál samþykkt, með nýjum lögum um skipan ferðamála, þá gæti verið þar ákvæði sem segir að ferðaskrifstofa þurfi að láta leiðsögumanni í té lítinn sjúkrakassa/-poka með því allra nauðsynlegasta til að hafa með í þeim gönguferðum sem farið er með ferðamennina. Á vef Landlæknis – Lýðheilsustöðvar kemur þetta fram um sjúkrakassann en að auki þarf verkjalyf sem fást án lyfseðils.

Notkunarreglur:

Í sjúkrakassanum á að vera listi yfir innihald. Mikilvægt er að notandi kynni sér innihald kassans og viti hvernig á að nota innihald hans

- Mikilvægt er að fara fyrir kassann reglulega. Ath. þau gögn sem eru dauðhreinsuð í kassanum hafa takmarkaðan endingartíma.
- Best er að nota kassa sem hægt er að fara með að hinum slasaða.
- Gætið þess að þvo ykkur um hendurnar áður en byrjað er að eiga við sár.

- 1 rúlla plástur (bréfplástur, heftiplástur)
- 1 lítil skæri (stálskæri)
- 1 góð flísatöng (rifflluð)
- 1 stk. 10 sm krepbindi (teygjubindi)
- 1 stk. 7,5 sm krepbindi (teygjubindi)
- 1 pk. skyndiplástur 4 sm (tauplástur)
- 1 pk. skyndiplástur 6 sm (tauplástur)
- 1 fetill (þríhyrningur)
- 1 stk. 160 ml. saltvatn 0,9%
- 5 bómullarpinnar í lokuðu plasti (plastfilmu)
- 1 pk. 10x10 sm. vasilíngrisja
- 1 pk. 5x5 sm. vasilíngrisja
- 1 stk. sprauta 15 ml.
- 1 pk. 10x10 sm. grisjur (5 stk.)
- 2 pk. 10x10 sm. grisjur (1 stk.)
- 1 pk. 5x5 sm grisjur (5 stk.)
- 2 pk. 5x5 sm grisjur (1 stk.)
- 2 pakkar af límrenningum í mismunandi stærð (klemmuplástur)
- 2-3 pk. sáraservéttur – einungis til að þvo hendur áður en búið er um sár
- 1 augnsgolglas
- 1 par af einnota hönskum
- 1 stk. einnota blástursgríma (vörn gegn smiti)

SVONA ER STARFIÐ...

Þá heyra allir



Alltaf er gott að fá ábendingar um hjálpartæki sem geta auðveldað okkur lífið í vinnunni. Að minnsta kosti tveir leiðsögumenn hafa komið sér upp s.k. hátalaravesti, sem er græja sem gerir það að verkum að allir í ferðamannahópnum heyra í leiðsögumanninum jafnvel í sterkri golu! Hægt er að kynna sér græjuna á vefsíðu framleiðandans: <http://www.crevoice.se/>

Friðrik Brekkan, félagi okkar, getur útvegað svona vesti með afsætti fyrir íslenska leiðsögumenn, ef áhugi er fyrir hendi.

Nokkrir leiðsögumenn hafa líka fengið að prófa að ganga um með hóp þar sem þeir eru með

þráðlausan aðalsendi á sér, sem sendir það sem þeir segja til fólksins í hópnum, en fólkíð er þá líka með þráðlausan sendi með heyrnartólum. Þannig heyra allir það sem sagt er, hvort sem þeir eru alveg hjá leiðsögumanninum eða aftast í röðinni.

Öll vitum við hvað það er þreytandi að halda á og tala í þungan og illa staðsettan míkrofón í langferðum; að ekki sé talað um í hringferðum. Mun betra er að vera með míkrafóninn í höfuðbúnaði – og langbest væri að hafa hann þráðlausan, því þá væri hægt að hreyfa sig um í rútunni með hann.



Ferðatengdir
málshættir
og orðatiltæki

Líósmynd: © Ragnar Th. Sigurðsson

Fall er fararheill
Kemst þótt hægt fari
Ekki eru allar ferðir til fjár
Betri er krókur en kelda
Margur á sínum fótum fjör að launa
Haga skal seglum eftir vindi
Glögg er gests augað
Að ríða á vaðið
Að fá fyrir ferðina
Að tefla á tæpasta vað
Að fara fram á ystu nöf
Að tjalda til einnar nætur

(Svo er bara að þýða þetta á viðkomandi tungumál ...)

VELKOMIN Í SVEITINA



Ferðapjónusta bænda býður upp á fjölbreytta gistingu hjá **180 ferðapjónustuaðilum** um allt land - sveitahótel, gistihús, sumarhús, heimagisting, svefnpokaþláss og tjaldsvæði. Mikið úrval afþreyingar og áhersla á mat heima úr héraði, með sjálfbærni og persónulega þjónustu að leiðarljósi.

Búðu til þína eigin ferðaáætlun á **sveit.is** og leitaðu eftir burstabæjarmerkinu á leið þinni um landið!



Ferðapjónusta bænda · Síðumúla 2 · 108 Reykjavík
Sími 570 2700 · sveit@sveit.is · www.sveit.is



ferðapjónusta bænda

Reykjanes

Fréttir frá upplýsingamiðstöð Reykjanes



Fimm sýningar á einum stað

Víkingaheimar hafa gengið gegnum mikla endurnýjun og fjölbreytnin aukin. Á útisvæðinu er m.a. ný útikennslustofa þar sem hægt er að vera með hvers konar fræðilega vinnu fyrir hópa. Yfir sumarmánuðina er landnámsdýragarður á svæðinu og sérstakt leiksvæði þar sem víkingaleikir og íþróttir eru í fyrirrúmi. Í jaðri útisvæðisins er svo þurrabúðin Stekkjarkot, sem er tilgátuhús.

Inni eru fimm sýningar: í fyrsta lagi er þar Íslendingur, víkingaskipið sem sigldi til Ameríku árið 2000 og allt sem þeirri siglingu fylgdi. Sýningin Víkingar Norður-Atlantshafsins, um siglingar og landnám norrænna manna, hefur verið endurnýjuð en hún var sett var upp í samstarfi við Smithsonian stofnunina í Bandaríkjunum. Þriðja sýningin í húsinu eru merkar fornleifar af Suðurnesjum og má þar nefna gripi úr Hafurbjarnarkumlinu og gripi úr nýjustu rannsókn-

inni í Höfnum. Fjórða sýningin er kynning á helstu sögslóðum á Íslandi, unnin í samstarfi við Samtök um sögutengda ferðapjónustu. Örlög goðanna kallst svo fimmta sýningin en hún er um norræna goðafræði. Þar eru raktar ýmsar þekktustu sögurnar af norrænum goðum með einstökum leikmyndum eftir listakonuna Kristínu Rögnu, tónlist eftir Hilmar Örn allsherjargoða ásamt texta á fjórum tungumálum, sem Ingunn Ásdísardóttir þjóðfræðingur tók saman.

AF STAÐ á Reykjanesið

„AF STAÐ á Reykjanesið“ er verkefni sem ætlað er að hvetja til gönguferða og auka þekkingu á menningu og náttúru Reykjaneskagans. Hluti þess er veggspjald til kynningar á gönguleiðum en jafnframt eru leiðarlýsingar og skipulagðar ferðir með leiðsögn um Skagann. Slíkar ferðir hófust sumarið 2006 og hafa verið ár hvert í maí og um verslunarmannahelgina. Það er Sigrún Jónsdóttir Franklín leiðsögumaður á Reykjanesi, eða sjf menningarmiðlun, sem stendur

fyrir verkefninu. Fjöldi áhugaverðra gönguleiða eru á svæðinu en Ferðamálasamtök Suðurnesja hafa látið stika þjóðleiðirnar. Á þeim eru margar vörður eða vörðubrot sem bera sögunni þögnult vitni og gular stikur hafa verið settar við margar þeirra svo auðvelt sé að fylgja þeim. Hægt er að fá myndkort af Reykjanesinu, sem byggir á stafrænum gagnagrunni Loftmynda ehf., og leiðarlýsingar hafa verið gefnar út fyrir Garðstíg, Sandgerðisveg, Árnastíg og Skipsstíg. Þær miðast m.a. við ákveðin númer á stikum þar sem tilvalið er að staldra við og lesa fróðleik um náttúruna og mannlífið.

Árið 2007 kom út ritið Sagnaslóðir á Reykjanesi 1 en það byggist á efni sem leiðsögumenn Reykjanes hafa flutt á sagnakvöldum víðs vegar á Suðurnesjum. Auk þessa hefur sjf menningarmiðlun staðið fyrir Náttúruviku á Reykjanesi, ratleikjum, sagnakvöldum og ýmsum viðburðum.

Vorferð 1982

Hefð er hjá félaginu að fara í vorferð og þykja þær yfirleitt mjög vel heppnaðar. Þar gefst gott tækifæri fyrir félagsmenn að efla tengslin sín á milli og svo eru þær liður í gagnlegri símenntun.

Um hvítasunnuna 1982 var farið á Snæfellsnes og Áslaug Marinósdóttir tók þá þessar skemmtilegu myndir. Einnig ritaði hún pistil um ferðina, ásamt Helgu Þórarinsdóttur, sem birtist í ágústhefti Félagsblaðsins það sama ár og við nýtum hér til að segja örlítið frá ferðinni.

Jón Árnason, skólastjóri og Snæfellingur var fararstjóri – en sagði í upphafi ferðar að hann ætlaði ekki að segja neitt fyrr en komið væri vestur fyrir Hítará því „á meðan Snæfellingar þegðu, lygju þeir mest.“ Hópurinn áði í Fögrubrekku, vestan Hítarár, sem sumir nefna Ástarbrekkur, síðan var gengið á Eldborg þótt enginn þekkti „réttu“ gönguleiðina. Ölkelda var skoðuð og bragðað á vatninu, sem á að vera allra meina bót. Þess þarf þó að gæta að drekka vatnið sem er við botn ölkeldunnar en ekki við yfirborðið. Að Staðastað var skoðaður nýreistur minnisvarði um Ara fróða. Hópurinn gisti svo á hótelinu að Búðum og var svo þröngt í sumum herbergjum að ekki var hægt að opna hurðina þegar allir voru lagstir til hvílu. Næsta dag var ferðinni



Björg Valgeirsdóttir, Jón Árnason, í einkennisbúningi leiðsögumanna á þessum tíma, og Þuríður Finnsdóttir.

heitið í kringum jökul og m.a. ekið að Djúpalóns-sandi eftir veginum sem kvenfélagið lét leggja. Um kvöldið var haldin dúndrandi kvöldvaka með söng og dans langt fram á nótt. Ferðinni var síðan haldið áfram um Nesið og skoðað og fræðst um allt milli himins og jarðar. Búlandshöfði skoðaður, kirkjan á Bjarnarhöfn og bent á Berserkjagötuna sem sést vel frá mótum afleggjarans út í Bjarnarhöfn og Snæfellsvegur. Síðasti viðkomustaðurinn var kirkjan í Miklaholti sem reynst hefur mörgum góð til áheita.



Þóra Hallgrímsson, Áslaug Marinósdóttir, Björg Valgeirsdóttir, starfsmaður Járnblandisins og Karólína Geirsdóttir.



Hjördis Björnsdóttir, Erna Guðmarsdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir, Hans Clausen, Örn Svavarsson og Kládía Röbertsdóttir.

Nýjar dagsferðir með leiðsögn




GOLDEN CIRCLE AND KERLINGARFJÖLL
HIGHLAND RESORT DAY TOUR



THE FULL GEYSIR, GULLFOSS AND THINGVELLIR DAY TOUR

Afternoon tour



REYKJANES PREMIUM AND THE BLUE LAGOON
A FULL DAY IN THE VOLCANIC REYKJANES PENINSULA



Single tickets

Bus passports

Day tours



WWW.STERNATRAVEL.COM

Ticket Desk
Reykjavík
BSÍ
101 Reykjavík
+354 551 1166

Ticket Desk
Akureyri
Hafnarstræti 77
600 Akureyri
+354 551 1166

Book on-line at
www.sterna.is
sterna@sterna.is
We are on
Facebook

Til gagns og gamans fyrir leiðsögumenn

Til hægðarauka er hér skrá yfir rit og efni sem komið hefur út á undanförunum árum og gagnast gæti leiðsögumönnum. Útgefendum var boðið að miðla upplýsingum um slíkt efni og þetta er afkrasturinn. Að sjálfsgöðu er ekki um tæmandi skrá yfir ferðatengt efni að ræða en vonandi koma leiðsögumenn hér auga á eitthvað sem þeir vilja kynna sér betur.

Landkynning

50 Crazy things to do in Iceland. Bráðskemmtileg og frumleg bók sem sýnir 50 „kreisi“ hluti sem hægt er að upplifa, skoða á Íslandi. Salka, 2008.

50 Crazy romantic things to do in Iceland. Bráðskemmtileg og frumleg bók sem sýnir 50 „kreisi“ hluti sem hægt er að upplifa, skoða á Íslandi. Salka, 2009.

101 Ísland. Vísad til vegar á 101 stað í alfaraleið við þjóðvegi landsins. Forlagið, 2008.

Aðventa á fjöllum. Sigurjón Pétursson/Dóra Hrönn Njáladóttir. Ljósmyndabók með vetrarmyndum af Mývatnsöræfum og stuttum textum úr Aðventu Gunnars Gunnarssonar. Einnig ljósmyndir frá Sæluhúsinu við Jökulsá og áletrunum ferðamanna á þil hússins í heila öld. Sýning í Þjóðminjasafni Íslands á myndum var opnuð í apríl 2012. Salka, 2012.

Best of Iceland. Handhæg smábók sem inniheldur blöndu af fróðleik, upplýsingum og myndum af landi og þjóð, á ensku, þýsku og frönsku. Forlagið, 2008.

Focus on Iceland/ Focus auf Island. Rafn Hafnfjörð/Ari Trausti Guðmundsson. Í bókinni eru 600 ljósmyndir eftir Rafn og frásagnir eftir Ara Trausta um helstu ferðamannastaði á landinu. Salka, 2008/2011.

Golden Circle. Aðgengileg og handhæg smábók um „gullna hringinn“ með blöndu af fróðleik, upplýsingum og myndum af landi og þjóð. Bókin er á ensku, þýsku og frönsku. Forlagið, 2008.

The Golden Circle and Blue Lagoon og Der Goldene Ring und die Blaue Lagune. Gunnstein Ólafsson. Með myndum og stuttum skýringatextum er sagt frá merkilegum stöðum á suðvestanverðu Íslandi. Á ensku og þýsku. Veröld, 2007.

The essence of Iceland. Kristján Ingi Einarsson/Ari Trausti Guðmundsson. Ljósmyndir eftir Kristján Inga og stemningsljóð eftir Ara Trausta. Á ensku, þýsku og frönsku. Salka, 2009.

Iceland 360° - The top ten places/Tíu fallegir staðir. Vilhelm Gunnarsson. Tíu fallegir staðir skoðaðir frá nýju sjónarhorni. Texti eftir Jónas Guðmundsson leiðsögumann, á íslensku og ensku. Salka 2011.

Iceland - A Fiery Soul. Í myndum og máli er brugðið upp heildstæðri mynd af Íslandi og Íslendingum. Á ensku og ítölsku. Forlagið, 2008.

Iceland flying high. Ljósmyndabók um íslenska náttúru – teknar úr lofti. Á ensku, frönsku, ítölsku og þýsku. Forlagið, 2008.

Iceland in motion. Olivier Grunewald. Bók með fjölda áhrifamikilla litaljósmynda af náttúru Íslands. Forlagið, 2012.

Iceland on Fire – Eldur uppi. Vilhelm Gunnarsson. Lítil falleg myndabók um Eyjafjallajökulsgosið. Formáli á íslensku og ensku. Salka, 2010.

Iceland so Quiet: Kristján Ingi Einarsson, formáli: Ari Trausti Guðmundsson. Myndabók í litlu, handhægu broti á ensku, japönsku og kínversku. Salka, 2010.

Ísland í nærmynd. Thorsten Henn. Ljósmyndabók á íslensku, ensku og þýsku. Forlagið, 2009.

Little big book about Iceland. Lítil ljósmyndabók með myndum Sigurgeirs Sigurjónssonar. Forlagið, 2009.

Made in Iceland. Sigurgeir Sigurjónsson. Landslags-

myndir frá öllum landshlutum og eftirminnilegar mannlífsmýndir. Einnig á ensku, frönsku og þýsku. Forlagið, 2007.

Northern Lights. Blanda af fróðleik, upplýsingum og myndum af landi og þjóð. Á ensku, þýsku og frönsku. Forlagið, 2008.

Real Iceland. Páll Ásgeir Ásgeirsson. Spaugilegir en sannir fróðleiksmolar um Ísland sem auðga skilning á landinu. Forlagið, 2009.

Reykjavík. María Alva Roff. Borgin við Sundin séð með auga gests sem tengst hefur henni sterkum böndum. Bókin er til á ensku og þýsku. Veröld, 2007.

Volcano Island. Sigurgeir Sigurjónsson. Myndir af gosunum í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi ásamt fróðleik um gosin og jarðsögu Íslands. Forlagið, 2010.

Handbækur

25 Beautiful Walks. Reynir Ingibjartsson. Leiðarlýsingar um 25 gönguleiðir á höfuðborgarsvæðinu, ljósmyndir og kort fylgja. Salka, 2010.

Bíll og bakpoki. Páll Á. Ásgeirsson. Stuttar, viðröðanlegar gönguleiðir utan alfaraleiða. Forlagið, 2010.

Ferðahandbók fjölskyldunnar. Bjarnheiður Halldórs. Allir sem hafa ferðast með börn og unglunga vita að það gilda önnur lögmál um ferðalög með ungmennum en fullorðnum. Forlagið, 2007.

Hellahandbókin. Björn Hróarsson. Leiðsögn í máli og myndum um 77 hraunhella sem telja má aðgengilega og hættulitla fyrir ferðafólk. Forlagið, 2008.

Hornstrandir. Páll Ásgeir Ásgeirsson. Allar helstu gönguleiðirnar á svæðinu. Forlagið, 2007.

Icelandic colour knitting. Helene Magnússon. Falleg bók með ljósmyndum og þrjúnauppskriftum, hönnuðum eftir íslensku rósaleppamyndstíli. Salka, 2007.

Íslensk fjöll gönguleiðir. Ari Trausti Guðmundsson. Gönguleiðum á alla helstu tinda landsins lýst og birt kort af fjallinu og nágrenni þess. Forlagið, 2009.

Íslenskur jarðfræðilykill. Ari Trausti Guðmundsson. Kjörin handbók á ferðalögum um landið. Forlagið.

Kortabók MM. Örn Sigurðsson ritst. 60 ný kort í mælikvarðanum 1:300 000, gerð af Hans H. Hansen kortagerðarmanni. Forlagið, 2011.

Matsveppir í náttúru Íslands. Ása Margrét. Handhæg bók fyrir áhugafólk um sveppi og sveppatínslu. Forlagið, 2009.

Svarfaðardalsfjöll – genginn fjallarhingurinn umhverfis Svarfaðardal. Bjarni E. Guðleifsson, náttúrufræðingur og fjallgöngugarpur á Möðruvöllum í Hörgárdal, þrýdd fjölda korta og mynda. Bókaútgáfan Hólar, 2011.

Útivistarabókin. Páll Ásgeir Ásgeirsson. Stuttar lýsingar á um tuttugu spennandi gönguleiðum í nágrenni Reykjavíkur. Forlagið, 2005.

Vegahandbókin, Island Auto Atlas og Iceland Road Guide. Ný íslensk og þýsk útgáfa kemur út í sumar. Enska útgáfan verður óbreytt.

WHALE SPOTTING in Icelandic Waters. Kristján Arngrímsson. Myndskreytt bók um hvali við Íslandsstrendur, hvar þeir sjást og hvernig best er að þekkja þá. 2008.

Jarðfræði

Íslenska steinabókin. Einar Gunnlaugsson, Grétar Eiríksson, Kristján Sæmundsson. Um íslenska steinaríkið. Einnig á ensku. Forlagið, 2010.

Jarðfræðivefurinn. Oddur Sigurðsson o.fl. Gagnvirkur vefur sem skiptist í hlutana uppbygging jarðar, jarðskjálftar, eldgos. <http://www1.nams.is/jardfraedi/>. Námsgagnastofnun, 2009.

Vættir og börn

Folk and Fairy tales. Vinsælar íslenskar þjóðsögur og ævintýri sem notið hafa mikilla vinsælda. Fáanleg á ensku, frönsku, spænsku, sænsku og þýsku. Forlagið, 2010.

Hidden people. Brian Pilkington. Í einstökum teikningum og fræðandi texta er skyggst inn í híbýli álfa og huldufólks. Á ensku og þýsku. Forlagið, 2008.

Íslenskt vættatal. Árni Björnsson. Upplýsingar um álfa og huldufólk, tröll, dverga, kynjadýr, loftanda, jólasveina, formenn, landvætti, goðverur og drauga. Forlagið, 2010.

Ríkka and the magic ring in Iceland. Hendrikka Waage/Inga María Brynjarsdóttir. Barnabók með litríkum myndum. Salka, 2010.

Tales of the elves. Anna Kristín Ásbjörnsdóttir. Úr þjóðsögum Jóns Árnasonar, fallega myndskreytt. Texti á ensku, þýsku og frönsku. Bjartur, 2007.

World of the Viking Gods. Njörður P. Njarðvík. Heimildir um norræna goðafræði og heiðinn sið, sniðnar að þörfum enskumælandi lesenda. Forlagið, 2010.

Fólk og saga

Árið 1918. Helgi Grímsson. Lítið þemahefti um eftirminnilegt ár Íslandssögunnar: Kötlugos, frostavetur, spænska veikin og fullveldi þjóðarinnar. Námsgagnastofnun, 2009.

High days and holidays in Iceland. Útdráttur úr Sögu daganna á ensku. Forlagið, 2008.

History of Iceland. Aðgengileg og handhæg smábók með blöndu af fróðleik, upplýsingum og myndum af landi og þjóð. Á ensku, þýsku og frönsku. Forlagið, 2008.

History of Iceland. Jón R. Hjálmarsson. Ítarlegt yfirlit um sögu Íslands frá landnámi til nútíma. Á ensku og þýsku. Forlagið, 2009.

In the Footsteps of a Storyteller. Þorbjörg Arnórsdóttir. Fetað í fótspor Þórbergs Þórðarsonar, frá Hala í Suðursveit, og kynnst bernskulóðum hans. Göngubók á ensku og þýsku. Forlagið, 2010.

Íslandssaga í stuttu máli. Gunnar Karlsson. Handhægt yfirlit Íslandssögunnar. Einnig fáanleg á ensku og þýsku. Forlagið, 2009.

Sagas. Blanda af fróðleik, upplýsingum og myndum af landi og þjóð sem týst ferðamönnum vel. Á ensku, þýsku og frönsku. Forlagið, 2008.

Sagnaslóðir á Reykjanesi 1. Byggt á efni sem leiðsögumenn Reykjanes hafa flutt á sagnakvöldum víðs vegar á Suðurnesjum. Sjf menningarmiðlun, 2007.

Sögustaðir Íslands. Ómissandi ferðafélagi fyrir þá sem vilja þekkja sögu lands og þjóðar. Forlagið, 2008.

Þjóðsögur við þjóðveginn. Jón R. Hjálmarsson. Vegahandbók þar sem endursagðar eru ýmsar kunnar þjóðsögur og sagnir. Fáanleg á ensku og þýsku. Forlagið, 2011.

Dýra- og fuglalíf

Fjaran og hafid, 2. útg. Karl Gunnarsson, Jóhann Óli Hilmarsson o.fl. Vefefni með fróðleik um lífverur sem lifa í fjörum og hafinu. <http://www1.nams.is/hafid>. Námsgagnastofnun, 2010.

Fuglavefurinn. Jóhann Óli Hilmarsson. Vefefni með fjölbreyttum fróðleik um íslenska fugla. <http://www1.nams.is/fuglar/> Námsgagnastofnun, 2006.

Geitungar á Íslandi. Erling Ólafsson. Lítið þemahefti um geitunga sem dæmigerð skordýr hér á landi. Námsgagnastofnun, 2008.

Greiningarlyklar um smádýr. Hrefna Sigurjónsdóttir og Snorri Sigurðarson. Upplýsingavefur um smádýr sem finnast á landi, í fjörum og í vötnum. <http://www1.nams.is/smadyr/index.php>. Námsgagnastofnun, 2008.

Hestar. Sigurgeir Sigurjónsson. 160 blaðsíðna ljósmyndabók á íslensku, ensku og þýsku. Forlagið, 2008.

Hvalir. Jón Baldur Hlíðberg. Allar hvalategundir í tempruðum og köldum sjó Norður-Atlantshafsins. Einnig á ensku. Forlagið, 2010.

Íslenskur fuglavísir. Jóhann Óli Hilmarsson. Ítarleg umfjöllun um alla varpfugla og reglulega gesti á Íslandi, og getið fjölmargra árvissra flækingsfugla. Einnig á ensku og þýsku. Forlagið, 2011.

Lundinn. Jóhann Óli Hilmarsson. Í máli og myndum er fjallað um lífshætti lundans og bent á bestu lundaskoðunarstaðina. Einnig á ensku og þýsku. Forlagið, 2008.

Plöntur

Íslenska plöntuhandbókin. Hörður Kristinsson. 465 tegundir plantna, þar af margar sem hafa bæst við íslenska flóru á undanförunum árum. Einnig á ensku og þýsku. Forlagið, 2010.

Íslenskar lækningajurtir. Arnbjörg Linda Jóhannsdóttir. Um lækningamátt íslenskra jurta og úrval erlendra lækningajurta sem nálgast má hér á landi. Forlagið, 2011.

Plöntuvefurinn, 2. útg. Ágúst H. Bjarnason. Upplýsingar og myndir af rúmlega 100 íslenskum plöntu- tegundum, flokkaðar eftir búsvæðum, ásamt einföldu greiningarkerfi. <http://www1.nams.is/flora/>. Námsgagnastofnun, 2011.

Matur

50 Crazy things to taste in Iceland. Snæfríður Inga-dóttir/Þorvaldur Örn Kristmundsson. Bráðskemmtileg og frumleg bók sem sýnir 50 „kreisi“ hluti sem hægt er að smakka á Íslandi. Salka, 2009.

Delicious Iceland. Völundur Snær Völundarson. Höfundurinn ferðast um Ísland og sækir sér hráefni í eldamennsku. Ljósmyndir frá spennandi stöðum og fjölbreyttar uppskriftir. Bókin fékk Gourmand-verðlaun sem besta matreiðslubókin með upplýsingaívafi árið 2007. Völundur Snær er með þætti sem heita Delicious Iceland á BBC lifestyle og víðar um heim. Salka, 2007.

Enjoy – verði þér að góðu – 32 restaurants in Reykjavík. Helga Aradóttir/Ari Trausti Guðmundsson. Höfundarnir heimsækja helstu veitingastaði í Reykjavík og gefa þeim umsögn. Salka, 2010.

Silver of the Sea. Völundur Snær Völundarson. Bók um allar fisktegundir við Ísland; upplýsingar, stór ljósmynd og teikning af hverri tegund fyrir sig ásamt gírnilegri uppskrift. Salka, 2011.



TIL HAMINGJU FÉLAG LEIÐSÖGUMANNA

Við hjá Gentle Giants og Völli Snær bjóðum ykkur velkomin til okkar í sumar í affreyningu og mat. Fjölbreyttar ferðir og nýjungar í matargerð.....spennandi!



Hefurðu prófað

Þinsælustu ferðirnar okkar?

GG1 - Whale Watching - 3 klst

GG6 - Puffins Exclusive - 1 klst

GG7 - Big Whale Safari - 2,5 klst

UPPLÝSINGAR
OG BÓKANIR
Sími: 464 1500
www.gentlegiants.is
info@gentlegiants.is

SÍÐAREGLUR LEIÐSÖGUMANNA

1. Leiðsögumaður skal ávallt vinna starf sitt af alúð og fylgja í hvívetna reglum þessum á þann veg að til álitsauka sé fyrir hann sjálfan og stéttina í heild.
2. Leiðsögumanni ber að vera snyrtilegur til fara við störf sín og haga svo klæðaburði sínum, málfari og allri framkomu að hann komist hjá að vekja andúð farþega, almennings, starfsfólks ferðapjónustunnar eða atvinnurekenda síns.
3. Leiðsögumaður skal jafnframt gæta stundvísi í starfi.
4. Réttindamerki Félags leiðsögumanna skal félagsmaður ætíð bera við störf sín svo að það sjáist.
5. Leiðsögumanni ber að sýna lipurð og tillitsemi í umgengni við farþega og starfsmenn og gæta fyllstu reglusemi í ferðum. Leiðsögumanni ber að tileinka sér þá háttsemi að aðstoða og vinna með öðrum leiðsögumönnum þegar svo ber undir og sé þess óskað. Þegar margir ferðamannahópar eru samtímis á tilteknum stað skulu leiðsögumenn sýna hverjir öðrum fyllstu tillitsemi.
6. Mikilvægt er að gott samstarf ríki milli leiðsögumanns og bifreiðarstjóra og á leiðsögumaður að leggja sitt af mörkum til að svo megi verða.
7. Leiðsögumaður uppfylli skyldur sínar gagnvart atvinnurekanda sínum af nákvæmni og samviskusemi. Leiðsögumanni ber að fara að fyrirætlum og ferðaáætlunum atvinnurekanda síns svo sem frekast er kostur og hafa við hann samráð um allar aðkallandi breytingar.
8. Leiðsögumaður skal forðast orð og athafnir sem kasta rýrð á land okkar, þjóð og lífsvenjur. Leiðsögumaður skal ávallt miðla upplýsingum um land og þjóð á grundvelli staðreynda og haldbærrar þekkingar sinnar. Hann skal skýra satt og rétt frá því sem fyrir augu ber og sýna óhlutdrægni í starfi. Forðast ber að særa þjóðernisvitund manna sem og að mismuna farþegum. Veita ber farþegum réttar upplýsingar um þjónustu. Ekki er við hæfi að leiðsögumaður stundi eigin solumennsku né gangi erinda einstakra viðskiptahagsmuna, áskilji sér ókeypis veitingar eða umboðspóknun.
9. Leiðsögumaður má ekki taka að sér verkefni sem hann er ófær um að leysa fullnægjandi af hendi, t.d. vegna ónógrar tungumálakunnáttu, nema óhjákvæmilegt sé og þá í samráði við viðkomandi atvinnurekanda.
10. Hafi leiðsögumaður tekið að sér verkefni er honum óheimilt að setja eða ráða annan í sinn stað, án samráðs við atvinnurekanda, nema um neyðartilvik sé að ræða.
11. Brot á reglum þessum getur varðað við áminningu frá stjórn félagsins og sé um ítrekað brot að ræða getur það varðað við brottvikningu viðkomandi úr Félagi leiðsögumanna. Málefni er varða ófélagsbundna leiðsögumenn skulu tekin upp við viðkomandi atvinnurekanda og/eða viðsemjenda félagsins. Leiðsögumönnum ber ávallt að hafa í heiðri einkunnarorð félagsins:

Landinu virðing, lífinu hlýja.

Reglur þessar voru samþykktar á framhaldsaðalfundi Félags leiðsögumanna 17. mars 1999.



AFMÆLISDAGSKRÁ

29. SEPTEMBER 2012

- » Leiðin liggur til Þingvalla þar sem staldrað verður við um stund, notið fræðslustundar og veitinga.
- » Þaðan liggur leiðin að Laugarvatni þar sem tekið verður á móti okkur í Fontana bõðunum. Afslóppun og notaleg stund í fögru umhverfi.
- » Andlega ferðalagið kemst á flug í Skálholti.
- » Við komumst niður á jörðina í Veiðisafninu á Stokkseyri og að því loknu er komið að næringu fyrir líkama og sál á veitingastaðnum Við fjöruborðið.
- » Að málsverði loknum er afmælisgestum ekið til baka.

MORGUNVERÐAR MÁLÞING

26. OKTÓBER 2012

- » Morgunverðar málþing verður haldið að Grand Hótelu kl. 8:30-10:30.
- Um fjöllunarefni:**
Aðgengi, umgengni og framtíð ferðamannastaða á Íslandi.

FÉLAG LEIÐSÖGUMANNA

1972 *40* ára 2012

Félagsmenn fá nánari upplýsingar um afmælisdagsskrána og málþingið þegar nær dregur.

TÖKUM DAGANA STRAX FRÁ OG FÖGNUM SAMAN 40 ÁRA AFMÆLI FÉLAGSINS OKKAR

KOMDU VIÐ OG FÁÐU ÞÉR KAFFISOPA!

Á Álafossi er aldargömul saga ullariðnaðarins enn sýnileg í einni af stærstu ullar- og minjagripaverslun landsins. Við kappkostum að vera með mesta úrvalið og samtvinnum það við gamlar vélar og aðrar minjar í húsi gömlu ullarverksmiðjunnar. Frábært að stoppa með Þingvallahópa og sameina söguskoðun og verslun í notalegu umhverfi fjarri skarkala miðborgarinnar.



ÁLAFOSS

ÁLAFOSSVEGI 23, MOSFELLSBÆ

OPIÐ VIRKA DAGA: 9:00 - 18:00 & LAU: 9:00 - 16:00

Hægt er að ná í okkur utan opnunartíma í 5666303



www.alafoss.is

Ekki keyra bara framhá!

Það leynast ævintýri á Íslandi...

Sjókayak, Ísafjörður

Hver vill ekki segja "góðan daginn" við forvitinn sel, "slappaðu af" við brjálaða kríu, "má ég eiga þig" við krúttlegan ref eða "VÓÓÓÓ" við nokkra tonna hval? Nú er tækifærið! Þú ert á Vestfjörðum sem er sjókayak paradís Íslands.

Flúðasigling, Skagafjörður

Þú ert ekki maður með mönnum fyrr en þú hefur látið Austari Jökulsá tuska þig til! Adrenalínið fær þig til að gleyma áhyggjum hversdagsins og hlæja af geðshræringu.

Hellaskoðun, Mývatn

Þér mun líða eins og Lísu í Undralandi þegar að þú skríður í gegnum þröng hraungöng og stígur inn í glitrandi ísveröld Lofthellis þar sem ótrúlegar ísmyndanir og grýlukerti taka á móti þér.

Ganga, Víknaflóðir

Litrík fjöll og álfar munu eiga hug þinn allan á þessu best skipulagða göngusvæði á Íslandi. Það mun enginn útivistaráhugamaður verða svikinn af þessari afskekktu náttúruparadís.

Fjallganga, Snæfellsjökull

Að standa á toppi hins ævintýralega Snæfellsjökuls er ógleymanleg lífsreynsla sem enginn íslenskur útivistarunnandi ætti að láta framhá sér fara. Njóttu útsýnisins í öruggum höndum færustu jöklamanna landsins.

Snorkeling, Silfra

Njóttu þess að svífa þyngdarlaus í kristaltæru bergvatninu á meðan þú virðir fyrir þér eitt best geymda leyndarmál Íslands.

Snjósleði, Langjökull

Verum raunsæ, það er ekki lengur 2007 svo ef þú átt ekki snjósleða nú þegar þá ertu ekki að fara að taka lán fyrir honum á morgun! En þú getur tekið sms lán fyrir snjósleðaferð!

Jeppa safarí, Fjallabak

Hefur þú keyrt yfir jökulá, fjalls-hrygg, fannhvítan jökul eða bik-svarta eyðimörk? Ekki reyna það á Yaris! Fjallajeppar eru nauðsynlegir til að kanna óbyggðirnar.

Jöklaganga, Skaftafell

Þú ert Íslendingur svo það segir sig sjálft að þú verður að komast í návígi við skriðjökul a.m.k. einu sinni á lífsleiðinni. Hversu töff er líka að vera í mannbroddum með ísexi á prófflmynd á facebook?

